

Skýrsla kennsluteyma



2019 - 2020

Inngangur

Í skýrslunni fara teymin í gegnum það sem verið er að gera í hverjum árgangi allt skólaárið. Markmiðasetningu, skipulagi á kennslu og námsmati og framkvæmd á þessum þáttum. Með vinnunni er markvisst tekið saman og ígrundað hvað er gert, hvernig bjargir eru nýttar og hvernig teymin vilja halda áfram.

Teymin skoða kennsluáætlanir í öllum fögum, bera saman námsmarkmið í kennsluáætlunum og Mentor og vinna að samræmingu og lagfæringum sem þarf. Einnig ígrunda þau hvernig skráningarkerfi í Mentor er notað og þá möguleika sem þar eru til staðar í formi lotu- og verkefnaskráninga.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. bekkur	4
2. bekkur	8
3. bekkur	12
4. bekkur	15
5. bekkur	20
6. bekkur	28
7. bekkur	34
8. bekkur	40
9. bekkur	46
10. bekkur	51
Íþróttakennsla	56
List- og verkgreinar	59
Heimilisfræði	59
Textílmenn	60
Myndmenn	62
Dans	65
Smíðakennsla	68
Sérkennsla	72
Sérkennsla á miðstigi: 4., 5. og 6. bekkur.	72
Sérkennsla í 9. og 10. bekk	74

1. bekkur

Arna Benný, Garðar og Ólöf. Öll í 100 % starfi. 52 nemendur og 2 sérkennarar, Margrét og Rósa Mjöll

Tveir hópar úr 1. bekk komu í Sjónarhól í vetur. Breytilegur fjöldi í hópum, 4-5 nemendur. Alls voru 11 kennslustundir fram að covid. Hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá Lesskimun í okt. og lesfimiþrófum. Nemendur fylgdu námsefni bekkjarins að mestu leyti. Lögð var áhersla á að nemendur lærðu stafina og hljóð þeirra. Eins var unnið með hljóðgreiningu, orðaforða og hugtakaskilning.

Sérkennari í Hlíðarfjalli tók út hópa eða var inni í bekk í samtals 7,5 kennslustundir í viku fram að covid. Hópastærðir frá þremur nemendum upp í fjóra. Nemendur fylgdu námsefni bekkjarins að mestu leyti. Nemendur voru undirbúnir fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi auk þess að vera undirbúnir fyrir uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Unnið var með félagsfærni, samskipti, málörvun, stuðning í lestri og stærðfræði.

Engir nemendur eru með einstaklingsnámskrá sem stendur heldur er unnið eftir viðmiðum árgangsins.

Lífsleikni - Uppbyggingarstefnan

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Uppbyggingarstefnan kom að vissu leyti inn í ákveðnar kennslustundir. Auk þess voru teknir ákveðnir tímar í uppbyggingu þar sem unnið var með bekkjarsáttmála, þarfirnar og gildin. Bekkjarfundir voru haldnir vikulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Við notuðum efni og glærur á samgögnum um uppbyggingarstefnuna. Lífsleikni og uppbygging gekk vel í vetur. Við hefðum getað notað og kynnt fyrir þeim verkfæri uppbyggingarstefnunnar oft og gefið okkur meiri tíma í það.

Íslenska

Í íslensku var unnið með ýmsar bækur eftir aðferðum Byrjendalæsis. Einnig var unnið með bækurnar Lestrarlandið vinnubók 1+ og 2+. Þar að auki voru unnin málfræði- og þematengd verkefni. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hvaða stafir voru lagðir inn. Aðaláherslan í vetur var á lestur, stafainnlögn ásamt allri vinnu sem henni viðkom og hljóðkerfisvitund. Reyndum eftir bestu getu að samþætta íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, textíl og samfélagsfræði. Lögðum áherslu á fjölbreytt verkefni þar sem notast var t.d. við leir, lpad, svampstafi og ritun í myndum og orðum. Við höfðum hugsað okkur að nota Osmo en gerðum það ekki en stefnum á að nota það í 2. bekk. Samstarf við sérkennara var afar gott og við skipulögðum allar kennslustundir í samráði við þá með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi. Tekin voru lesfimispróf, lesskimun og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu. Íslenskukennslan í vetur gekk mjög vel og var markviss. Við teljum að góður undirbúningur með gerð vetraráætlunar hafi skipt miklu máli. Þetta gaf okkur tækifæri til að vinna fjölbreytt verkefni og nálgast viðfangsefnin á mismunandi hátt.

Stærðfræði

Í stærðfræði var unnið með námsbækurnar Sproti 1a og 1b, nemendabók og æfingahefti. Þar að auki var unnið með ákveðna námsþætti í ýmis konar verklegri vinnu. Hver nemandi var einnig með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni. Í tengslum við stærðfræðileiðtogann voru nemendur látnir glíma við opin dæmi og þrautir voru lagðar fyrir nemendahópinn. Einnig voru nemendur að vinna á Ipad í hringekju ásamt því að leysa verkefni á göngum skólans eða úti. Á vordögum byrjuðum við í fyrsta kafla í Sprotu 2A. Við vorum að vinna með grunnþætti stærðfræðinnar. Tölurnar 1-20, samglangningu, frádrátt, flokkun, form og mynstur. Lögð var fyrir stærðfræðiskimun frá HA á vordögum. Stærðfræðikennslan gekk vel. Við reyndum að brjóta hana svolítið upp frá bókunum og stærðfræðileiðtoginn aðstoðaði við það. Við gripum í hjálpartæki eins og Ipada, kubba, og leir. Einnig spiluðum við töluvert, fórum í yatzy, sudoku, tangram ásamt fleiri stærðfræðispilum. Við höfðum hugsað okkur að nota Osmo en gerðum það ekki en stefnum á að nota það í 2. bekk.

Samfélags og náttúrugreinar

Í samfélags- og náttúrugreinum voru unnin verkefni út frá Byrjendalæsisverkefnum sem unnið var með hverju sinni t.d. var unnið verkefni um húsdýr. Við notuðum enga námsbók en tókum hæfnimarkmiðin fyrir í kennslustundum hér og þar. Sem dæmi fræðsla um fyrstu landnámsmenn í Eyjafirði og síðan tengdum við það með vettvangsferð að styttnum. Hefðum getað lagt meiri áherslu á samfélagsfræðigreinar t.d. með meiri samþættingu við Byrjendalæsi.

Enska

Enska var kennd í hringekju þar sem hlustað var á söngva og unnið með liti, dýr og tölurnar. Við lögðum ekki mjög mikla áherslu á ensku enda eru ekki mörg hæfnimarkmið í 1. bekk. Við reyndum að gera kennsluna skemmtilega og áhugaverða. Kenndum í gegnum leik og söng. Ensku kennslan gekk vel.

List- og verkgreinar

Við notuðum hringekju til að vinna ákveðin verkefni í textíl og myndmennt. Smíðaverkefni var unnið jólaþema. Málað og fönðrað mikið fyrir jól og páska. Ákveðin verkefni voru svo unnin sem samþættingu við Byrjendalæsi. Dans og söngur var reglulega á dagskrá hjá okkur í bekkjartímum og síðan var Söngvaflóð 1 sinni í viku. Hugarfrelsi var einnig iðkað reglulega sérstaklega í kórónaveirufaraldrinum. Upplýsingatækni var kennd í hringekju þar sem notast var við Ipad. Í heimilisfræði tókum við fyrir þau hæfnimarkmið sem við töldum okkur geta metið. List- og verkgreina kennsla gekk nokkuð vel. Við höfðum þó hugsað okkur að vinna annað smíðaverkefni á vorönn sem og að taka tíma í verklega heimilisfræði. Það var mjög gott að fá málningarvagn niður en það auðvelaði okkur að vera duglegri við listgreinarnar.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Hin árlega árshátíð var haldin í nóvember þar sem nemendur komu fram og sungu þrjú lög sem tengdust verkefnavinnu hjá okkur. Undirbúningur gekk vel og árshátíðardagurinn heppnaðist vel í heild sinni.

Í nóvember fórum við í heimsókn á Hólmasól þar sem nemendur fengu að taka þátt í leikskólastarfinu. Heimsóknin gekk vel og skemmtilegt samstarf þarna á ferðinni.

Í desember var unnið jólaþema á yngsta stigi út frá bókinni *Jólaþötturinn tekinn í gegn* eftir Brian Pilkington. Ekki hefur þessi saga verið tekin áður en hún er komin til þess að vera. Undirbúningur og jólaþemadagurinn gekk smurt og vel fyrir sig.

Okkur var boðið á Norðurljósatónleika í Hofi rétt fyrir jólin. Við löbбуðum niðureftir, hlustuðum, sungum og dönsuðum við fagra tóna og duttum í jólagírinn.

Í febrúar var haldin 100 daga hátíð við mikinn fögnuð. Eftirvæntingin var mikil hjá nemendum enda búnir að telja dagana spenntir það sem af var skólaárs. 100 daga hátíðin er í nokkuð föstum skorðum en það væri gott að fara yfir hana á haustdögum með yngsta stiginu og samræma.

Hin árlega ferð í fjallið var heldur nóturleg og endasleppt þetta árið. Vonandi verða veðurguðirnir í betra skapi næst.

Á vorönn var unnið þema í skólanum undir yfirskriftinni Akureyri bærinn minn þar sem 1.-5. bekkur vann saman fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Undirbúningur kennara hefði mátt byrja fyrir og vera samstilltari. Þemadagurinn heppnaðist þó mjög vel og var afar skemmtilegur.

Leikskólaheimsókn frá Hólmasól í mars heppnaðist vel og nemendur unnu verkefnahefti inni í bekk og fóru eftir það í mat með okkur.

Vorgrillsdagurinn var frekar kaldur en nemendur skemmtu sér ágætlega. Við höfðum andlitsmálningardag og teljum að það væri gaman að halda því inni, það var skemmtilegt uppbrot.

Vettvangsferðir

Fórum í tvær skautuferðir á haustönn sem lukkuðust vel. Mjög dýrmætt að vera boðið með árganginn tvisvar á skauta. Nemendur höfðu afar gaman af þessu og frábært tækifæri fyrir þá að fá leiðsögn frá þjálfurum sem héldu vel utan um hópinn.

Eftir umræður um landnám í Eyjafirði skoðuðum við styttuna af Helga og Þórunni við enda Helgamagrastrætis. Skemmtilegur göngutúr og fróðlegur.

Í kórónaveirufaraldrinum vorum við mjög dugleg að fara í skoðunar- og vettvangsferðir í nærumhverfi okkar ásamt því að heimsækja leikvelli bæjarins. Það voru gefandi ferðir, þjappaði hópnum félagslega saman og áhugavert að fylgjast með nemendum í frjálsum leik. Við áttuðum okkur betur á ýmsum félagslegum tengslum og sáum vel hverjir áttu erfitt uppdráttar.

Samvinna við aðra

Vinabekkur árgangsins var 6. bekkur. Við skipulögðum jólafondursdag með þeim þar sem við skiptum árgöngunum í hópa. Eldri nemendur hjálpuðu þeim yngri við að vinna ýmis fündurverkefni. Þessi fündurstund gekk mjög vel og gaman að sjá hversu vel eldri nemendur gáfu sig að þeim yngri. Við hittumst svo ekkert á vorönninni útaf sootlu 😊

Við áttum gott samstarf við starfsfólk á bókasafninu. Fórum með bekkina upp til að velja bækur í bókavagn stofunnar. Einnig voru þau hjálpsöm varðandi að finna bækur fyrir Byrjendalæsið þar sem við þurfum alltaf nokkur eintök af sömu bókinni.

10. bekkur kom á Litlu jólunum niður til okkar og leiddu nemendur upp á jólaballið. Það heppnaðist vel og styrkur fyrir yngri nemendur að hafa einhvern eldri með sér. Gefur líka eldri nemendum hlutverk á ballinu.

Samvinna á yngsta stigi hefur verið mikil og góð. Stærðfræðileiðtoginn hefur gengið vel, hópurinn samstilltur og jákvæður. Jólþemað gekk mjög vel og þar spilar gott samstarf og undirbúningur stóran þátt. Við höfum verið dugleg að leita til hvers annars og það hefur alltaf verið tekið vel á móti manni.

Einnig má nefna samstarfið við Skautahöllina sem gekk vel fyrir sig sem og Hof sem bauð okkur á tónleika.

Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra hefur gengið mjög vel í vetur. Við byrjuðum veturinn á hefðbundnum samtölum við foreldra sem við teljum mjög gott. Við sátum fundi með foreldrahópnum og stjórnendum í foreldrasamstarfinu 1-3-5-8. Það var vel mætt á þessa fundi. Á árshátíðardaginn komu foreldrar til að horfa árshátíðaratriðið okkar. Þeir kíktu svo niður í stofur og glugguðu í bækur og verkefni barna sinna, mæting var mjög góð. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra ásamt ástundun. Á haustönn tókum við milliviðtöl við nemendur og sendum ítarlegar upplýsingar heim til foreldra um niðurstöður viðtala og námslega stöðu hvers og eins. Á kórónuveirutímanum urðu foreldrasamskipti meiri í gegnum síma og tölvupóst. Að mestu leyti fengum við góð viðbrögð og vorum í miklum og góðum samskiptum. Frá sumum fengum við hálfgerða dagbókarfærslu senda vikulega úr heimaskóla barnanna sem var afar skemmtilegt að lesa og gagnlegt að fá að fylgjast með.

2. bekkur

Í 2. bekk voru 42 nemendur, 23 drengir og 19 stúlkur. Árganginum var skipt í tvo umsjónarhópa sem hafði hvor sinn umsjónarkennara, Gerði Geirsdóttur og Hjördísi Stefánsdóttur báðar í 100% starfshlutfalli. Tveir stuðningsfulltrúar voru í árganginum, Bryndís Baldursdóttir og Stefán Þór Ákason. Tveir skérkennarar komu að hópnum, Margrét Ingimundardóttir og Rósa Mjöll Heimisdóttir.

Nemendur úr 2. bekk komu í námsverið Sjónarhól í vetur, alls 5 kennslustundir á viku. Kennt var í námskeiðum fram að tíma COVID. Hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda, 4 – 5 nemendur í einu. Þörfin metin meðal annars út frá lesfimiprófum og Aston Index stafsetningarhluta. Í Sjónarhóli hefur verið lögð áhersla á að nemendur auki leskraða, eflist í réttitun og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með orðaforða og hugtakaskilning. Unninn ýmis lestrartengd verkefni í tengslum við Byrjendalæsis-bók sem unnið var með hverju sinni.

Í námsverið Hlíðarfjall komu hópar úr 2. bekk í alls 8,5 kennslustundir á viku, fram að COVID. Hópastærðir frá einum upp í fjóra nemendur. Unnið var með sjónrænt skipulag, félagsleg samskipti auk þess að undirbúa nemendur fyrir uppbrot í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Unnið var með félagsfærni, samskipti, málörvun, stafainnlögn, þætti sem tengjast undirbúningi lestrar, hugtakaskilning og markmiðum árgangsins í stærðfræði. Mikið var unnið t.d. með hlutbundið efni, myndir, spil, ípad, stærðfræðibækur og annað sem nýttist til að ná markmiðunum. Bæði var unnið eftir námskrám nemenda og markmiðum á mentor. Tvær námsskrár voru gerðar fyrir þá nemendur sem þess þurftu, sú fyrri í september og endurmetin í janúar og seinni í febrúar og endurmetin í lok maí. Námskrárnar og endurmat var svo sett í námsmöppu nemandans á mentor.

Námsumhverfi/skipulag

Árganginum var skipt upp í tvo umsjónarhópa. Þeim var líka skipt í fjóra hópa sem notaðir voru í sundi og hringekju.

Heimastofur eru tvær, ein stofa fyrir hvern umsjónarhóp. Tvær samliggjandi stofur á neðsta gangi. Lögð var áhersla á að hafa heimastofurnar hlýlegar og snyrtilegar. Gott og skýrt skipulag og uppröðun borða var breytileg í allan vetur. Sjónræn stundatafla sett upp á töflu fyrir hvern dag. Auk þess á borð hjá einstaka nemendum. Við notuðum tímavaka mjög mikið fyrir allan hópinn. Lestrarbækur voru hafðar sýnilegar og aðgengilegar. Kennslu- og hjálpargögn voru höfð sýnileg og aðgengileg. Félagsfærnisögur notaðar fyrir einstaka nemendur. Þær voru líka sendar heim til foreldra. Einnig voru þær lesnar fyrir allan hópinn fyrir stærri uppbrot á hefðbundinni stundatöflu.

Föstudagspóstar voru sendir út til foreldra í lok hvernar viku. Foreldrasamstarf hefur gengið með ágætum í vetur.

Námsgreinar

Innlagnir reglulegar þar sem nýir námsþættir voru kynntir og útskýrðir. Áhersla var lögð á umræður og tengingu við reynslu þeirra og daglegt líf. Fjölbreyttir kennsluhættir fylgdu í kjölfarið í öllum námsgreinum.

Unnið var út frá markmiðum og áætlunum í hverri námsgrein. Stuðst var við ýmsar kennslubækur og verkefni tekin af netinu. Oft einstaklingsmiðað eftir getu hvers og eins.

Uppbygging – Lífsleikni

Í upphafi vetrar gerðum við bekkjarsáttmála. Börnin völdu hvert sína þörf úr uppbyggingunni og skrifuðu nafn sitt á til að undirrita samninginn. Í vetur var bekkjarsáttmálinn oft rifjaður upp og mikilvægi hans ræddur. Hefðbundin vinna um hlutverk kennara og hlutverk nemenda fór fram með börnunum snemma á skólaárinu en hefði mátt vera sýnilegri. Nemendur fóru í sjálfsskoðun og teiknuðu sjálfsmynd og settu orð allt í kring sem lýstu hvernig persóna þau vildu vera. Myndin hékk upp á vegg í allan vetur. Notuð til þess að minna á og hvetja þau áfram. Myndin fór í ferilmöppu í vor. Reglulega í vetur var litahegðun rædd og eins að vera góður bílstjóri í eigin lífi. Einnig var farið í þarfir Uppbyggingarinnar. Einu sinni í viku héldum við bekkjarfundi. Mál rædd og leitað lausna. Á nokkurra vikna fresti tókum við fyrir ný gildi sem við tileinkuðum okkur og höfðum sýnileg í skólafestunni. Hróshringir voru notaðir og fleira nýtsamt og skemmtilegt.

Hugarfrelsi var fastur liður í stundaskránni okkar í vetur í hverri viku og oftar í covid – ástandinu.

Íslenska

Nemendur voru með eina stílabók í byrjendalæsi fyrir hverja önn þar sem þeir unnu flest verkefni í. Plastmappa var undir stök verkefni og laus blöð.

Megin markmið okkar var að efla læsi barnanna og lögðum við mikla áherslu á lestrarstundir þar sem nemendur fengu frjálsar hendur með val á bókum. Á meðan fóru kennarar og stuðningsfulltrúar á milli barnanna og hlustuðu á börnin lesa. Náðum því flesta daga. Einnig var unnið með paralestur, kórlestur o.fl. Byrjuðum á yndislestri alla morgna í 20-30 mínútur. Lesskilningur var kenndur í gegnum aðferðir byrjendalæsis með lestri á gæðatexta hann ræddur og farið í orðskýringar. Unnið var með bæði sögubækur og fræðibækur. Unnin voru ýmis lesskilningsverkefni skriflega og munnlega.

Nemendum var gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Flestir sinntu því vel en einhver misbrestur var þó þar á.

Í skrift er markmiðið að börnin skrifi vandaða og læsilega skrift. Við höfum lagt áherslu á það í byrjendalæsisvinnubókinni og einnig styðjumst við við kennslubækurnar Ítalíuskraft. Markmið okkar í ritun var að leggja áherslu á fyrirmyndar málsgreinar og upphaf miðju og endi í sögugerð. Unnið var með ritun á ýmsa vegu eins og frásagnir, endursagnir og sögugerð. Öll börnin gerðu til dæmis sína eigin álfabók þar sem þau bjuggu til sögu og myndskreyttu auk þess að búa til kápu utan um hana. Síðan lásu flestir söguna sína fyrir bekkinn. Nemendur unnu líka stundum í hópum að ritun, til dæmis í verkefninu um Emil í Kattholti.

Nemendur voru þjálfaðir í að tala fyrir framan bekkinn. Þeir kynntu verkefni sín og lásu upp. Einnig tjáðu sig allir á bekkjarfundum. Stór þáttur var líka textinn sem þeir fóru með á árshátíðinni.

Árshátíðarverkefnið okkar var Emil í Kattholti og unnum við mörg íslenskuverkefni í tengslum við það. Það var mjög skemmtileg vinna sem börnin sýndu mikinn áhuga. Námsmat byggðist á Lesmáli – lesskilning sem lagt var fyrir á vorönn. Aston Index stafsetningarhluta og lesfimi sem lögð var fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, september, janúar og maí.

Stærðfræði

Markmiðin voru að nemendur þjálfuðust í vinnu með tölurnar 1-100 bæði í samlagningu og frádrætti. Að þeir gætu nýtt sér einingu og tugi í reikniaðgerðum, þekktu sléttar tölur og oddatölur, gætu nýtt sér talnalínu, efldust í lausn þrauta og gætu sagt frá lausnaleyðum sínum.

Sproti 2a og 2b voru grunnbækur og kennarastýrðar.

Lagður var inn hver kafli og farið yfir með börnunum hvert markmið hans væri. Eftir hvern kafla tóku nemendur kaflapróf til að kanna stöðu hvers nemanda. Námsmat byggðist á kaflaprófum, miðsvetrarprófum og skimunarprófi frá HA.

Á yngsta stigi vorum við með lærdómssamfélag stærðfræði kennara í samstarfi við H.A. í sambandi við það lögðum við stærðfræðiþrautir fyrir börnin. Þau unnu í þörum eða hópum og þurftu síðan að útskýra sínar lausnaleyðir fyrir bekknum. Mörg af þessum verkefnum voru opin og börnin kynntust því að það gátu stundum verið margar réttar lausnir og hægt að fara mismunandi leiðir við að leysa verkefni.

Samfélagsfræði og náttúrufræði

Okkar helstu markmið voru að læra um nærumhverfið, örnefni, kennileiti, sögustaði og sögulegar byggingar. Einnig að börnin kynntust nokkuð landi og þjóð.

Við notuðum útikennslu og skoðuðum fjallahringinn, byggingar o.fl. verkefni voru yfirleitt samþætt byrjendalæsi. Ýmist einstaklingsverkefni eða í hópum. Einnig voru unnin verkefni um Egil Skallagrímsson.

Enska

Enginn grunnbók var í ensku fyrir 2. bekk. Unnar voru léttar æfingar með einfaldan orðaforða.

Myndmennt

Myndmenntakennslan var samþætt öðrum námsgreinum.

Handmennt

Unnin voru ýmis verkefni eins og að búa til vef um trjágreinir, þæfa bolta, gera vinabönd og puttaprjón.

Upplýsingamennt

Markmiðið var að læra að umgangast og vinna með Ipad. Nemendur fóru yfirleitt einu sinni í viku í Ipad, ein stöð í hringekju.

Uppbrot.

Söngvaflóð var einu sinni í viku.

Vinabekkir: samstarfið var minna en til stóð þó sótti vinabekkurinn okkur og fór með okkur á litlu jólin. Stefnum á að bæta okkur þar.

Minjasafnið. Ferð á Minjasafnið í desember. Þar fengu börnin innsýn í jól fyrri tíma. Gefandi og skemmtileg ferð.

Skautar: Tvisvar var farið á skauta þar sem börnin fengu kennslu í boði skautafélagsins. Þessar ferðir gengu virkilega vel og börnin voru mjög ánægð.

Árshátíð Nemendur fóru með texta og sungu lög úr ævintýrinu um Emil í Kattholti. Allir tóku virkan þátt og stóðu sig mjög vel.

Þemadagar: Á yngsta stigi vorum við með jóla þema og einn dagur var tekinn í að blanda árgöngum og fara á milli stöðva. Á vorönn vorum með þema Akureyri - bærinn minn. Þá blönduðust 1. til 6. bekkur og unnu saman. Vinnan passaði mjög vel inn í markmiðin okkar um nærumhverfið.

Útivistardagar: í haust fórum við í Naustaborgir þar sem við unnum verkefni um jurtir. Nemendur fengu myndir og leituðu síðan að jurtunum. Á vorönn var farið í Hlíðarfjall en sú ferð gekk ekki nógu vel vegna veðurs.

Vorferð: í vor fórum við og settum niður kartöflur í matjurtagörðum Akureyrar hver nemandi setti niður sínar kartöflur. Skipt var í hópa og fór annar hópurinn í hugleiðslu og slökun í skógarlundi og tók nesti á meðan hinir settu niður og síðan var skipt. Við gengum báðar leiðir þannig að þetta var mikið ferðalag.

3. bekkur

Teymi árgangans samanstóð af tveimur umsjónarkennurum í 100% starfi. Jónasínu Lilju Jónsdóttur og Sigrúnu Héðinsdóttur. Margrét Ingimundardóttir sérkennari og Dagrún Matthíasdóttir myndmenntakennari leystu annan umsjónarkennarann af fimm kennslustundir á viku. Í teyminu voru tveir stuðningsfulltrúar fyrir áramót og einn eftir áramót sem fylgdu árganginum í öllum kennslustundum og frímínútum. Nemendur voru 36 talsins. Fyrir áramót hafði árgangurinn tvær kennslustofur auk sérherbergis þar sem unnið var með einstaklinga eða fámenna hópa. Eftir áramót hafði árgangurinn tvær kennslustofur. Tveir hópar úr 3. bekk fóru í Sjónarhól í vetur. Tveir til fimm nemendur í hvorum hópi. Alls um sex kennslustundir (40 mín.) Kennt var í námskeiðum. Hópar því breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin metin meðal annars út frá lesfimiþrófum, stafsetningarhluta Aston Index og lesskilningi. Í Sjónarhóli var lögð áhersla á að nemendur læri stafina og hljóð þeirra, eflist í lesfimi og lesskilningi. Eins var unnið með hljóðgreiningu, orðaforða og hugtakaskilning.

Lífsleikni - Uppbyggingarstefnan

Til að ná markmiðum í lífsleikni var unnið samkvæmt aðferðum uppbyggingarstefnunnar þ.e. um hlutverk nemenda og kennara, bekkjarsáttmála, litahegðun og þarfirnar. Haldnir voru bekkjarfundir og samverustundir reglulega þar sem unnið var með málefni líðandi stundar, sjálfsstyrkingu, hugleiðslu og eineltishring Olweusar. Einnig var stuðst við námsefni Hugarfrelsis, aðferðir til að efla börn og unglunga.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, jafningjamat og leiðbeinandi mat.

Þessi vinna gekk vel og hafði góð áhrif á samskipti og líðan nemenda.

Íslenska

Markmið íslenskukennslunnar í 3. bekk voru að nemendur geti lesið áheyrilega upphátt og með áherslum, komið fram fyrir aðra, lesið texta sér til gagns og ánægju, miðlað öðrum innihaldi hans og lesið fyrirmæli og farið eftir þeim. Einnig að geta aflað sér upplýsinga úr bókum og lesið texta í mismunandi formi svo sem sögur, ljóð, leikrit, dagblöð, leiðbeiningar og auglýsingar. Að vori var markmiðið að nemendur gætu lesið 100 orð á mínútu. Markmiðin voru jafnframt að nemendur geti beitt virkri hlustun, skrifað læsilega frásagnir og sögur með upphafi, miðju og endi, kunni að nota stóran staf og punkt og geti skrifað um lesinn texta. Hvað málfræðiatríði varðar voru markmiðin að nemendur þekki samsett orð, þekki hugtökin eintala, fleirtala, samheiti, andheiti, nafnorð, sérnöfn, samnöfn, lýsingarorð, sagnorð, kunni regluna um þ og ð og geti raðað rétt í stafrófsröð.

Til að ná þessum markmiðum var lögð áhersla á samþættingu íslenskunnar við aðrar námsgreinar. Nemendur lásu daglega fjölbreyttar bækur bæði í hljóði og upphátt fyrir kennara og aðra nemendur. Í íslenskukennslunni var stuðst við aðferðir byrjendalæsis þar sem unnið var markvisst með alla þætti íslenskunnar. Unnið var með sögu- og fræðibækur og verkefnaáætlanir unnar út frá þeim. Farið var í nokkrar vettvangsferðir í tengslum við námsefnið og samþætt við aðrar námsgreinar, þá sérstaklega samfélagsgreinar.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, jafningjamat og leiðbeinandi mat, kannanir og próf.

Kennarar og nemendur völdu sýnishorn af vinnu nemenda í ferilmöppu.

Á heildina litið gekk þessi vinna vel. Oft unnu nemendur út frá markmiðum sem rætt var um í upphafi kennslustunda og mátu í lokin hvort markmiðin höfðu náðst og gaf það góða raun. Góður árangur náðist í lestrarfærni nemenda og átti fyrirkomulag á lestrarstundum þar stóran þátt.

Stærðfræði

Markmið stærðfræðikennslunnar í 3. bekk voru að nemendur geti notað einfaldan vasareikni, þekki töluna þúsund, helstu rúmfræðiform, almennu brotin $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{4}$ og geti safnað gögnum og skráð og sýnt niðurstöður í myndriti. Einnig að nemendur geti unnið með talnarunur með ýmsum hætti, þekki tengsl margföldunar og endurtekinnar samlagningar og þekki tengsl deilingar og endurtekins frádráttar. Markmiðin voru jafnframt að nemendur geti notað skífu- og stafræna klukku og þekki skiptingu sólarhringsins í 2x12 klst., þekki mælieiningarnar m., cm., og mm., geti nýtt sér einingu, tug og hundrað við reiknisaðgerðir og þekki rétt, hvöss og gleið horn.

Til að ná þessum markmiðum voru bækurnar Sproti 3a og 3b notaðar sem grunnefni. Jafnframt voru fleiri stærðfræðibækur valdar fyrir nemendur með tilliti til einstaklingsmiðunar. Kennarar í 1. – 3. bekk skipulögðu „opin“ stærðfræðiverkefni sem nemendur spreyttu sig á og unnu í litlum hópum. Þegar hægt var að koma því við unnu nokkrir nemendur í fámennum hópi hjá stuðningsfulltrúa.

Lögð var almennt áhersla á hlutbundna vinnu með tilheyrandi hjálpargögnum.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, jafningjamat og leiðbeinandi mat, kannanir og próf.

Þessi vinna gekk almennt vel. Nemendur nutu sín vel í stærðfræðitímum og voru „opnu“ stærðfræðiverkefnin sérstaklega lærdómsrík.

Samfélagsgreinar

Markmið samfélagsgreinakennslunnar í 3. bekk voru að nemendur þekki að sérhvert mannlegt samfélag setur sér lög og reglur og að til eru landslög og alþjóðareglur, geti greint algeng fyrirbæri á loftmynd af nánasta umhverfi svo sem vegi og byggingar og fundið heimabæ sinn á korti í stórum mælikvarða og Ísland á heimskorti. Einnig að nemendur geti teiknað tímaás og raðað nokkrum þáttum á hann svo sem áföngum í eigin lífi og þekktum fyrirbærum í tímaröð, þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að börn búa við ólíkar efnahags og félagslegar aðstæður í heiminum. Markmiðin voru jafnframt að nemendur geti lesið úr einföldum töflum, þekki pláneturnar, lífríki hafsins og mikilvægi þess og þekki ýmsar hringrásir, orkugjafa og endurvinnslu.

Til að ná þessum markmiðum voru samfélagsgreinar samþættar öðrum námsgreinum.

Farið var í nokkrar vettvangsferðir í tengslum við námsefnið og má þar nefna ferðir í Lystigarðinn til að skoða gróður eftir árstíðum og upplifa hringrásir í náttúrunni. Einnig var farið í gönguferð að sjónum til að skoða lífríki fjörunnar og lífið við sjóinn. Að hausti voru teknar upp kartöflur sem settar voru niður að vori í 2. bekk. Nemendum í árganginum var boðið í Vísindasmiðju í Háskólanum á Akureyri þar sem þeir fengu að spreyta sig á fjölbreyttum verkefnum.

Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, jafningjamat og leiðbeinandi mat.

Vinnan í samfélagsgreinum gekk vel og gott reyndist að samþætta þá vinnu við aðrar námsgreinar og vettvangsferðir.

Enska

Markmið enskukennslunnar voru að nemendur geti skilið einföld fyrirmæli kennara og spurningar um ákveðin viðfangsefni, tekið þátt í einföldu samtali, spurt, svarað og tekið þátt í samskiptaleikjum. Einnig að nemendur geti fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða myndum til stuðnings og þekkt einföld orð og málsgreinar.

Unnið var út frá samþættingu við aðrar námsgreinar. Námsefni notað bæði af veraldarvef og einnig útbúin verkefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni. Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat, jafningjamat og leiðbeinandi mat. Nemendur voru jákvæðir og lögðu sig fram við verkefnin hverju sinni.

Upplýsingatækni

Í upplýsingatækni var unnið með Fingrafimi 1, leitarvefir notaðir auk þess sem unnið var í þjálfunarforritum í spjalddölvu í stærðfræði, íslensku og ensku. Áhersla var lögð á hvernig umgangast á tækin, vinnustellingar og teygjuæfingar. Notast var við símat í Mentor, sjálfsmat og leiðbeinandi mat. Nemendur voru móttækilegir og áhugasamir við vinnu sína.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Ýmis uppbrot voru í skólastarfinu. Þar má nefna að í desember var unnið jólaþema á yngsta stigi út frá bókinni *Jólakötturinn tekinn í gegn* eftir Brian Pilkington. Á vorönn var unnið þema í 1. – 5. bekk sem nefndist Akureyri – bærinn minn, þar sem unnið var út frá fortíð, nútíð og framtíð. Í þessari vinnu kynntust nemendur betur milli árganga. Nemendur á yngsta stigi hittust tvisvar á ganginum og sungu saman nokkur lög bæði til að fagna sumarkomu og einnig á skólaslitadaginn áður en farið var í sumarfrí.

Vettvangsferðir

Farið var í nokkrar ferðir sem tengdust helst samfélagsgreinum (sjá umfjöllun hér að ofan) auk þess sem farin var ferð á Listasafnið þar sem nemendur skoðuðu áhugaverðar sýningar, þar á meðal sýninguna Sköpun bernskunnar þar sem árgangurinn átti sín eigin listaverk. Farið var á skauta tvisvar sinnum á haustönn. Vettvangsferðirnar tókust vel og voru góð viðbót við skólastarfið.

Samvinna við aðra

Samkvæmt venju átti árgangurinn sinn vinabekk, fá verkefni voru unnin saman á þessu skólaári sökum aðstæðna í samfélaginu. Gott samstarf var við bókasafnið og tóku nemendur þátt í mörgum lestrarátökum sem vöktu ánægju og voru hvetjandi.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var við foreldrahópinn. Að hausti komu foreldrar á fund er nefnist 1-3-5-8 þar sem rædd voru ýmis málefni sem snerta starfið í skólanum.

Í tengslum við árshátíðina aðstoðuðu foreldrar við að finna búninga og mættu vel á árshátíðarsýninguna. Foreldri bauð nemendum á vísindadag í Háskólanum á Akureyri og vakti það mikla lukku. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra.

4. bekkur

Í 4. bekk voru 43 nemendur, 24 drengir og 19 stúlkur. Árganginum var skipt í tvo umsjónarhópa.

Í teymi 4. bekkjar voru tveir umsjónarkennarar, Hjördís Óladóttir, starfshlutfall 100% og Ástrós Guðmundsdóttir, starfshlutfall 100%. Kolbrún Ósk Eðvarðsdóttir var stuðningsfulltrúi. Hún fór á milli umsjónarhópa og aðstoðaði nemendur þar sem þörfin var mest hverju sinni. Ragnheiður Ólafsdóttir og Helga Sigurðardóttir tóku til sín litla námshópa í Námsverið í allan vetur, bæði stærðfræði og íslensku. Kennslustundir á viku voru 11. Alls sóttu 19 nemendur sér- eða stuðningskennslu. Mest áhersla var lögð á lestur, málfræði og stærðfræði. Reynt var að hafa í forgang nemendur með skilgreinda námsörðugleika og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nemendur voru glaðir að koma í námsver og sýndu góðar farmfarir. Talnalykill var lagður fyrir nokkra nemendur og niðurstöður úr honum nýttar til áframhaldandi vinnu. Góð samvinna var við umsjónarkennara beggja hópanna.

Námsumhverfi/skipulag

Tvær heimastofur, ein stofa fyrir hvern umsjónarhóp. Tvær samliggjandi stofur á neðsta gangi. Lögð var áhersla á að hafa heimastofurnar hlýlegar og snyrtilegar. Gott og skýrt skipulag. Heimakrókur notarlegur, teppi og púðar. Lestrarbækur sýnilegar og aðgengilegar í körfum. Nemendur völdu oftast sjálfir bækurnar til þess að hafa í körfunum.

Uppröðun borða var breytileg í allan vetur. En nemendur sátu lang oftast 4 – 6 saman á „eyju“. Nemendum gafst kostur á að færa sig yfir á svokallaða „skrifstofu“.

Sjónræn stundatafla notuð fyrir hvern dag fyrir allan hópinn en einnig fyrir einstaka nemendur. Tímavaki einnig notaður mjög mikið fyrir allan hópinn, staðsettur undir sjónrænu stundatöflunni.

Kennslugögn, hjálpargögn sýnileg og aðgengileg.

Félagsfærnisögur notaðar fyrir einstaka nemendur. Þær voru líka sendar heim til foreldra. Einnig voru þær lesnar fyrir allan hópinn fyrir stærri uppbrot á hefðbundinni stundatöflu.

Hópaskipting: Árganginum var skipt upp í fjóra hópa. Þessir hópar voru saman í verk- og listgreinum. Umsjónarhópunum var svo skipt í tvo minni hópa og fóru þeir hópar í sund.

Við notuðum einnig hópaskiptingu til að skipta þeim í hópa fyrir **hringekju** sem var fast í stundatöflu einu sinni í viku.

Tveir umsjónarmenn í hverri viku.

Föstudagspóstar voru sendir út til foreldra í lok hverrar viku, nokkrar línur um liðna viku og markmið og áherslur næstu viku skýr.

Foreldrasamstarf hefur gengið vel í allan vetur.

Haustfundur var haldinn um miðjan september. Vetrarstarfið kynnt, markmið og áherslur dregnar fram og ræddar. Ágætis mæting hjá foreldrum og þeir ánægðir með fundinn.

Námsgreinar

Innlagnir reglulegar þar sem nýjir námsþættir voru kynntir og útskýrðir. Við lögðum mikla áherslu á umræður og tenginu við reynslu þeirra og daglegt líf. Fjölbreyttir kennsluhættir fylgdu í kjölfarið í öllum námsgreinum. Mikil áhersla var lögð á frágang og vinnubrögð í öllum námsgreinum.

Ákveðnar grunnbækur voru notaðar í hverri námsgrein og unnið var út frá námsáætlunum. Ýmsar aukabækur og verkefni af veraldarvefnum fyrir nemendur sem voru lengra komnir.

Íslenska

Nemendur voru með eina stílabók fyrir hverja önn þar sem þeir unnu öll verkefni. Plastmappa var undir stök verkefni og laus blöð. Orð vikunnar sýnilegt á töflu. Unnið var með orðið á ýmsan hátt í stílabók.

Skinna: Grunnbók. Kennarastýrð bók. Innlagnir fyrir hvern námsþátt. Einnig voru notaðir textabútar úr bókum sem nemendur voru búnir að lesa, unnum ýmis málfræði verkefni sem kennarar útbjuggu sjálfir. Þarna var notast við aðferðir Byrjendalæsis. Ýmis málfræðiverkefni/hefti notuð af vefsíðunum: skolavefurinn.is og mms.is og 123skoli.is. Einnig var farið í ýmis námsspil.

Lestur og lesskilningur.

Yndislestur alla morgna í 15 – 20 mínútur. Nemendur máttu velja hvort þeir lásu sömu bók og í heimalestri eða völdu sér aðra til að hafa í skólanum.

Lesrún 1 og 2: Grunnbækur. Kennarastýrðar. Innlagnir fyrir hvern kafla. Notuðum þessa bók mikið til þess að æfa upplestur á fjölbreyttan hátt, rýna í orð og álykta. Stuðst var við kórlestur, punktalestur og félagalestur. Hlustun, þegar kennari einungis les upphátt fyrir nemendur.

Nemendur unnu ýmist einir eða 2 – 3 saman. Kennari varpaði blaðsíðunum upp á skjávarpa til þess að fara yfir verkefnin ef verkefnin voru snúinn.

Heimalestur

Nemendur sinntu heimalestri að jafnaði mjög vel í allan vetur. Örfá börn hafa ekki öruggt bakland heima fyrir og þess vegna tóku umsjónarkennarar það að sér að láta þau lesa upphátt í skólanum á hverjum degi. Aðrir nemendur lásu fyrir umsjónarkennarann sinn einu sinni í viku. Markviss endurgjöf allan veturinn.

Ein kennslustund á viku þar sem nemendur unnu einungis í stafsetningu. Helstu stafsetningarreglur lagðar inn og unnin voru verkefni í kjölfarið. Kennari las upp tíu málsgreinar. Nemendur skrifuðu þær niður, leiðréttu síðan sjálfir.

Skriftarbækur voru ekki lagðar inn sérstaklega, frekar eins og aukabækur en við höfum rætt það að mögulega þurfi að leggja aukna áherslu á skriftarkennsluna. Auka vægi hennar.

Lögð var mikil áhersla á ritun og fjölbreyttar leiðir t.d. regnbogaritun, rita út frá eigin reynslu, sögugerð, persónusköpun og ljóðagerð. Hugtakakort gerð áður en ritunin hófst. Dagbókarfærslur, t.d eftir vettvangsferðir og uppbrotardaga. Nemendur unnu ýmist 2-3 saman eða einstaklingslega.

Nemendur fengu markvissa þjálfun í að koma upp og lesa fyrir bekkjarfélaga sína eða segja frá skemmtilegri minningu, t.d. komu þeir með ljósmynd að heiman og sögðu frá henni – stað, stund og atburður.

Aukabækur: Ritrún 3, Tvistur og Pristur. Málfræðihefti og stök verkefni.

Að lokum má nefna að við samþættum árshátíðina við skemmtilegt verkefni í íslensku og náttúrufræði. Við lásum bókina Pysjunætur og unnum fjölbreytt verkefni í takt við Byrjendalæsi. Til dæmis: innlögn, hópavinna, KVL kort, safnmappa, hugtakakort, veggsjöld, ljóðagerð, kynning hópa fyrir bekkjarfélagana sína, sjálfsmat, einstaklings og hópamat.

Hápunkturinn var án efa á árshátíðinni þegar nemendurnir sýndu frumsamið leikrit – PYSJUNÆTUR - á sal. Æfingarnar gengu ótrúlega vel og allir tóku virkan þá í undirbúningi og æfingum.

Til þess að meta nemendur var Orðarún – lesskilningur – lagt fyrir á haustönn og vorönn, Aston Index lagt fyrir og Lesfimi þrisvar á skólaárinu; september, janúar og maí. Samræmd próf í september.

Stærðfræði

Við náðum að halda áætlun á haustönn og á vorönn. Námsefnið þyngist töluvert þá, mikilvægt að gefa sér góðan tíma í innlagnir og að staldra reglulega við, bakka, rifja upp og halda svo áfram.

Orðadæmi – markviss þjálfun – að minnsta kosti ein kennslustund á viku.

Sproti 4a og 4b voru grunnbækur og kennarastýrðar.

Innlagnir voru alltaf með saman sniði í vetur. Þá var samtalsmynd við hvern kafla/námþátt varpað upp. Allir nemendur voru með í þessari innlögn, líka þeir sem voru lengra eða styttra komnir. Hver námþáttur tengdur við daglegt líf og reynsluheim nemenda. Kennari skoðaði síðan verkefnið í kaflanum í kjölfarið með nemendum. Rýnt var í fyrirmæli og tengd við verkefnið. Staldrað var við erfið dæmi, útskýrð betur. Nemendur voru mjög virkir í þessum tímum.

Áhersla var lögð á hlutbundna vinnu – mikið notað í hringekjunni.

Eftir hvern kafla tóku nemendur kaflapróf. Ef nemandi kom ekki vel út þá fékk hann endurinnlögn á námþáttunum og vann verkefni – æfingasíður.

Miðannarpróf og vorpróf lögð fyrir. Einnig lagt fyrir upplestur á tölum og nokkrir nemendur fóru í Talnalykil. Samræmd próf í september.

Aukabækur: Æfingahefti Sprota, margföldunarhefti, vasareiknir, Viltu reyna bækurnar og undirdjúpin, Ipad.

Samfélagsfræði og náttúrufræði

Trúarbrögðin okkar: Innlögn fyrir hvern kafla í bókinni *Trúarbrögðin okkar*. Lásam saman og spjölluðum um viðfangsefnið, tengt við daglegt líf og reynsluheim nemenda. Nemendur gerðu hugtakakort og unnu verkefni í lok hvers kafla. Horfðum á myndbönd og skoðuðum myndir út frá hverjum kafla. Umræður og verkefni í hverjum tíma.

Fuglarnir okkar: Vinnan hófst á KVL kortavinnu. Því næst völdu nemendur sér fugl til þess að vinna nánar með. Tveggja til þriggja manna hópar unnu saman. Hóparnir öfluðu sér upplýsinga á vefsíðunni www.fuglavefurinn.is. Fræddust um útlit þeirra, rödd, hegðun, búsvæði, farhætti (farfugl-staðfugl)

varphætti og fleira. Nemendur notuðu lpad og tölvur og allskyns fuglabækur. Hver hópur vann veggspjald, fróðleikskort og sömdu ljóð. Í lokin héldu hóparnir kynningu á fuglinum sínum fyrir bekkjarfélagi. Sjálfsmat, hópamat og einstaklingmat unnið.

Landnámsmenn á Íslandi: Nemendur voru komnir vel á veg í stóru hópaverkefni um landnámsmennina þegar Covid19 skall á.

Landfræði – kortavinna: Könnum kortin 1 og 2, Komdu og skoðaðu landakortin

Þessar bækur voru grunnbækur og kennarastýrðar. Verkefnin voru fjölbreytt. Nokkuð hefðbundin verkefni í námsbókinni Könnum kortin. En við útbjuggum ýmis verkefni upp úr bókinni Komdu og skoðaðu landakortin. Veraldavefurinn var mikið notaður og þá helst GoogleEarth, gamlar landafræðibækur skoðaðar, heimsálfur og lönd borin saman. Mikil áhersla var lögð á umræður og nemendur sögðu frá löndunum sem þeir hafa ferðast til eða jafnvel átt heima. Allir hönnuðu sitt draumhverfi og gerðu loftmynd af því.

Uppbygging – Lífsleikni

Skólastarfið hófst á hinum sígilda bekkjarsáttmála. Heilmikil vinna var við gerð hans og hún endurspegladi einmitt mikilvægi þess að kunna listina að vinna saman. Drógum síðan út gildin og gerðum T og Y spjöld. Bekkjarsáttmáli rifjaður upp reglulega, skoðum það sem gengur vel og það sem við getum bætt. Notuðum hann mikið í allan vetur til þess að byggja upp góðan bekkjaranda og gott andrúmsloft í heimastofum. Við gáfum okkur góðan tíma nú í vor að meta hvernig gekk. Hver nemandi gerði einstaklingsverkefni/skriflegt, lagði lokamat á sáttmálann – hvað er mikilvægast og afhverju, er einhver regla óþörf, hvað gekk vel í vetur og hvað má betur fara, er eitthvað sem þú vilt hafa öðruvísi? Verkefni sett í ferilmöppu ásamt mynd af sáttmálanum.

Hlutverk kennara og hlutverk nemenda unnið strax á fyrstu skóladögunum og hengt upp á vel við hliðina á bekkjarsáttmálanum. Nemendur fóru í heilmikla sjálfskoðun og settu sér persónuleg markmið fyrir veturinn. Þarfnirnar voru tengdar við þessa vinnu. Teiknuðu sjálfsmynd og settu orðin allt í kring og tákni fyrir hverja “þörf” skv. uppbyggingunni. Myndin hékk upp á vegg í allan vetur. Notuð til þess að minna á og hvetja þau áfram. Myndin var sett í ferilmöppu í vor.

Bíllinn góði rifjaður upp reglulega. Glærur á sameign notaðar. Veggspjald í stofu sýnilegt. Litahegðun og eineltishringurinn: rifjað upp og rætt reglulega á bekkjarfundum í allan vetur.

Einu sinni í viku héldum við bekkjarfundi með hefðbundnu sniði. Mál rædd og leitað var lausna. Hróshringir og skemmtileg spil notuð til þess að hrista hópinn saman. Bannað var að ræða fótoltavöllinn á þessum fundum, tók alltof mikinn tíma og þess vegna héldum við sérstaka “fótoltabekkjarfundi”. Þá voru reglur samdar og dregið var í fótoltalið. Hvert lið þurfti að velja sér nafn og setja sér markmið. Liðin voru blönduð, stelpur og strákar saman. Gekk mun betur en oft áður. Einn vallartími í viku var notaður fyrir leiki. Við gerðum okkar allra besta til þess að tala „tungumál Uppbyggingarstefnunnar“. Við vorum meðvitaðar um hin svokölluðu „inngrip“ og voru þau sýnileg í heimastofunum.

Hugarfrelsi/slökun. Við vorum duglegar að nota hugarfrelsi með þessum árgangi, bæði slökun, hugleiðslusögur og önnur góð verkfæri, t.d. þakklætiskrúsin, hrósmiðarnir og gullkornin.

Enska

Enginn grunnbók var í ensku fyrir 4.bekk.

Connect - bækurnar lítillaga notaðar en nemendur unnu mest í útprentuðum vinnubókum. Ýmis stök verkefni af vefnum voru lögð fyrir.

Uppbrot og samvinna við árganga.

Árshátíð Nemendur sýndu leikritið Pysjunætur. Allir tóku virkan þátt og stóðu sig mjög vel.

Þemadagar: Akureyri hér áður fyrr – í dag og í framtíðinni.

Útivistardagur 1: Við fórum á útivistarsvæðið Hamrar.

Útivistardagur 2: Hlíðarfjall

Grunnskólamót í frjálsum íþróttum var haldið í lok maí. Nemendurnir stóðu sig vel, voru þrúðir og stilltir, samheldinn og flottur hópur.

Vettvangsferð/Vorferð

Í lok maí fórum við í skemmtilega ferð með árganginn. Við byrjuðum á að fara í Laufás. Þar var tekið mjög vel á móti okkur. Starfsmenn leiddu hópana í gengum gamla bæinn. Eftir þessa stund var haldið af stað í Daladýrð þar sem nemendur steinglymdu sér í sveitasælunni innan um allskyns dýr.

Einstaklega vel tekið á móti okkur þar

Ísferð. Ísbúðin í miðbænum.

Skólaslit: Samsöngur á ganginum með 2.- 4. bekk og árgangurinn kom saman og spilaði Bingó! Það gerði mikla lukku.

Upplýsinga- og tæknimennt

Vikulegar 30 mínútna kennslustundir. Í Mentor voru settar upp námslotur og fór námsmat fram með leiðsagnarmati þar sem notuð var munnleg endurgjöf um það sem vel var gert og það sem þurfti að bæta, ásamt leiðum að úrbótum. Auk þess var notast við umsagnir í Mentor. Reynt er að stuðla að því að nemendur geti nýtt sér notkunarmöguleika tölvutækninnar til að auka þekkingu sína og færni við að leysa fjölbreytt verkefni. Einnig er mikilvægt að nemendur þekki réttar vinnustellingar við tölvur og nýti sér þær. Við ritun var notast við Regnbogaritun þar sem nemendur skrifuðu sögurnar í Word ritvinnslu og skreyttu með myndum. Einnig teiknuðu þeir myndir í forritinu Málun í tengslum við sögugerð. Þessi vinna gekk vel. Fingrasetning var þjálfuð í Fingrafimi á vefsíðu mms.is og skráðu nemendur árangur sinn á blöð. Þeir lærðu að halda utan um vinnu sína með þessari skráningu. Ljóst er að veita þarf meiri tíma í þessa vinnu. Farið var í forritun á vefsíðunni Code.org en þar eru nemendur með eigin aðgang og vefurinn heldur utan um vinnu þeirra. Verkefni voru unnin í haust í tengslum við forritunarvikuna Hour of code. Einnig var Osmo/Tangram og Pivot Animator kynnt fyrir nemendum. Í vetur náðist ekki að gera slæðukynningu eins og áætlað var.

Þegar unnið er með tæknilæsi þarf að leggja ríkari áherslu á upplýsingalæsi. Það væri hægt að gera með auknu samstarfi umsjónarkennara og upplýsingafræðings við undirbúning viðfangsefna.

5. bekkur

Nemendur í 5. bekk skólaárið 2019-2020 voru 58 – 61 yfir veturinn, 36 drengir og 25 stúlkur. Árganginum var skipt upp í þrjá umsjónarhópa. Mikill samvinna var á milli námshópa. Vel skipulagður vetur.

Umsjónarkennarar voru Mekkin Einarsdóttir 100 %, Rósa Hrefna Gísladóttir 100 %, Tinna Unnarsdóttir 100%. Auk þeirra komu aðrir kennarar að kennslunni í vetur hjá 5. bekk. Það voru þær Ástrós Guðmundsdóttir, Dagrún Matthíasdóttir, Hjördís Óladóttir og Sigríður M. Hlöðversdóttir. Tveir stuðningsfulltrúar voru með teyminu í vetur. Sólrún Eyfjörð Torfadóttir – hún var stuðningsfulltrúi í vetur en ekki hugsaður fyrir árganginn í heild sinni heldur hafði hún umsjón með einum nemenda. Sá nemandi þarf mikið utanumhald og mikla aðstoð. Bjartur Aðalbjörnsson – kom aðallega að einum nemenda en aðstoðaði líka í kennslustund.

Sérkennsla

Ragnheiður Ólafsdóttir og Helga Sigurðardóttir sáu um sérkennsluna hjá árganginum í vetur, þær tóku nemendur í íslensku, stærðfræði og lestur. Árgangurinn fékk um 12 tíma á viku í sérkennslu, alls sóttu 22 nemendur námsverið, mis mikið allan veturinn. Sumir allan veturinn og aðrir tímabundið. Sett voru markmið fyrir nemendur og þegar þeim var náð gátu nemendur „útskrifast“ frá Helgu og Ragnheiði. Mikil áhersla var lögð á lestrarþjálfun sem skilaði góðum árangri. Unnið var með lesskilning, málfræði og stærðfræði. Talnalykill var lagður fyrir einstaka nemendur og niðurstöðurnar úr honum nýttar í áframhaldandi vinnu. Vikulegir samráðsfundir voru með sérkennurum sem voru skilvirkir og góðir. Lestrarhópar voru tvisvar í viku og í þeim hópi voru nemendur sem þurfa frekari þjálfun í lestri.

Námsumhverfi og skipulag

Kennsla fór fram í þremur stofum á annarri hæð skólans. Í stofum 205, 209 og 210, allar stofurnar á miðhæð en tvær samliggjandi. Hver nemandi átti sína heimastofu. Gott og skýrt skipulag í hverri stofu. Tvær stofur voru með sýnilegar lestrarbækur og aðgengilegar í körfum í heimastofu. Við lítum á hópinn sem eina heild sem auðveldar okkur að taka ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemanda. Námsumhverfið er ágætt, mætti vera þægilegra þegar kemur að tilraunavinnu nemenda. Eins og aðstaða og áhöld. Það voru ekki öll námsgögn til staðar í upphafi skólaársins (stílabækur, litaðar plastmöppur og fleira). Mikið af þeim námsgögnum sem keypt voru ódýrt og léleg (t.d. plastvasar, blýantar og yddarar) sem má endurskoða í næstu námsefnispöntun. Eins hefði verið þægilegt að hafa aðgengi að tölvum, t.d. að hafa tölvur í hverri skólastofu - margar námsbækur krefjast þess að nemendur vinni verkefni í tölvu, einnig er nauðsynlegt að hafa **bekkjarsett** af ípöðum svo vinnan verði markvissari og fjölbreyttari.

Uppröðun borða í skólastofum voru breytileg í allan vetur. Ýmist dregið í sæti eða raðað á borð. Sjónræn stundatafla notuð fyrir hvern dag. Tímavaki einnig notaður mikið fyrir allan hópinn, staðsettur undir sjónrænu stundatöflunni. Mikil áhersla var lögð á gott og notalegt andrúmsloft og að nemendur hefðu vinnufrið.

Félagsfærnisögur og einstaklingsnámskrár

Gerðar voru félagsfærnisögur fyrir einstaka nemendur sem síðan voru sendar heim til foreldra. Einstakir nemendur voru með aðlagað námsefni og voru gerðar einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur. Umsjónarkennari/sérkennarar sendu þær heim til foreldra svo þeir væru vel upplýstir um til hvers var ætlast og hvaða markmiðum væri stefnt að.

Föstudagspóstar og foreldrasamstarf

Vikupóstar voru á sínum stað og sendir út til foreldra í lok hverrar viku, nokkrar línur um liðna viku og það sem fram undan var. Samstarf milli umsjónarkennara og foreldra gekk í flestum tilfellum vel í vetur.

Kennsluhættir og námsgreinar

Innlagnir voru jafnt og þétt yfir veturinn þar sem nýir námsþættir voru kynntir og útskýrðir. Lagt var upp með fjölbreytta kennsluhætti í öllum námsgreinum, áhersla var lögð á frágang og vinnubrögð.

Nemendur voru með eina stílabók fyrir hverja námsgrein þar sem þeir unnu öll verkefni. Plastmappa var undir stök verkefni og laus blöð. Ákveðnar grunnbækur voru notaðar í hverri námsgrein og námsáætlanir og próf voru unnin út frá námsmarkmiðum. Ýmsar aukabækur og verkefni af veraldarvefnum voru nýtt við ýmsa vinnu í vetur.

Í skertu skólastarfi vegna Covid nýttu umsjónarkennarar google umhverfið. Nemendur sem voru heima var sendur póstur eða upplýsingar í gegnum gmail nemenda. Þeim var sent t.d. lesskilningsverkefni og kaflapróf í stærðfræði í tölvupósti sem þeir unnu heima og skiluðu svo til baka þegar þeir voru búnir að leysa verkefni/prófin.

Enska

Lesskilningur

Hér eru námsmarkmiðin þau að nemendur geti lesið stuttan einfaldan texta og skilið einfaldar spurningar um kunnuglegt efni. Unnið var með lesskilningsverkefni og svöruðu nemendur einföldum spurningum tengdum verkefnum.

Málfræði, málnotkun, hlustun og ritun

Hér eru námsmarkmiðin að nemendur geti hlustað eftir ákveðnum upplýsingum, að þeir geti fylgt þræði í hlustunarefni og geti fylgst með í texta. Þetta var unnið með því að hlusta á efni af hljóddisk sem fylgdi námsefninu Build up 1. Nemendur fylgdust með í texta, fylltu inn í eyður og svöruðu spurningum úr námsefninu. Í æfingunum gafst tækifæri til að æfa mismunandi málnotkun, t.d. að spyrja og svara spurningum, að lýsa hlutum, segja frá og útskýra. Námsmarkmiðin að geta skrifað rétt ákveðin orð var t.d. unnið upp úr námsbókinni Build up 1 einnig voru orðin skrifuð upp og teiknaðar útskýringarmyndir. Notaðar voru stakar málfræðiæfingar úr bókinni Enskar málfræðiæfingar A. Málfræði var kynnt og æfð samhliða því að beita málinu og með samræðum. Eitt af námsmarkmiðunum í ensku er að nemendur geti sagt frá sjálfum sér var t.d. unnið með því að skrifa bréf til pennavinar og sögðu nemendur einnig frá sér munnlega.

Aukaefni:

Play with english (www.mms.is)

Eyðufylling (www.lyricstraining.com) mjög vinsælt meðal nemenda.

Smásögur og verkefni tengd þeim (<https://learnenglishkids.britishcouncil.org/>)

Lesskilningsverkefni fengin af skólavefnum og veraldarvefnum.

Heimalestur

Nemendur sinntu heimalestri ágætlega í vetur. Örfáir nemendur hafa ekki öruggt bakland heima fyrir og þess vegna tóku umsjónarkennarar það að sér að láta þau lesa upphátt í skólanum. Aðrir nemendur lásu fyrir umsjónarkennarann sinn tvisvar til þrisvar í viku.

Íslenska

Lestur og lesskilningur

Hér eru námsmarkmiðin að nemendur geti lesið 140 orð á mínútu að vori, að geta skilið og túlkað lesinn texta, að greina aðalatriði frá aukaatriðum og að geta beitt nákvæmislestri og leitarlestri. Unnið var með þessi námsmarkmið með því að hafa yndislestur alla morgna í 15 – 20 mínútur ásamt heimalestri fimm sinnum í viku. Nemendur máttu velja hvort þeir lásu sömu bók í yndislestri og í heimalestri eða völdu sér aðra til að hafa í skólanum. Nemendur lásu fjölbreytta texta og unnu verkefni í tengslum við efnið.

PALS var lagt fyrir tvisvar sinnum yfir skólaárið, einu sinni á haustönn í 4 vikur og byrjað var á vorönn, en ekki hægt að klára vegna Covid. Þegar flestir nemendur mættu aftur í skólann eftir 4. maí var ákveðið að leggja áherslu á aðra þætti. Þeir nemendur sem komu slakast út úr lesfimi í haust og þeir sem eru með lestrargeiningar voru settir í lestrarhóp hjá sérkennurum.

Málfræði

Hér eru námsmarkmiðin að þekkja samsetningu orða og orðmyndun, þekkja nafnorð, lýsingarorð og sagnorð og helstu einkenni þeirra þessara orðflokka. Unnið var með þessi námsmarkmið með því að nota námsefnið Orðspor 1- lestrar- og vinnubók. Orðspor nær yfir stóran hluta námsmarkmiða í íslensku. Einnig var Málrækt notuð, nemendur unnu ýmiskonar verkefni og æfingar í íslensku þar sem áhersla var lögð á málfræði. Auk þessa voru yndislestrarbækur notaðar til að vinna með helstu einkenni orðflokka. Notuð voru ýmis aukaverkefni eins og verkefnaspjöld með ákveðnum leiðbeiningum.

Ljóð, orðtök og málshættir

Námsmarkmiðin að þekkja rím, ljóðstafi, orðtök og málshætti voru unnin til dæmis með því að nemendur sömdu ljóð eða völdu sér ljóð og þurftu að finna stuðla og höfuðstafi. Einnig sömdu nemendur ljóð með rími. Unnið var með málshætti þar sem nemendur völdu málshætti og teiknuðu útskýringamynd við málsháttinn. Að auki voru unnin verkefni þar sem nemendur þörfuð saman orðtök/málshátt við rétta útskýringu.

Ritun og réttiritun

Hér eru námsmarkmiðin þau að nemendur geti skrifað sögu með upphaf, miðju og endi, að geta gert munnlegan eða skriflegan útdrátt og að þekkja helstu stafsetningarreglur (-n og -nn, ng og nk, i og y, í og ý). Lagt var mikla áherslu á ritun og að nota fjölbreyttar leiðir. Eins og til dæmis: teningarritun, rita

út frá eigin reynslu, sögugerð – frjálssritun, persónusköpun, ljóðagerð, dagbókarfærslur - t.d. eftir vettvangsferðir og uppbrotsdaga, skrifaður útdráttur úr textum og upplestur í stafsetningu.

Framsögn

Námsmarkmiðið að geta komið fram fyrir aðra og geta tjáð sig var nálgast með því að nemendur fengu markvissa þjálfun í að koma upp og lesa fyrir bekkjarfélaga sína. Bæði frumsamdar sögur og einnig ljóð sem þeir bjuggu til eða völdu sér.

Önnur verkefni

Notað var fjölbreytt námsefni í íslensku t.d. efni frá Snjólaugu og Unni sem heitir Út fyrir bókina, málfinnur á www.mms.is og kahoot. Aukaverkefni tengd lesskilningi og málfræði t.d. litabækurnar inn á Skólavefnum og önnur málfræðiverkefni. Öll þessi verkefni voru notuð sem ítarefni fyrir námsmarkmið. Skriftabækur voru ekki lagðar inn sérstaklega, frekar eins og aukabækur. Nokkrir nemendur voru settir í fyrstu bókina aftur til að þjálfa betur að draga rétt til stafs.

Lífsleikni

Bekkjarsamtök og krakkaspjall

Námsmarkmiðin að taka virkan þátt í bekkjarsamtökum, að taka afstöðu, hafa sjálfstæða skoðun á bekkjarsamtökum ásamt því virða bekkjarsáttmálann og þekkja leiðir til að leysa ágreining var nálgast með því að hafa bekkjarsamtök einu sinni í viku fyrir áramót og voru þeir með hefðbundnu sniði. Mál rædd og leitað lausna. Hrósringir og spil notuð til þess að hrista hópinn saman. Farið var í þá vinnu að búa til hinn geysivinsæla bekkjarsáttmála. Heilmikil vinna var við gerð hans og endurspeglar sú vinna mikilvægi þess að kunna að vinna saman. Síðan voru gerð T spjöld og fundin út gildin sem notuð voru í bekkjarsáttmálan. Bekkjarsáttmáli var rifjaður upp reglulega. Hann er notaður mikið til þess að byggja upp góðan bekkjaranda og gott andrúmsloft í heimastofum.

Eftir áramót var byrjað á krakkaspjalli og átti það að koma í stað bekkjarsamtöku. Þar var einnig unnið með markmiðin að skilja samhengið á milli orsaka og afleiðinga ásamt því að geta sett sig í spor annarra. Verkefnið samanstendur af 10 fundum og 10 heimaverkefnum og var hver fundur 40-60 mínútna langur. Mikil vinna og mikill undirbúningur fór í þetta verkefni. Stelpurnar stóðu sig mjög vel og tóku þátt í verkefnum. Það er því miður ekki hægt að segja það sama um strákana. Fundirnir voru mjög krefjandi og erfiðir. Þeir fóru ekki eftir fyrir mælum, hlustuðu ekki og voru mjög uppteknir af því að vera með kjánaskap. Það þurfti að slíta fundi oftast en einu sinni og finna aðrar leiðir, en náðum því miður ekki að klára þessa vinnu vegna Covid. Þegar nemendur mættu aftur í skólann var liðinn allt of langur tími til að ljúka þessari vinnu.

Ætlast var til að foreldrar gæfu sér 10 – 15 mínútur á viku til að vinna heimaverkefni með sínu barni. Því miður gekk heimaspjallið ekki nægilega vel þar sem margir foreldrar gáfu sér ekki tíma til að setjast niður með sínu barni og ræða viðfangsefni fundanna. Nemendur voru mikið að vinna þessi verkefni sjálfir og missti þetta því pínulítið marks í upphafi. Í foreldraviðtölum í janúar var þetta verkefni kynnt og hvert markmið verkefnis væri og því áttu allir að vera meðvitaðir um það. Sendur var póstur á foreldra þar sem óskað var eftir frekari samstarfi. Margir foreldrar tóku sig á og gáfu sér tíma til að vinna verkefnið með sínu barni. Til þess að markmið þessarar vinnu skili árangri þarf vilji að vera fyrir hendi hjá öllum aðilum ef vel á að takast til.

Parfa- og eineltishringurinn, ábyrgð og vinnubrögð

Námsmarkmiðin að þekkja grunnþarfirnar og gera sér grein fyrir hvaða þörf er sterkust hjá nemendum voru unnin með því að vinna verkefni um hvernig persóna hver og einn vill vera og settu nemendur sér markmið yfir veturinn. Nemendur klipptu út táknið í þarfahringnum og skrifuðu þeir í táknið það sem passaði best við þá. Verkefnið fór í ferilmöppu.

Hver nemandi gerði verkefni tengd styrkleika sínum sem fóru upp á vegg í heimastofum og síðan í ferilmöppu. Námsmarkmiðið að geta mátað sig inn í eineltishringinn var nálgast með umræðu til dæmis á bekkjarfundum. Nálgast var námsmarkmiðin að sýna ábyrga hegðun í samskiptum, að fara eftir fyrirmælum starfsfólks skólans og mæta með þau gögn sem þarf með umræðu til dæmis á bekkjarfundum.

Náttúrufræðigreinar

Vegna skerts skólastarfs var reynt að velja námsmarkmið sem talin voru mikilvægust. Þau voru kennd í þemum þar sem eitt námsefni var tekið fyrir í einu. Umsjónarkennarar undirbjuggu sinn hóp og lásu ákveðnar blaðsíður til þess að undirbúa nemendur fyrir þá vinnu sem fram undan var. Reynt var að hafa starfið skapandi og mikið uppþrot.

Umhverfi og lífríki í náttúrunni

Hér eru námsmarkmiðin að þekkja helstu trjátegundir, mismunandi gróðurlendi og hvernig gróður hefur breyst í aldanna rás. Hvaða spendýr lifa villt á Íslandi, helstu fuglategundir, lífríki hvers gróðurlendis og að þekkja ljóstillífun. Nálgast var markmiðin með því að vinna með bókina Líf á landi. Notast var við fuglavefinn til að skoða og kynnast ólíkum fuglategundum. Nemendur horfðu á fræðslumyndbönd um hagamús og ljóstillífun. Nemendur teiknuðu myndir af ýmsu sem finnst í náttúru Íslands og af ljóstillífun.

Vísindi

Námsmarkmiðið að þekkja mismunandi krafta, að þekkja mun á lýsandi og upplýstum hlutum, þekkja mun á linsum og speglum og að nota margvísleg mælitæki voru höfð til hliðsjónar þegar unnið var með bókina Auðvitað – á ferð og flugi. Unnin voru verkefni tengd hverjum kafla fyrir sig. Margir nemendur lásu bókina og unnu verkefni heima vegna Covid. Nemendur gerðu nokkrar tilraunir heima sem tengdustu námsefninu. Þeir nemendur sem unnu heima sendu umsjónarkennara myndband eða mynd af tilrauninum í tölvupósti.

Samfélagsgreinar

Vegna skerts skólastarfs voru valin námsmarkmið að hluta til sem talin voru mikilvægust. Þau voru kennd í þemum þar sem eitt námsefni var tekið fyrir í einu. Þannig varð kennslan markvissari. Umsjónarkennarar undirbjuggu sinn hóp og lásu ákveðnar blaðsíður til þess að undirbúa nemendur fyrir þá vinnu sem fram undan var. Reynt var að hafa starfið skapandi og mikið uppþrot.

Landnám og Rómaveldi

Námsmarkmiðin að þekkja sögu af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum, þekkir kosti og gæði landsins frá sjónarhóli landnámsmanna, geti sett sig í spor þeirra sem þurfa að hverfa frá heimili sínu og þekki útbreiðslu kristinnar trúar. Námsmarkmiðin voru höfð til hliðsjónar þegar unnið var með bókina frá Róm til Þingvalla. Farið var með nemendur í vettvangsferð þar sem stytta af Helga magra

og Þórunni hyrnu var skoðuð og teiknuðu nemendur mynd af þeim. Lagt var upp með að vera skapandi og leyfa nemendum að fara sínar leiðir í teikningu njóta sín þessari vinnu. Nemendur bjuggu til sinn eigin landnámsmann/konu og var verkefnið hengt upp á vegg í heimastofum.

Ísland – landið okkar

Námsmarkmiðin að geta áttað sig á náttúruöflum, atvinnugreinum og auðlindum voru höfð til hliðsjónar þegar unnið var með bókina Ísland – hér búum við. Nemendum var skipt í fjögurra manna hópa og hver hópur vann veggspjald, við þá vinnu notuðu þeir Ipada og tölvur. Góður tími var gefinn í þetta verkefni. Hver hópur fékk úthlutaðan landshluta og áttu að finna ákveðnar upplýsingar tengdar honum. Einnig var nemendum sýnd myndbönd (sem finna má inn á www.kvistur.is) sem fylgja bókinni.

Önnur verkefni

Unnið var með kortaverkefni frá Snjólaugu og Unni þar sem nemendur lærðu að nota kortabók og leit eftir ákveðnum upplýsingum. Nemendur fóru í ratleik sem var búinn til út frá bókinni *Lif á landi*. Nemendum var skipt í 4 manna hópa. Þeir fóru út með Ipada og átti hver hópur að leysa ákveðna þraut og safna upplýsingum tengd námsefni bókarinnar. Búið var til Kahoot sem tengdist námsefninu.

Stærðfræði

Innlagnir voru í upphafi hvers kafla og voru innlagnir hafðar eftir þörfum. Nemendur unnu einir, í hópum og stundum tveir og tveir saman, allt eftir hentisemi. Stundum þurfti að staldra við og kafa dýpra í námsefnið. Eftir hvern kafla tóku nemendur kaflapróf. Ef nemandi kom ekki vel út þá fékk hann endurinnlög á námsþáttunum, vann verkefni – æfingasíður og tók prófið aftur.

Áætlun var gerð fyrir hvern kafla sem nemendur unnu eftir. Vikuáætlun var sýnileg upp á töflu í heimastofu, ef nemendum tókst ekki að klára vikuáætlun tóku þeir stærðfræðibókina með heim og kláruðu áætlun vikunnar heima.

Reikniaðgerðir

Námsmarkmiðin að kunna að geyma við samlagningu, kann sætiskerfið, kann að taka til láns við frádrátt, getur reiknað með negatífum tölum, getur lesið tímasetningar, getur námundað að heilum tölum og getur fundið óþekkt stærð voru höfð til hliðsjónar þegar unnið var í nemendabókum og æfingaheftum.

Tölfræði

Hér eru námsmarkmiðin að þekkja miðgildi og tíðasta gildi og að geta gert einfaldar kannanir með því að safna upplýsingum. Nemendur unnu í nemendabókum og æfingaheftum. Einnig unnu nemendur heimaverkefni í excel og bjuggu til einfaldar kannanir.

Tugabrot og almenn brot

Námsmarkmiðin að þekkja prósentu og að geta unnið með almenn brot og tugabrot voru höfð til hliðsjónar þegar unnið var í nemendabókum og æfingaheftum. Í þessum kafla þurfti að staldra við vegna þess að margir nemendur voru ekki að ná markmiðum kaflans. Þá var farið í auka innlagnir, útskýringar og ítarefni.

Rúmfræði

Námsmarkmiðin að geta notað gráðuboga, geta reiknað ummál og flatarmál, þekki metrakerfið og geta breytt úr einni mælieiningu í aðra voru höfð til hliðsjónar þegar unnið var í nemendabókum og æfingaheftum. Auk þess sem nemendur fengu ítarefni.

Margföldun og deiling

Námsmarkmiðin að kunna margföldunartöfluna upp í 10 og geta leyst deilingardæmi voru höfð til hliðsjónar þegar unnið var í nemendabók og æfingahefti. Einnig voru nemendur sendir heim með margföldunartöfluna frá 1 upp í 10 þar sem foreldrar þurftu að hlýða sínu barni yfir og kvitta fyrir þegar þeirra barn var búið að læra töflurnar utanbókar. Lögð var mikil áhersla á að nemendur næðu góðum tókum á margföldun.

Nemendur sem voru í öðru námsefni í stærðfræði fóru eftir áætlun sem þeir fengu frá sínum umsjónarkennara eða sérkennara.

Þrátt fyrir skert skólastarf náðist að halda áætlun og lögðu nemendur og foreldrar sig fram við að gera skólastarfið sem best.

Önnur verkefni: margföldunar langavitleysa, margföldunar tetris, margföldunar bingó, fótbolta margföldun, Liverpool stærðfræði – verkefni sem var unnið í þriggja til fjögurra manna hópum. Nemendur áttu að finna ýmsar upplýsingar um leikmenn Liverpool. Stærðfræði kahoot, Annað ítarefni frá umsjónarkennurum t.d. af Skólavefnum

Uppbrot

Haustferð og útivistardagur í Hlíðarfjall

Hjólað var með nemendur inn í Kjarnaskóg þar sem nemendur borðuðu nesti og léku sér. Ferðin gekk glimrandi vel þrátt fyrir að einn snillingur hafi þurft að fara í heimsókn á sjúkrahúsið. Útivistardagur að hausti var upp í Hlíðarfjalli, þar völdu nemendur að fara á skíði, snjóbretti eða renna sér á þotum.

Árshátíð og þemadagur

Nemendur sýndu leikritið um Línu langsokk eftir Astrid Lindgren. Flestir tóku virkan þátt og stóðu sig mjög vel. HIPP HIPP HÚRRA – alltaf sigur þegar flestir taka þátt. Þemadagur Brekkuskóla gengu vel, þemað að þessu sinni var Akureyri – bærinn minn. Nemendur unnu í hópum þvert á árganga.

Grunnskólamót í frjálsum íþróttum

Mótið var haldið um miðjan maí. Það gekk glimrandi vel, sigurinn var sætur og bikarinn glæsilegur ☺ Nemendurnir stóðu sig vel og voru til fyrirmyndar.

Vettvangsferð að vori og ísferð

Gengið var með hópinn á Hamarkotstún. Farið var í leiki og buðu umsjónarkennara nemendum upp á heimabakaða skúffuköku og safa. Einnig var farið í gangandi í Ísgerðina í Kaupangi nú á vordögnum.

Skólaslit

Tíminn var nýttur í rólegheit, klárað að setja verkefni í ferilmöppur og þær skoðaðar. Einhverjir gripu í spil og aðrir teiknuðu og lituðu í gullbók. Síðustu mínúturnar voru nýttar í að afhenda nemendum jákvæðar umsagnir sem bekkjarfélagar voru búnir að skrifa um hvern og einn. Auk þessa fengu nemendur afhent landakort í lestri.

5. bekkur Upplýsinga- og tæknimennt

Vikulegar 40 mínútna kennslustundir. Í Mentor voru settar upp námslotur og fór námsmat fram með leiðsagnarmati þar sem notuð var munnleg endurgjöf um það sem vel var gert og það sem þurfti að bæta, ásamt leiðum að úrbótum. Auk þess var notast við umsagnir í Mentor. Reynt er að stuðla að því að nemendur geti nýtt sér möguleika tölvutækninnar til að auka þekkingu sína og færni við að leysa fjölbreytt verkefni. Einnig er mikilvægt að nemendur þekki réttar vinnustellingar við tölvur og nýti sér þær. Farið var í leit á netinu. Leitað eftir efni með leitarvélunum Google og Bing. Auk þess var leitað á vefjunum eins og brekkuskoli.is, ja.is/google maps. Verkefnin vöktu áhuga nemenda og mætti halda áfram að þróa þau. Við ritun var notast við Regnbogaritun þar sem nemendur skrifuðu sögur í Word ritvinnslu. Að lokum voru sögurnar prentaðar og settar í hefti sem voru höfð til sýnis á skólasafninu. Vinnan gekk vel og nemendum þykir gaman að lesa sögurnar í heftunum. Fingrasetning var þjálfuð á vefnum Typing.com en þar er hægt að halda utan um vinnu nemenda. Ljóst er að veita þarf meiri tíma í þessa vinnu. Við hreyfimyndagerð notuðu nemendur forritin Málun og Pivot Animator. Verkefnið gekk vel og höfðu nemendur gaman af. Þeir virtust skemmta sér vel og höfðu gaman af að sýna öðrum myndirnar sínar. Farið var í forritun á vefsíðunni Code.org en þar eru nemendur með eigin aðgang og vefurinn heldur utan um vinnu þeirra. Forritunin var unnin í haust í tengslum við forritunarvikuna Hour of code. Þá nýttu nemendur sér vel að geta valið verkefni á vefnum. Auk þess var notast við námsvefina mms.is og chess.com eftir þörfum. Í vetur vannst ekki tími til að vinna slæðukynningu með texta og mynd eins og áætlað var.

Þegar unnið er með tæknilæsi þarf að leggja ríkari áherslu á upplýsingalæsi. Það væri hægt að gera með auknu samstarfi umsjónarkennara og upplýsingafræðings við undirbúning viðfangsefna.

6. bekkur

Í teyminu störfuðu þrír kennarar: Þorgerður Guðmundsdóttir, Erla Rán Kjartansdóttir og Pollý Rósa Brynjólfsdóttir. Tveir kennarar voru í 100% starfi og einn í 82% starfi. Dagrún Matthíasdóttir kenndi ensku 5 ½ kennslustund á viku ásamt 2 ½ kennslustund í íslensku.

Nemendur í 6. bekk voru 66, 26 drengir og 40 stúlkur.

Kennslan fór fram í þremur samliggjandi stofum á annarri hæð skólans. Í stofum 202, 203 og 204. Kennarar í árganginum unnu í teymi og fóru á milli stofa í kennslunni ásamt því að nemendur fóru einnig á milli eftir hentugleika. Hver nemandi átti sína heimastofu og sinn umsjónarkennara. Námsumhverfið hentaði vel og nýttist það nánast daglega að geta opnað á milli stofa.

Árgangurinn fékk tíu l-pada í haust og eftir áramót bættust aðrir tíu við. Reynsla vetrarins sýnir að lágmark sé að hver stofa búi yfir tíu ipöðum sem staðalbúnaði svo hægt sé að grípa til þeirra án mikillar fyrirhafnar.

Þar sem 6. bekkur var fjölmennur í vetur var honum skipt upp í fimm hópa í sundi, tæknimennt og í list- og verkgreinum.

Samfélags- og náttúrugreinar voru kenndar í þeim og unnu nemendur mikið í hópavinnu þvert á árganginn. Hópurinn var sem ein heild sem auðveldar að taka ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemanda ef á þurfti að halda sem varð til þess að álagið dreifðist. Markvisst var unnið með Google Classroom og þá sérstaklega í stærðfræði og íslensku.

Námsver: Árgangurinn fékk átta kennslustundir á viku í námsveri. Alls fór 21 nemandi í námsver einhvern tíma á vetrinum. Flestir þeirra eru með einhverja námsörðugleika. Nokkrir nemendur fengu fast 6-7 tíma á viku. Megináhersla var lögð á lestur, aukinn orðaforða, lesskilning, grunnþætti í málfræði og stafsetningu auk stærðfræði. Til þess að þjálfa enn betur lesskilning var nemendum hjálpað við lestur samfélagsgreina og kennt að leita svara í texta. Nemendur voru þjálfaðir í því að nota hljóðbækur bæði af vef Menntamála-stofnunar og frá Hljóðbókasafni Íslands. Sérkennari fundaði vikulega með umsjónarkennurum þar sem metin var námsleg og félagsleg staða nemenda þannig að hægt væri að bregðast við ef einhver stefndi í vandræði.

Samfélags- og náttúrufræðigreinar

Markmiðum aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum var skipt upp í fimm þemu þar sem unninn voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðm efnisþáttum. Fyrsta þemað sem unnið var með fjallaði um lífríkið í sjó þar sem skoðað var meðal annars fjörur, fiskar, fuglar og gróður. Ýmis hópaverkefni voru unnin ásamt því að fara í sjóferð með Húna. Þá var einnig lögð áhersla á upplýsingatækni, sköpun og fræðslu. Næsta þema fjallaði um Snorra Sturluson. Nemendur hlustuðu á söguna um Snorra og bjuggu til hugtakakort og í framhaldi af því unnu þeir margvísleg verkefni tengd atburðum Íslandssögunnar s.s. myndasögu, tímalínu og ættartré. Þriðja þema vetrarins fjallaði um sögu jarðar og sólkerfið. Hringrás vatns og veðurfar var skoðað, farið var yfir mótun jarðar, loftslag og himingeiminn. Fjórða þemað var trúarbragðafræði þar sem unnið með Hindúatrú og helstu atriði lútherska dagatalsins. Fimmta og síðasta þema vetrarins fjallaði um Norðurlöndin. Farið

var í landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri þætti sem tengdust hverju landi.

Í hverju þema var námsmat sem byggði á símati þar sem lögð er áhersla á frumkvæði og ímyndunarafli, samstarf, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð og skipulag.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í átta lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Áætlanirnar voru einstaklingsmiðaðar. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun kláruðu þeir hana heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögn og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða í þörum en stundum í hópum. Eftir hverja lotu tóku nemendur próf, ýmist rafræn eða á pappír, og hæfniviðmiðin metin. Í vetur var unnið markvisst með leiðsagnarmat þar sem nemendur fengu prófin sín til baka og höfðu kost á því að skoða hvað gekk vel og hvað illa, æfa sig og taka prófin aftur. Þeir nemendur sem ekki náðu 80% markmiða á hverju prófi þurftu að æfa sig betur og endurtaka prófið. Lagt var upp með að hópurnir byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma. Við lok hvorrar annar voru lögð fyrir próf sem meta áttu þau markmið sem unnið hafði verið með.

Í fyrstu lotu var unnið með grunnaðgerðirnar fjórar (+, -, x og ÷) og nemendur þurftu að sýna fram á færni í þeim við lausn orðadæma. Nemendur fóru heim með margföldunartöflurnar og áttu að læra þær utanbóka og margföldunarhraði æfður í skóla (6x 1 mín æfingar). Nemendur fengu einnig sendan heim hugmyndabanka með rafrænum margföldunartöflu æfingum. Í annarri lotu var unnið með hlutfall þar sem nemendur fundu hluta af heild og glímdu við orðadæmi. Hugtakið hlutfall var lagt inn frá töflu og kubbar í poka notaðir. Í lotu þriju var unnið með mynstur og reglu, samlagningu og frádrátt tugabrota og að margfalda með 100. Hugtökin tíundi hluti, hundraðshluti og þúsundasti hluti voru lögð inn frá töflu. Í lotu fjögur var unnið með rúmmál, flatarmál, ummál marghyrninga og yfirborðsflatarmál. Mikil áhersla var lögð á yfirborðsflatarmál og unnið með umbúðir af öllum stærðum og gerðum til að æfa útreikninga. Í fimmtu lotu var unnið með mælingar. Í sjöttu lotu var unnið með almenn brot og notuðu nemendur pappabrot til að átta sig á stærð brota og bera saman mismunandi brot. Við innlögn nýttu kennarar segulbrot á töflu. Nemendur unnu út frá „pizzu“ hugtakinu. Í sjöundu lotu var unnið með margföldun og deilingu út frá mismunandi aðstæðum s.s. daglegu lífi, tugabrotum, vasareiknir nýttur ásamt hugarreikningi. Áttundan og síðasta lotan þjálfaði nemendur í vinnu með hnitakerfi og hlutföll. Kennslumyndbönd voru nýtt við innlögn og sjóorusta til að festa kunnáttuna betur í minni. Stika 2a og Stika 2b voru nýttar sem aðal námsefni í stærðfræði ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefni. Nemendur unnu einstaklingslega, í þörum eða hópum eftir því sem við átti.

Lotuskipulagið og áætlanagerð í stærðfræði reyndist vel. Aukin áhersla á töflukennslu þar sem í upphafi hvernar lotu og efnisþátta er innlögn frá töflu virtist henta nemendum vel. Nemendur virtust ná markmiðunum betur en áður með þessum hætti. Vikulegar áætlanir ýttu einnig undir reglulega námsástundun og vinnusemi. Leggja þarf meiri áherslu á verklega kennslu og utanbókalærdóm á margföldunartöflum.

Íslenska

Í íslensku var áhersla lögð á lestur, lesskilning, málfræði og stafsetningu. Nemendur unnu verkefni einir, í þörum, bekkjarhópum eða hópum sem settir eru saman á annan hátt. Gerð var krafa um að

nemendur sinntu náminu vel í skólanum. Námsmat var fjölbreytt og áhersla lögð á leiðsagnar- og símat s.s. stuttar kannanir, skrifleg verkefni, hópaverkefni og vinnubækur. Próf unnin út frá hæfniviðmiðum vetrarins voru lögð fyrir nemendur í janúar og maí. Töluverð áhersla var lögð á lestur allan veturinn og var nemendum gert að lesa heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku og skrá lesturinn í lestrarskráningardefti. Yndislestur var á hverjum morgni í 20 mínútur í senn. Þeir nemendur sem ekki náðu lágmarks lestrarviðmiðum fengu auk þess auka lestrarþjálfun hjá sérkennara tvisvar sinnum í viku. Lagt var fyrir nemendur lesfímipróf þrisvar yfir veturinn þar sem leshraði var mældur ásamt orðleysis- og nefnuhraðaprófi. Allir nemendur tóku þátt í PALS en ekki náðist að ljúka settu tímamörkum vegna Covid - 19.

Lestur og lesskilningur

Orðspor 2 og Annar smellur var nýtt til að vinna með námsmarkmiðin í lestri- og lesskilningi. Hlutverk námsefnis er að hjálpa nemendum að auka færni sína til að tjá sig bæði munnlega og skriflega, auka við orðaforða þeirra og kenna þeim að lesa á milli lína. Lögð var áhersla á að nemendur væru samhliða í námsefninu til að hægt væri að hafa sameiginlega innlögn fyrir allan hópinn. Kennarinn las upphátt fyrir nemendur eða nemendur lásu punktalestur. Nemendur tóku lesskilningspróf, Orðarún á haust- og vorönn. Þeir nemendur sem komu ekki nægilega vel út fengu aukaverkefni með sér heim, stuðst var við litaverkefni á Skólavefnum.

Framsögn, ritun og ljóð:

Nemendur unnu með frjálssa ritun allan veturinn en eftir áramótin var lögð meiri áhersla stýrða ritun og unnu nemendur margskonar ritunarverkefni og þá aðalega í gegnum Google Classroom. Nemendur fengu umsögn fyrir ritunarverkefni sín ásamt því að notast var við matskvarða í classroom. Nemendur unnu ljóðaverkefni í Orðspor 2 og til þess að dýpka skilning þeirra enn meir unnu þeir tvö ljóðahefti. Til að auka tjáningu og framsögn lásu nemendur sögurnar sínar fyrir samnemendur sem þeir skrifuðu. Það fékk nemendur til þess að æfa tjáningu og að halda athygli samnemenda sinna. Einnig fengu nemendur að segja frá þeim bókum sem þeir höfðu lesið í yndislestri en hugmyndin með því var að fá nemendur til þess að tjá skoðanir sínar um val og rýni á bók ásamt því að auka áhuga annarra nemenda á bókum.

Málfræði og stafsetning:

Í málfræði og stafsetningu var námsefnið Orðspor 2, Málrækt 2 og Mál til komið – grunnbók aðalnámsefnið, einnig voru Skinna, Skræða og Skrudda nýttar sem hliðarbækur. Fyrir utan að nýta þetta námsefni þar sem markvist var verið að æfa grunnin í málfræði þá voru yndislestarbækur nemenda nýttar þar sem nemendur áttu að finna sagnorð, nafnorð og lýsingarorð í þeim texta sem þeir lásu. Jafnframt því áttu nemendur að vinna nánar með þau orð sem þeir fundu. Upplestur í stafsetningu var í hverri viku þar sem kennarinn las texta fyrir nemendur og nemendur skrifuðu niður textann eða ákveðin orð, farið var yfir textann annað hvort í sameiningu eða nemendur fóru yfir hjá hverju öðru.

Enska

Námsefni: Build up 2, vinnubók sem tilheyrir enskuefninu Portfolio, Ljósrit - Enskar málfræðiæfingar, Enskuæfingaröpp á mms.is

Ritun/frásögn, Lengra komnir nemendur lásu Portfolio topicbooks í stað Build up 2 og unnu verkefni sem fylgdi þeim.

Námsmat: Haustpróf og vorpróf, kannanir, samtöl og þýðingarverkefni.

Markmið:

- getur skilið einfalt mál sem tengist nánasta umhverfi
- getur sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og nánasta umhverfi
- getur skilið það sem fram fer bæði í tali kennara og samnemenda
- getur fundið upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- getur tekið þátt í hóp og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- getur fylgt einföldum leiðbeiningum getur tjáð sig og spurt um óskir, þarfir og líðan getur lýst einfaldri atburðarás
- getur skilið texta um persónuleg málefni, áhugamál og daglegt líf getur skilið meginþráð í stuttri sögu eða frásögn getur lesið einfaldar smásögur, frásagnir og fræðsluefni
- getur tjáð sig í stuttum frásögnum og endursögnum

Í verkefnum í Build up 2 lærðu tileinkuðu nemendur sér að taka þátt í samræðum á ensku, tjá skoðanir og upplifanir, gefa leiðbeiningar og fara eftir þeim, lýsa stöðum og útskýra sem og að tala um hluti sem gerast í þátíð, nútíð og framtíð. Auk þess eru æfingarnar að þjálfa nemendur í réttu málfari og málfræði í ensku. Námsbókin byggist m.a. upp á hlustunaræfingum, samtalstækni, skriflegum verkefnum, para og hópavinnu.

Í málfræðihefti kynntu nemendur sér almennar málfræðireglur og gerðu skriflegar afingar og verkefni. Efni: ákveðinn og óákveðinn greinir, regluleg og óregluleg fleirtala, töluorð; frumtölur, raðtölur, dagsetningar og ártöl, persónufornöfn í eintölu og fleirtölu, Sagnir í eintölu, fleirtölu nútíð og þátíð, lýsingarorð og stigbreyting þeirra.

Nemendur í 6. bekk voru mjög námfús og eru flest með góðan málskilning en eru komin mislangt á veg. Í byrjun kom í ljós að þau voru ekki eins sterk í enskri ritun og málfræði svo verkefnum fjölgaði þar og tóku þau framförum í kjölfarið. Nemendur unnu ritunarverkefni þar sem þau skrifuðu kynningu um sig sjálf, áhugamál sín, fjölskyldu og aðra hagi og fengu að nota lpad til aðstoðar. Þau myndskreyttu verkefnið fallega, kynntu þau í upplestri og hengdu upp í stofunni. Þau notuðu lpad í verkefni á vef Menntamálastofnunar og efni á skjá, bæði stutt myndbrot með tali og enskum texta. Einnig unnu nemendur þýðingarverkefni, verkefni í classroom, æfðu samtalstækni í para og hópastarfi. Nemendur lásu enskt lesefni og unnu verkefni með hlustun auk þess að fá stutt létt uppbrotsverkefni.

Í verkefnum almennt og þeim sem snúa að námsmati er farið eftir markvisst eftir þeim markmiðum (2.stig/miðstig) sem uppfylla þarf skv. Aðalnámsskrá Grunnskóla um kennslu nemenda í ensku.

Nemendur í 6. bekk eru almennt ánægðir í enskutímum og hafa staðið sig einstaklega vel í vetur og unnið verkefni sín eftir bestu getu. Einskær vinnugleði!

Upplýsinga- og tæknimennt

Vikulegar 40 mínútna kennslustundir. Í Mentor voru settar upp námslotur og fór námsmat fram með leiðsagnarmati þar sem notuð var munnleg endurgjöf um það sem vel var gert og það sem þurfti að bæta, ásamt leiðum að úrbótum. Auk þess var notast við umsagnir í Mentor. Reynt er að stuðla að því að nemendur geti nýtt sér möguleika tölvutækninnar til að auka þekkingu sína og færni við að leysa fjölbreytt verkefni. Einnig er mikilvægt að nemendur þekki réttar vinnustellingar við tölvur og nýti sér þær. Farið var í leit á netinu og mat á vefsíðum. Leitað var eftir efni með leitarvélunum Google og Bing. Auk þess leitað á visindavefur.is, brekkuskoli.is, gegnir.is/leitir.is, ja.is/google maps og landakort.is. Verkefnin vöktu áhuga nemenda og mætti halda áfram að þróa þau. Auk þess var heimildavinna þar sem nemendur öfluðu upplýsinga um rithöfund sem þeir völdu sjálfir til að kynna. Kynningin var sett upp í PowerPoint og í lokin kynntu nemendur höfundinn og bækur eftir hann fyrir samnemendum. Verkefnið gekk vel og nemendur voru stoltir af vinnu sinni. Þá æfðu nemendur fingrasetningu í Fingrafimi á vefsíðu mms.is og skráðu árangur sinn á blöð. Það gekk ekki nægilega vel. Hugmynd að nota næst vefinn Typing.com en þar er hægt að halda utan um vinnu nemenda. Farið var í forritun á vefsíðunni Code.org en þar eru nemendur með eigin aðgang og vefurinn heldur einnig utan um vinnu nemenda. Forritunin var unnin í haust í tengslum við forritunarkviku Hour of code. Nemendur nýttu sér vel að geta valið verkefni á vefnum. Við hreyfimyndagerð notuðu nemendur forritin Málun og Pivot Animator. Verkefnið gekk vel og nemendur höfðu gaman af. Mætti vera meira krefjandi fyrir suma en þeir virtust skemmta sér vel og höfðu gaman af að sýna myndirnar sínar. Auk þess var notast við námsvefina á mms.is til að sækja ýmsan fróðleik. Í vetur vannst ekki tími til að vinna með ljósmyndir og töflureikni eins og áætlað var.

Þegar unnið er með tæknilæsi þarf að leggja ríkari áherslu á upplýsinga- og miðlalæsi. Það væri hægt að gera með auknu samstarfi kennara og upplýsingafræðings við undirbúning viðfangsefna.

Uppbyggingarstefnan – Lífsleikni

Á haustdögum var mikið unnið með uppbyggingarstefnunna. Margir nýjir nemendur höfðu bæst í hópinn og því var unnið með þarfirnar frá grunni. Haft var að leiðarljósi að nemendur þekktu grunnþarfir sínar og gætu gert sér grein fyrir hvað þörf væri sterkust. Í kjölfar bekkjarsáttmála var unnið með T-spjöld og Y-spjöld ásamt skýrum mörkum. Lífsvagninn var nýttur til að kynna nemendum að þeir hafa stjórn á eigin hegðun og geti valið viðbrögð sín. Bekkjarfundir voru settir á vikulega þar sem nemendur gátu rætt mál sem lá þeim á hjarta og/eða kennarar nýttu fundina í fyrirmfram ákveðin málefni. Áhersla var lögð á að nemendur tækju afstöðu og hefðu sjálfstæðar skoðanir á bekkjarfundunum og trúnaður væri virtur. Bekkjarfundirnir voru einnig nýttir til að benda nemendum á hvernig hægt er að setja sig í spor annarra og hvernig maður getur tekið málefnalega afstöðu til eigin hegðunar og annarra. Nemendur unnu mikið með hugarfar vaxtar þar sem unnið er með eðli náms og hegðunar út frá heilarannsóknnum. Nemendur fengu greinagóða kynningu á þessari hugmyndafræði og virðist sem nemendur hafi tekið meiri ábyrgð á námi sínu í kjölfarið og áttað sig betur og styrkleikum og veikleikum. Hjúkrunarfræðingur sá um fræðslu um helstu breytingar sem fylgja kynþroskaaldri.

Vettvangsferðir

Að hausti fór árgangurinn í þrískiptum hópum í siglingu með Húna II. Þar var fræðsla um lífríkið í sjónum við Eyjafjörð, hvalir skoðaðir, fiskar veiddir og borðaðir. Ferðin er farin í tengslum við markmið aðalnámskrár í náttúrugreinum. Á haustdögum hjólaði árgangurinn saman upp á Hamra í

góðu veðri, nemendur sulluðu og nutu góða veðursins. Í desember heimsótti árgangurinn Norðurslóðasafnið ásamt því að gæða sér á piparkökum og heitu kakói. Í febrúar fór árgangurinn í Hlíðarfjall ásamt öðrum nemendum í Brekkuskóla. Um vorið þá hjólaði árgangurinn aftur saman upp á Hamra í góðu veðri, lék sér þar, grillaði pylsur og naut útiverunnar.

Samvinna við aðra

Vinabekkirir 1. og 6. hittust í aðdraganda jóla. Skipulagðar voru tvær stórar vinnustofur þar sem nemendur blönduðust og föndruðu saman jólaföndur. Áætlaður var hittingur á vormánuði sem féll niður vegna COVID-19.

Foreldrasamstarf

Til að upplýsa foreldra um gang mála í skólanum voru sendir út föstudagspóstar hvern föstudag. Einnig var haft samband við foreldra þegar þurfa þótti. Til að auka sýnileika skólastafsins var foreldrum boðið uppá að tengjast appinu „class dojo“ þar sem hægt er að deila myndum og verkefnum beint til foreldra, bæði sem hóps og einstaklinga. Þetta leysti vandann við að geta deilt myndum með góðum og öruggum hætti ásamt því að geta deilt myndum af verkefnum. Appið var einnig nýtt til að senda myndbrot og einu sinni sendu nemendur persónulegan föstudagspóst á foreldra sína. Forritið nýttist vel til að sinna þessum þætti skólastarfsins. Árgangurinn á sameiginlega facebook síðu sem var nýtt til upplýsingagjafa.

7. bekkur

2 umsjónarkennarar í 100% stöðu Berglind Gylfadóttir og Elín Auður Ólafsdóttir, 1 sérkennari 35% stöðu Halla Tulinius og 1 stuðningsfulltrúi Bjarney Rún Haraldsdóttir.

7. BG 20 nemendur stofa 307, 7. EAÓ 21 nemandi stofa 306

Kennsluhættir: Innlögn/töflukennsla, einstaklingsmiðuð kennsla, hópavinna, paravinna, einstaklingsnám.

Sérkennsla og stuðningur í 7. bekk

Sérkennari í 35 % stöðu sem gerir 9 kennslustundir á viku og einn stuðningsfulltrúi sem fylgdi árganginum yfir skóladaginn.

Um 16 nemendur komu í námsver í litlum hópum, frá tveimur nemendum upp í átta og fengu frá 1 - 6 kennslustundir á viku. Nemendur unnu ýmist að námsmarkmiðum 7. þreps eða útbúin voru einstaklingsmarkmið. Þeir voru því annað hvort með námsefni út frá þrepi 7 og fengu stuðning við vinnu að því, eða námsefni aðlagað allt eftir þörfum hvers og eins. Sérkennari var stundum inn í umsjónarhópum.

Áhersla í námsveri var á læsi; samræður um dagleg mál, að hlusta á lestur, lesa upphátt, rýna í texta og orð, útskýra hugtök og innihald texta, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Einnig samræða í kringum námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum.

Sérkennari fundaði með umsjónarkennurum og stuðningsfulltrúum vikulega til að fara yfir stöðu nemenda og skipulag kennslu.

Umhverfi, lýsing á stofum – námsumhverfi - Tvær samliggjandi kennslustofur.

Jákvætt:

Skjávarpar í stofum

Bjartar og rúmgóðar stofur

Hægt að opna milli stofanna

Neikvætt:

Vantar fleiri tölvur fyrir árganginn

Óþægilegir nemendastólar og kennarastólar

Nettenging hæg

Lítið hægt að opna glugga

Lífsleikni

Bekkjarfundir voru á stundaskrá einu sinni í viku en ekki gekk nógu vel að ná því markmiði. Stundum héldum við árgangafundi eða kynjaskipta fundi, allt eftir þörfum. Á þeim bekkjarfundum sem haldnir voru var áhersla lögð á að virða skoðanir annarra. M.a. var rætt um ólíkar þarfir og mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra og að virða ólíkar skoðanir. Á sama tíma hvöttum við til sjálfstæðra skoðana og að allir fengju tækifæri til að tjá sínar hugleiðingar. Við ræddum um mikilvægi þess að virða trúnað við aðra og stundum komu upp mál sem þurfti að ræða innan smærri hópa og þá átti sú umræða vel við. Í gegnum veturinn unnum við ýmis verkefni sem reyndu á samvinnu nemenda og það var góð æfing. Við tókum margar umræður um mikilvægi þess að stunda nám sitt vel og við

ræddum um skipulag og markmiðasetningu. Í framhaldi af því skipulagði námsráðgjafi Brekkuskóla í samvinnu við námsráðgjafa VMA vettvangsferð þangað þar sem nemendur fengu kynningu á skólanum og námsframboði þar. Virkilega áhugaverð heimsókn.

Við tókum þátt í verkefninu Tóbakslaus bekkur en vegna samkomubanns náðum við ekki að senda verkefni í lokakeppnina. Umræðan í kringum Tóbakslaus bekkur fléttaðist vel við námsefni árgangsins í náttúrufræði þar sem farið fjallað er um skaðsemi vímuefna og það námsefni nýttum við einnig í umræður um líkamlegar og andlegar breytingar sem verða á kynþroskaaldrinum. Í skipulögðum lífsleiknitímum fórum við í hópeflisleiki og nýttum námsefnið *Ertu, vinnubók í lífsleikni*. Í heildina á litið gekk vel að virkja hópinn til umræðna um ýmis mál en við viljum vinna að því næsta vetur að nýta bekkjarfundi enn betur og oftar.

Íslenska

Unnið var jöfnum höndum að öllum þáttum íslenskunnar með fjölbreyttum verkefnum. Lögð var áhersla á upplestur og náði sú vinna hámarki í byrjun febrúar þegar *Stóra upplestrarkeppnin* fór fram í Brekkuskóla þar sem góður hluti árgangsins tók þátt. Fram að því höfðum við lesið bæði laust og bundið mál úr ýmsum áttum og æft framsögn og tjáningu. Hljóðlestur átti daglegan sess í stundaskránni og voru nemendur hvattir til að velja lesefni eftir áhugasviði og lesa heima reglulega. Við lásum bókina *Leynardómur ljónsins* í kjölfarið á ferð í Reykjaskóla en söguvið hennar er einmitt skólinn og sveitin í kring. Fjölbreytt ritunarverkefni voru unnin yfir veturinn og skapandi skrif áttu þar sinn sess bæði í kringum árshátíðarvinnu þar sem nemendur sömdu eigin leikþætti sem og í öðrum ritunarverkefnum. Við nýttum Google umhverfið talsvert við alla ritunavinnu og gerði það nemendum auðveldara að halda utan um sína vinnu og kennurum betra að fylgja henni eftir. Nemendur fengu fræðslu um heimildaöflun og í kjölfarið skrifuðu þeir heimildaritgerð á Classroom vinnusvæðinu. Málfræði og stafsetning var þjálfuð með markvissum innlögnum og fjölbreyttum æfingum. Þar notuðum við námsefnið *Málrækt 3, Skrudda, Orðspor 3* og *Vanda málið*. Auk þess nýttum við ýmsar vefsíður á borð við *Skólavefinn, Málið í Mark* og *Málsmiðjuna* og æfðum þar valda þætti málfræði og stafsetningu. Reglulegt námsmat var yfir veturinn og metin voru stök verkefni, framlegð í tímum og kannanir lagðar fyrir í lok hvernar námslotu. Í vetur náðum við að halda vel utan um markmið okkar og okkur gekk vel að ljúka þeim námsþáttum sem til umfjöllunar voru og fara dýpra ofan í þá þætti sem okkur þótti þörf á. Ef til vill hefðum við getað lagt meiri áherslu umfjöllun um ljóðform og ef okkur hefði gefist tími til þá hefðum við viljað fara í vinnu með rökræður.

Stærðfræði

Unnið var eftir áætlunum að markmiðum og hverri námslotu var ætlað að æfa valda þætti stærðfræðinnar. Við fengumst við grunnaðgerðirnar fjórar með smáum og stórum tölum, jákvæðum og neikvæðum sem og tugabrotum. Við æfðum aðferðir og skilning á hugtökum tengdum tölfræði og líkindareikningi. Nemendur spreyttu sig á því að rýna í gagnasöfn og setja gögnin fram með tölum og myndritum. Við glímdum við hlutfallareikning og lærðum um forgangsroð í reiknaðgerðum, kynntumst frumtölum og samsettum tölum og hvernig skal þátta og frumþátta tölur. Í rúmfræði æfðu nemendur sig í notkun gráðuboga og hringfara og lærðu hugtök tengd ólíkum formum. Við reiknuðum flatarmál, ummál og rúmmál og æfðum útreikninga á tíma og vegalengd. Við lærðum hvernig prósentureikningur getur nýst okkur í daglegu lífi og tengsl hans við almenn brot og tugabrot. Samkomubann hafði áhrif þarna líkt og annars staðar en í heildina á litið náðu nemendur að tileinka sér fjölda nýrra hugtaka og aðferða. Námsefnið sem við notuðum var *Stika 3*,

www.rasmus.is, *skólavefurinn* og ýmis myndbönd til að dýpka innlagnir og til upprifjunar. Kennsla var í formi innlagna á töflu og einstaklingsinnlagna. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð í bland við samvinnunám nemenda þar sem þeir unnu saman að lausn dæma. Í lok hvernar lotu var könnun og framvinda nemenda metin þar en einnig fór fram reglulegt mat á vinnu nemenda í tímum. Nokkuð vel gekk að komast yfir þá námsþætti sem til umfjöllunar eru í 7. bekk en við teljum þörf á að endurskoða námsmarkmiðin með tilliti til þess að hægt sé að fara dýpra í suma þætti en aðra. Samkomubann setti strik í reikninginn hér líkt og annars staðar og þó okkur tækist að halda skipulagi kringum stærðfræðina þá féll námsmat niður í einni lotu.

Samfélagsgreinar

Viðfangsefni vetrarins var Evrópa og fjölluðum við um landshætti, gróðurfar, atvinnuhætti, auðlindir og orku, umhverfismál, samgöngur og mannlíf í öllum fjórum hlutum álfunnar. Einnig kynntum við okkur merkilega atburði og áhugaverða einstaklinga úr sögu Evrópu á borð við frönsku byltinguna, Napóleón og fyrri og seinni heimsstyrjöld auk þess sem við gerðum bandarísku byltingunni gegn breskum yfirráðum skil. Unnið var með námsefnið *Evrópa lesbók og vinnubók, Kortabók handa grunnskólum, Lýðræði og tækni* og ýmis konar efni sem við fundum á netinu t.d. myndbönd og hlaðvörp. Við unnum mikið í Google umhverfinu svo sem í Classroom og Slides og því var samþáttun við upplýsingatækni talsverð. Unnið var stórt og veigamikið hópverkefni þar sem nemendur leituðu heimilda um tiltekið Evrópuland, gerðu því skil á ýmsa vegu og á dagskrá var að flytja á því verkefni kynningu þegar samkomubann skall á. Vegna samkomubanns komumst við ekki yfir allt það efni sem á dagskrá var en ætlunin var gera gamla samfélaginu á Íslandi skil og merkum atburðum á borð við Tyrkjaránið og valdarán Jörundar hundadagakonungs. Vel gekk að glæða áhuga nemenda á viðfangsefnum, sérlega þegar kom að sögulegum atburðum og gera þeim góð skil.

Náttúrugreinar

Við unnum með námsefnið *Maðurinn – hugur og heilsa lesbók og vinnubók og Auðvitað – heimilið*. Auk þess notuðum við ýmis ljósrituð verkefni og verkefni frá kennurum í Google umhverfinu. Umfjöllunarefnið var mannlíkama, líffæri hans og virkni þeirra og við fræddumst um tegundir og hlutverk frumna, samspil beina og vöðva, leið blóðsins um blóðrásarkerfið, meltingarfærin og næringarefni sem þau vinna úr matnum, öndunarfærin og lifur og nýru sem gegna hlutverki hreinsunarkerfis í líkamanum. Einnig fræddumst við um samspil heila og tauga við skynfæri okkar og lærðum um fjölmörg hlutverk húðarinnar. Að lokum færðum við okkur í umfjöllun um kynþroskatímabilið og þær breytingar sem verða á líkamanum og andlegri heilsu með tengingu við umfjöllun um vináttu og vímuefnavarnir. Unnið var stórt samvinnuverkefni þar sem nemendur gerðu öllum þessum þáttum skil með upplýsingaöflun og útfærðu vinnuna í formi mannlíkama í fullri stærð á pappír. Við lögðum áherslu á mikla samþættingu við upplýsingatækni og m.a. unnu nemendur að heimildaöflun og útbjuggu rafræn hugtakakort í tengslum við næringarefni. Námsmat byggðist að miklu leyti á framlegð í tímum og skilaverkefnum en einnig lögðum við fyrir eina könnun og tímaverkefni þar sem nýta mátti námsgögn. Samkomubann setti einnig strik í reikninginn hér því við komumst ekki langt í þeim námsþáttum sem snúa að eðlis- og efnafræði en við fjölluðum þó um mikilvægi vísindalegra vinnubragða í vísindastarfi og nokkur grunnhugtök í efnafræði. Hópavinna gekk almennt vel og það verkefni fór vel af stað og vakti áhuga nemenda en aftur á móti tók sú vinna lengri tíma en áætluð var og næst þyrftum við að setja upp skýra tímaáætlun fyrir verkefnið.

Danska

Við fengumst við einfaldan orðaforða tengdum nemandanum sjálfum og daglegu lífi. Við lærðum um tölurnar upp að tuttugu, algengustu liti, fatnað, vikudagana, árstíðirnar, fjölskylduna og heimilið. Við æfðum hlustun gegnum einfaldar hlustunaræfingar og danska tónlist, horfðum reglulega á sjónvarpsefni ætlað börnum og unglingum og unnum verkefni tengd því áhorfi. Til vinnunnar nýttum við námsefnið *Start lesbók og vinnubók*, forritin *Kahoot* og *Quizlet* auk ítarefnis. Nemendur unnu mikið sjálfstætt en einnig í pörum. Vel gekk að glæða áhuga á nýju tungumáli. Á dagskrá var samvinnuverkefni sem ætlað var að auka orðaforða en ekkert varð úr því vegna samkomubanns. Yfir veturinn lögðum við fyrir tvær kannanir og nokkur rafræn skilaverkefni og mátum einnig vinnubókarvinnu nemenda.

Enska

Unnið var með orðaforða, lesskilning og nokkur málfræðiatríði. Sérstök áhersla á orðaforða tengdum heilsu og lífsstíl. Við lásum einfaldaða útgáfu af sögunni um Frankenstein og fleiri smásögur og unnum verkefni úr þeim. Hlustunarskilningur æfður með ýmsum verkefnum og áhorfsskilningi gerð skil inn á milli. Stuttmyndaverkefni þar sem nemendur unnu í hópum, skrifuðu handrit og tóku upp myndbönd með ensku tali reyndu á ritunarfærni, samvinnu og munnlega tjáningu. Við unnum ýmis verkefni í námsbókinni *Action lesbók og vinnubók* og gagnvirk verkefni frá ýmsum vefsíðum sem æfðu ýmist lesskilning, stafsetningu eða málfræði. Nemendur unnu einnig ýmis skilaverkefni í Google umhverfinu og var námsmat byggt á verkefnavinnu, vinnubókum og framlegð í tímum. Vel gekk að vinna að námsmarkmiðum ensku í vetur en alltaf má betur gera.

Upplýsingatækni

Við nýttum Google umhverfið mikið við okkar vinnu og lærðum sífellt meira eftir því sem á veturinn leið. Í fyrstu var áherslan á að nemendur kynnu að nálgast vinnusvæði sín í Mentor og Google gegnum nemendaaðganga, gætu sent tölvupósta til kennara og nálgast eigin pósta. Fljótlega byrjuðum við að vinna í Google Docs og Classroom og færðum mörg verkefni inn í það umhverfi. Þetta fyrirkomulag hentaði vel því það auðveldaði yfirsýn og utanumhald. Við unnum einnig verkefni með notkun Google Slides sem er þægilegt forrit til hönnunar glærusýninga og í samkomubanni tókum við Google Meet í notkun til samskipta. Í samkomubanni varð Google svæðið okkar aðal vinnusvæði ef svo má segja og leið fyrir okkur til að miðla viðfangsefnum til nemenda sem heima voru. Fleiri forrit sem við nýttum við vinnu voru Quizlet og Kahoot sem við nýttum m.a. mikið til orðaforðavinnu auk þess sem við æfðum fingrasetningu í gegnum vefsíðuna 10fastfingers.com og fleiri vélritunarforrit. Við fórum einnig í heimsókn á Amtsbókasafnið og nemendur fengu þar fræðslu um heimildaöflun sem nýttist þeim í vinnu þeirra við skrif á heimildaritgerð. Við mælum með að það sé gert með öllum árgöngum og við sáum að nemendur nýttu sér bókasafnið þegar kom að heimildavinnu.

Uppbyggingarstefnan - áherslur í vetur og hvernig unnið

Í upphafi skólaárs fórum við í vinnu með uppbyggingarstefnu. Hver og einn vann þarfagreiningu og út frá henni þarfarenning sem var síðan til sýnis ofan við fatasnaga á gangi. Unninn var árgangssáttmáli út frá þeim gildum sem árgangurinn valdi sér að hafa að leiðarljósi yfir veturinn og gerð voru T-spjöld og Y-spjöld til að dýpka umfjöllunina. Uppbyggingarstefnan mótaði á hvaða hátt unnið var að nemendamálum yfir veturinn en ekki var um mikla formlega vinnu að ræða sem er nokkuð sem þyrfti að bæta úr.

Covid-19

Í samkomubanni var kennt annan hvern dag í 7. bekk. Hina dagana unnu nemendur heima. Margir nemendur unnu að heiman yfir allt tímabilið og allir nemendur fengu vikulegt skipulag við hæfi. Verkefni færðust að miklu leyti yfir í Google Classroom og þegar líða fór á samkomubannið hófum við að þreifa fyrir okkur í notkun Google Meet til að aðstoða nemendur með viðfangsefni sín og „hitta“ þá sem alfarið unnu heima við.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagur 28. ágúst. Nemendur höfðu nokkra valmöguleika um hreyfingu.

Við tókum þátt í samkeppninni um *Náttúrufræðing Brekkuskóla* á Degi íslenskrar náttúru, 16. september. Það er samkeppni milli nemenda skólans í að greina fugla, plöntur og þekta staði á Íslandi.

Árshátíð var 7. nóvember og við byrjuðum að undirbúa hana u.þ.b. mánuði fyrr. Sameiginlegt þema 7. og 8. bekkjar var *Tímaflakk*. Nemendur sömdu eigin leikþætti eða dansatriði sem þeir tengdu við þemað. Sumir nemendur kusu að vinna við leikmunagerð og sviðsaðstoð. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, sköpun og gleði. Nemendur sýndu tvær sýningar á árshátíðardaginn og á milli þeirra var hægt að fara í draugahús 6. bekkjar, kaupa tombólumiða, fara á kaffihlaðborð 10. bekkjar eða eiga rólega stund í umsjónarstofu.

Kósýdagur eftir árshátíð þar sem nemendur höfðu val um að horfa á mynd eða spila. Þann dag var frjálst nesti.

Vettvangsferð í VMA. Samstarfsverkefni milli námsráðgjafa Brekkuskóla og Verkmenntaskólans. Nemendur fengu leiðsögn um skólann og var kynnt fjölbreytt námsframboð skólans. Virkilega áhugaverð heimsókn sem vakti vonandi einhverja til umhugsunar um námsframboð eftir grunnskóla.

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur kom í heimsókn til okkar þann 9. desember og las upp úr nýrri bók sinni, *Ungfrú fótbolti* og svaraði fyrirspurnum nemenda.

Föndur fyrir jólin. Við föndruðum jólakransa úr gömlum púsluspilum sem voru síðan sprejjaðir og margir nýttu tækifærið til að útbúa jólagjafir fyrir foreldra.

Ferð í bíó 19. desember. Sýnd var jólamynd. Þeir sem ekki vildu taka þátt fengu að vinna að öðrum verkefnum í skólanum.

Útivistardagur í Hlíðarfjalli, 11. febrúar. Veður var erfitt til skíðaiðkunar og farið var fyrr heim.

Upplestrarhátíð 7. bekkjar var haldin á sal skólans. Hátíðlegur viðburður á sal þar sem margir nemendur tóku þátt og lásu. Dómnefnd valdi tvo fulltrúa skólans og tvo varamenn til að lesa í Stóru upplestrarkeppninni.

Þemadagar voru 13. og 14. febrúar og var unnið með þemað *Akureyri, bærinn minn*. Nemendur völdu sér vinnustöðvar eftir áhugasviði þar sem ólík nálgun var á viðfangsefnið.

Stóra upplestrarkeppnin í sal Menntaskólans á Akureyri. Brekkuskóli átti tvo fulltrúa í keppninni, tvo varafulltrúa og einnig tóku nokkrir nemendur úr skólanum þátt í tónlistarflutningi. Fulltrúar Brekkuskóla stóðu sig með mikilli þryði og til að fagna því var ísveisla í boði skólans daginn eftir.

Skólaferðalag að Reykjum í Hrutafirði. Dvalið var þar dagana 9.-13. mars við leik og störf.

Hinsegin fræðsla frá Rósenborg. Félagsmálafulltrúi frá Rósenborg fræddi árganginn um mismunandi fjölskyldumynstur, mismunandi kynhegðun fólks, hvað þýðir hinsegin, hvenær kemur það í ljós hvort maður er hinsegin eða ekki og hvað er þá gott að gera.

Frjálsíþróttamót grunnskólanna. Margir tóku þátt og náðu góðum árangri. Brekkuskóli lenti í fjórða sæti í heildina.

Vorferð í Kjarnaskóg fimmtudaginn 28. maí. Farið með strætó áleiðis og gengið restina af leiðinni. Nesti borðað, leikið á ærslabelgnum og strandblak spilað. Skemmtilegur dagur þrátt fyrir að góð veðurspá hafi ekki að fullu gengið eftir.

Leitin mikla. Ratleikur um bæinn með 8. bekk þar sem að nemendur mynda lið, leysa hinar ýmsu þrautir og svara spurningum. Búningaþema. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæsta liðið og liðið í bestu búningunum.

Vorgrill. Hreyfistöðvar á skólalóð. Hver umsjónarhópur fór saman á milli stöðva með umsjónarkennara. Að útveru lokinni var boðið upp á pylsur og safu í matsal.

Skólaslit. Róleg stund í umsjónarstofum með árganginn saman. Nemendur færðu í ferilmöppurnar sínar eftir veturinn og spiluðu Kahoot. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæsta lið og bestu búninga í Leitinni miklu og einnig voru veitt verðlaun fyrir snyrtilegasta herbergið í ferðinni til Reykjaskóla. Árgangurinn kvaddur í bili.

Samvinna við aðra

Lítið var um samstarf við vinabekk í vetur fyrir utan það að 7. bekkur fylgdi 2. bekk á jólaballið á litlu jólunum. Áætlað var að skipuleggja samverustund en úr því varð ekki vegna Covid-19. Það stendur til bóta næsta vetur. Við áttum samstarf við 8. bekk í kringum árshátíðaratriðin þar sem árgangarnir völdu sameiginlegt þema og við samræmdum sýningarnar. Við skipulögðum jólaföndur í samvinnu við kennara 8. bekkjar en árgangarnir unnu þó ekki saman í því. Á vordögum tóku 7. og 8. bekkur saman þátt í ratleiknum Leitin mikla þar sem nemendahópar fóru um bæinn og leystu þrautir. Kennarar 6. – 10. bekkjar unnu saman að skipulagningu þemadaga og voru settar upp starfsstöðvar þar sem kennarar buðu upp á fjölbreytt verkefni í tengslum við þemað. Samstarf við námsráðgjafa var gott og skipulagði hann vettvangsferð fyrir árganginn í VMA út frá umræðum um námstækni og ábyrgð á eigin námi. Til stóð að fá foreldra í heimsókn með kynningar á eigin starfi og hafði námsráðgjafi frumkvæði að því. Fáir foreldrar buðu sig fram í verkefnið og þurfti að fresta því en vonandi munum við stefna að slíku verkefni í 8. bekk.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs og byrjun vorannar fóru fram samtöl milli kennara, foreldra og nemenda. Í samtölunum gafst tækifæri til að fara yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda og ræða önnur mál eftir þörfum. Vikulegir póstar voru sendir til heimila með upplýsingum um viðburði líðandi viku og verkefni komandi viku. Ekki náðist að boða til morgunmóttöku fyrir foreldra líkt og verið hefur gert síðustu ár vegna samkomubanns. Mæting foreldra á árshátíð nemenda var góð og nokkrir foreldrar sáu sér fært að mæta á upplestrarhátíð árgangins í febrúar.

8. bekkur

Í árgangnum eru 58 nemendur í þremur umsjónarhópum.

Teymið samanstendur af 3 umsjónarkennurum í 100% stöðu, sérkennara í 37% stöðu og oft 2 stuðningsfulltrúum sem fylgja árganginum á meðan á kennslu stendur. Til umráða hefur árgangurinn 3 kennslustofur á þriðju hæð í suðurenda byggingar og aðstaða fyrir sérkennara í fjórðu stofu á sama gangi. Nemendur fara á milli þessara þriggja stofa þar sem umsjónarkennarar skipta með sér faggreinum.

Sérkennsla og stuðningur í 8. bekk

Sérkennari í 38 % stöðu sem gerir 10 kennslustundir á viku og tveir stuðningsfulltrúar sem fylgdi árganginum yfir skóladaginn.

Um 13 nemendur komu í námsver, oftast í litlum hópum og einstaka nemandi fékk einstaklingstíma. Sumir komu reglulega yfir veturinn 3 - 6 kennslustundir á viku en aðrir af og til. Sérkennari var stundum inni í umsjónarhópum.

Nemendur unnu ýmist að námsmarkmiðum 8. þreps eða útbúin voru einstaklingsmarkmið. Þeir voru því annað hvort með námsefni út frá 8 þrepi og fengu stuðning við vinnu að því, eða námsefni aðlagð allt eftir þörfum hvers og eins. Sérkennari var stundum inn í umsjónarhópum.

Áhersla í námsveri var á læsi; samræður um dagleg mál, að hlusta á lestur, lesa upphátt, rýna í texta og orð, útskýra hugtök og innihald texta, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Nokkrir nemendur fengu stuðning í ensku. Einnig samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum.

Sérkennari fundaði með umsjónarkennurum og stuðningsfulltrúum vikulega til að fara yfir stöðu nemenda og skipulag kennslu.

Lífsleikni - Uppbyggingarstefnan

Markmiðin í lífsleikni voru að nemendur gætu staðið með sjálfum sér, sýnt sjálfsaga og ábyrgð í mannlegum samskiptum og geti sett sig í spor annarra. Unnið var að þessum markmiðum með skipulögðum bekkjarfundum einu sinni í viku. Nemendur sátu í hring þar sem skipt var stelpa, strákur, stelpa, strákur. Aðallega var unnið munnlega með nemendum en við fórum líka í leiki og fengum góða gesti til þess að leggja inn ákveðin viðfangsefni, til dæmis Ragnheiði skólahjúkrungarfræðing og Siggú Dögg kynfræðing.

Lífsleiknin gekk að mestu vel og notast var við símat.

Íslenska

Skólaárinu var skipt í 7 lotur þar sem markmið hvorrar lotu var áhersla á málfræði, stafsetningu, bókmenntir og ritun. Unnið var að mestu út frá námsefninu *Skerpu*. Nemendur fengu námsbækurnar *Málfinn* og *Skriffinn* til stuðnings og sem ítarefni ásamt þjálfun í að nota leitarsíður og íslenskar orðabækur.

Verkefni skólaársins voru unnin með fjölbreyttum hætti til dæmis með hópavinnu, einstaklingsvinnu, samvinnu, gerð hugarkorta, framsögn og tjáningu og spurningaleikjum. Verkefni voru metin jafnóðum og könnun lögð fyrir nemendur eftir hverja lotu.

Íslenskukennslan gekk vel. Kennslubók *Skerpu* er sett upp í 8 lotur. Það er gott að hafa þann grunn sem er svo hægt að útfæra og aðlaga að hverjum nemendahóp hverju sinni.

Stærðfræði

Markmið – Hvað átti að læra/kenna?

Aðalmarkmiðin í stærðfræðinni voru að nemendur beiti nákvæmni í vinnubrögðum. Fari rétt með táknafræði stærðfræðinnar, þekki merkingu helstu stærðfræðitákna og geti beitt þeim af nákvæmni. Þeir lesi og túlki stærðfræðilegan texta og læri að nota reglustiku, hringfara, vasareikni, gráðuboga og önnur verkfæri stærðfræðinnar við ýmis verkefni.

Námsþættir sem aðallega voru teknir fyrir tengdust rúmfræði og mælingum, hlutföllum, algebru og jöfnum, tölum og reikningi, tölfræði og líkindum og hnitakerfi og flutningi. Einnig var mikil áhersla á að nemendur þjálfist í að gera sér áætlanir um vinnu sína.

Viðfangsefni – Út frá hvaða viðfangsefnum var unnið?

Nemendur unnu í lotum að ákveðum verkefnum með hringfara og stiku. Þeir kynntust dæmum um tengsl stærðfræði og byggingarlistar og ýmis verkefni voru unnin sem snerta einkenni þríhyrninga, ferhyrninga, hornasummu og flatarmáli marghyrninga. Það sem einkum var nýtt var umfjöllun um hæðir í þríhyrningum.

Mikið var unnið með forgangsröð aðgerða og sviga og mynstur í tengslum við bókstafareikninginn. Að nemendur geti greint reglur í talnarunum og munstrum og sett fram stæður á þeim grunni.

Fjallað var um hlutfall af heild, hlutfall milli hópa og mælikvarða í ýmsum verkefnum.

Leiðir og hjálpargögn sem notuð voru til að ná markmiðum.

Námsefni sem lagt var til grundvallar var *Átta-10 (1 og 2)* og heimadæmi á moodle.akureyri.is. Margvíslegar aðferðir voru notaðar, nemendur glósuðu, unnu einstaklingslega, í pörum og hópum. Nemendur hvattir til að taka þátt í Pangea-stærðfræðikeppninni. Kennari var með sýnikennslu og öll tækifæri þar sem hægt var að nota verklega kennslu voru nýtt. Nemendur gerðu sér áætlun um vinnu ákveðinna kafla til að ná þeim markmiðum sem lágu til grundvallar. Þau fengu áformsblað í hvert sinn sem nýr námsþáttur var tekinn fyrir. Leikir s.s. frumtöluleikurinn var notaður og ýmis forrit s.s. Thatquiz, Excel (eða Sheets), Plickers, Flipgrid. Classroom var einnig notað fyrir nokkur verkefni. Zoom kom einnig að góðum notum í samkomubanninu þegar krakkarnir þurftu að læra allt heima.

Hvaða áherslur/leiðir voru í námsmati?

Fjölbreyttar námsmatsaðferðir voru notaðar auk hefðbundinna skriflegra prófa s.s. vinnubók, svindlpróf (þar sem nemendur máttu hafa með sér minnismiða), samvinnupróf, rafræn próf bæði heima og í skóla, undirbúið próf (þá fengu nemendur að hafa námsmatsverkefnið með sér heim daginn fyrir próf og skoða það og síðan leystu þeir það í skólanum daginn eftir). Könnun með glósubók, heimapróf og símat kennara á virkni í tíma og vinnubrögðum.

Mat –Hvernig gekk?

Það gekk vel að nota áætlanablöðin framan af vetri en í samkomubanninu kom mikið los á og í maí voru margir nemendur sem vildu að kennari segði þeim hvaða dæmi ætti að vinna. Nemendur virtust mjög ánægðir með að fá glósur í upphafi ákveðinna námsþátta en sumir nemendur ná að halda nógu vel utan um námsgögn sín og þá hafa þessar glósur týnst og jafnvel öll námsgögnin. Nemendur fengu reiknivél á bókasafninu en margir nemendur mættu í tíma án reiknivélar. Nemendur virtust hissa á fjölbreyttu námsmati og sumir áttu í erfiðleikum með að nýta sér hjálpargögn sem leyfð voru í ákveðnum námsmatsverkefnum. Það gekk vel að nota forritin t.d. Thatquiz sem gaf kennara góðar upplýsingar um stöðu nemenda og þótti nemendum gaman að vinna á fjölbreyttan hátt. Nemendur voru stundum stressaðir í byrjun þegar þeir voru að kynna nýjum forritum t.d. við að búa til myndband í Flipgrid. Í næsta skipti voru þeir öruggari.

Samfélagsgreinar

Markmið nemenda í vetur voru að fræðast um jörðina, uppbyggingu hennar og hvernig hún mótast. Nemendur fræddust einnig um iðnbyltinguna og þær afleiðingar sem hún hafði á þróun samfélaga í Evrópu og sérstök áhersla lögð á Ísland og hvernig sjálfstæðisbaráttan fléttaðist þarna inn.

Nemendur unnu með bækurnar Um víða veröld, jörðin og Lýðræði og tækni. Þeir unnu ólík verkefni bæði í hópum og einstaklingslega. Þeir bjuggu til vegg- og kröfuspjöld, gerðu tímarit, glærusýningar, svöruðu hefðbundnum spurningum fóru í nearpod og kahoot. Lagt var upp úr að hafa námið fjölbreytt og áhugavert.

Símat ásamt prófum voru notuð í námsmati og gekk veturinn vel þrátt fyrir óvæntar aðstæður í samfélaginu. Nemendur voru fljótir að aðlagast nýjum námsleiðum og gerðu það flestir fúsir, jákvæðir og af kappi.

Náttúrugreinar

Markmið – Hvað átti að læra/kenna?

Aðalmarkmiðin í náttúrufræðinni skiptust markmiðin á milli lífvísinda og eðlívísinda. Mikil áhersla var á fræðileg vinnubrögð, nákvæmni og að læra að framkvæma tilraunir.

Viðfangsefni – Út frá hvaða viðfangsefnum var unnið?

Í líffræðinni tengdust markmiðin því að læra um lífheiminn og hvernig honum er skipt upp. Ríki baktería og veira og dýraríkið með áherslu á hryggleysingja var í forgrunni. Í eðlisfræðinni tengdust markmiðin rafmagnsfræðinni og hljóði.

Leiðir og hjálpargögn sem notuð voru til að ná markmiðum.

Nemendur unnu hugtakakort, lærðu að nota smásjá, útbjuggu fræðilega kynningu um valda lífveru, skrifuðu fræðilegan bækling um sjúkdóm af völdum bakteríu eða veiru, gerðu tilraun með

örveruræktun og krufðu fisk. Þeir skrifuðu skýrslur og unnu margvísleg verkefni s.s. í Nearpod, Flipgrid, Quizlet.

Hvaða áherslur/leiðir voru í námsmati?

Matskvarðar voru mikið notaðir til að nemendur gætu séð fyrirfram hvaða viðmið væru gerð við námsmat og einnig til að endurgjöfin væri góð. Sjálfsmatskvarði var einnig notaður, kannanir (rafrænar í moodle), skýrslur, Plickers.

Mat –Hvernig gekk?

Mjög langan tíma tekur að fara yfir verkefni og skrifa athugasemdir (comment) við þau atriði sem þarf að laga en mjög margir tóku framförum við þessi vinnubrögð. Erfiðlega gengur að fá gögn til að framkvæma tilraunirnar, næringaragarrinn er ekki lengur seldur hjá A4 og það er ekki auðvelt að útvega fisk til krufningar. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi og gaman að sjá framfarir.

Danska

Markmið námsins var að auka orðaforða nemenda í dönsku, auka málfræðikunnáttu þeirra á málinu og þjálfar ritun. Nemendur fengu aðeins að kynnst töluðu máli þar sem þau töluðu dönsku sín á milli í leikjum. Til þess að vinna að þessum markmiðum var unnið var út frá námsbókum *Smart*, bæði lesbók og vinnubók.

Nemendur fengu fjölbreytt verkefni í formi eyðufyllinga, spurningaleikja milli einstaklinga, hlustunaræfinga, krossglímuæfinga, þjálfunaræfinga í þýðingum á Quizlet og spurningakeppnum í Kahoot. Þá fengu nemendur einnig leiðbeiningar um notkun www.snara.is og dansk/íslenskri orðabók.

Dönskukennslan gekk vel þar sem verkefnin voru aðlöguð að nemendahópnum og notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem voru útfærðar í kringum verkefni upp úr *Smart*.

Enska

Markmið nemenda var að þjálfar ýmis málfræðiatríði á borð við stigbreytingu lýsingaorða og úrfellingakommu. Einnig að auka og þjálfar orðaforða tengdan hraða, tísku, íþróttum og menningu svo dæmi séu tekin.

Unnið var með kennslubækurnar Spotlight 8, les- og vinnubók. Ásamt hefðbundinni vinnu í þeim bókum fengu nemendur útprentuð verkefni frá kennara, unnu gagnvirk verkefni á netinu, spiluðu, þjálfuðu orðaforðann í quizlet, skrifuðu sögur og héldu kynningar á efni sem þeir höfðu kynnt sér og fræðst um.

Prófum og símati var fléttað saman í námsmatinu. Veturinn gekk vel þrátt fyrir flóknar aðstæður á tímum. Flestir aðlöguðust ólíkum aðstæðum vel og unnu að kappi.

Upplýsingatækni

Markmið nemenda voru að þjálfast frekar í fingrasetningu, fræðast um og velta fyrir sér gagnrýninni hugsun, leita upplýsinga, huga að hættum sem geta mætt þeim á netinu og leiðir til að varast þær.

Nemendur unnu nær eingöngu í gegnum fartölvur en notuðust einstaka sinnum við símana sína. Þeir unnu bæði verkefni sem til eru á netinu og sem útbúin voru sérstaklega af kennara.

Símat var notað til námsmats. Veturinn gekk ágætlega og tók smá sveig í samkomubanninu þegar öll kennsla færðist heim og nemendur mættu nýjum áskoronum í það hvernig sinna ætti náminu í gegnum fjarkennslu.

Annað:

Fjarkennsla í gegnum Zoom á tímum samkomubanns vegna Covid-19. Nemendur mættu í 3 kennslustundir á dag.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Mjög viðburðarríkur og fjölbreyttur vetur:

Útivistardagur 28. ágúst. (Nemendur höfðu val um að hjóla, fara í fjallgöngu...).

Leikhúsferð í Samkomuhúsið 2. september. Leikfélag unga fólksins bauð bekknum á sýninguna FML.

Tókum þátt í samkeppninni um *Náttúrufræðing Brekkuskóla* á Degi íslenskrar náttúru, 16. september. Það er samkeppni milli nemenda skólans í að greina fugla, plöntur og þekta staði á Íslandi.

Í byrjun október kom Guðmundur Óli frá félagsmiðstöðinni fjallaði um staðalímyndir og áhrif samfélagsmiðla. Hann kom inn í hvern umsjónarhóp.

Við byrjuðum að undirbúa árs hátíð 8. október í lífsleiknitíma með hugmyndavinnu. Út frá þeirri vinnu var ákveðið að vera með þemað *Tímaflakk*. Nemendur völdu sér tímabil, skiptu sér í hópa og sömdu verkin sjálf. Verkin voru í formi söngs, dans og leikþátta.

Knattspyrnumót í Boganum 11. október (flestin fóru á hjólum, þeir sem ekki gátu hjólað fóru með strætó).

Árshátíðardagurinn 7. nóvember 2019. Nemendur mættu klukkan 10 og byrjuðu daginn á að undirbúa og afgreiða pylsur í hádegismat fyrir nemendur skólans. Það voru tvær sýningar þar sem árgangurinn sýndi verkin sín. Á milli sýninga skemmtum við okkur í dansi, spilum og gleði. Krakkarnir sóttu tombóluna og draugahúsið vel og fóru í kaffisöluna hjá 10. bekk. Deginum lauk klukkan 18 eftir góðan dag og frágang.

Kósýdagur eftir árs hátíð þar sem nemendur höfðu val um að horfa á mynd eða spila. Þann dag var frjálst nesti.

Rithöfundur kom í heimsókn 9. desember, Brynhildur Þórarinsdóttir.

Föndur fyrir jólin, 17. desember (gömul og úrelt púsl notuð til þess að búa til óra sem voru sprejjaðir og annað jólaföndur).

Ferð í bíó 19. desember. Þeir sem ekki höfðu áhuga á bíóferð fóru í Jólasveinabrekkuna og renndu sér (tókum strætó upp í Skógarlund og gengum þaðan).

Félagsvist 2x - fyrir og eftir áramót.

Kynfræðsla frá Siggú Dögg – árgangnum kynjaskipt og fræðsla fyrir hvorn hóp fyrir sig.

Útivistardagur í Hlíðarfjalli, 11. febrúar.

Þemadagar 13. og 14. febrúar. Þemað: *Akureyri, bærinn minn.*

Fræðsla frá Ragnheiði hjúkrunarfræðingi sem fjallaði um jákvæða líkamsímynd og hugrekki. Hún kom 2x inn í hvern umsjónarhóp.

Vettvangsferðir

Hvert - hvað var gefandi við ferðirnar?

Vettvangsferð í Naustaborgir 24. september þar sem farið var í ratleik (við að smala kindum) og endað á leik uppi á Hömrum.

Hjólatúr í byrjun maí í Kjarnaskóg, strandblak, borðtennis, nesti og fleira.

Samvinna við aðra

3. bekkur var vinabekkur 8. bekkjar. Því miður var samstarfið ekki mikið. Það var búið að skipuleggja tvær ferðir að vori en vegna Covid-19 þurftum við að hætta við þær.

Í vor fórum við í *Leitina miklu* með 7. bekk.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl í upphafi skólaárs.

1-3-5-8 fundir með foreldrum.

Foreldraviðtöl í janúar.

Morgunfundir féllu niður vegna Covid.

Vikulegir föstudagspóstar til foreldra.

9.bekkur

Teymi vetrarins samanstóð af þremur umsjónarkennurum, þremur sérgreinakennurum, einum sérkennara, einum kennaranema/stuðningsfulltrúa og einum stuðningsfulltrúa. Auk þess eru fimm listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, einn námsráðgjafi og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 54.

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316.

Hluti kennslunnar á vorönn fór fram í fjarkennslu vegna Covid 19. Haldnir voru fjarfundir með nemendum ýmist á google meet eða zoom. Kennsluáætlanir, glósur og fyrirlestrar voru settar inn á google classroom. Einnig voru mikil samskipti í gegnum tölvupóst.

Sérkennsla og stuðningur í 9. bekk

17 nemendur í 9. bekk fengu sérkennslu í vetur. Auk þess starfaði stuðningsfulltrúi með bekknum. Fleiri nemendur en eiginlegir sérkennslunemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara eða stuðningsfulltrúa. Tímamagn sérkennslu í námsveri var 15 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 6 tíma á viku. Auk þessa voru 2 nemendur sem voru óreglulega í skóla og þá aðallega hjá sérkennara, allt að 12 tíma á viku. Aðal áhersla var á íslensku og stærðfræði og fór kennslan ýmist fram inni í bekk eða í námsveri eftir áherslum hverju sinni. Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Tveir nemendur fengu stuðning í ensku. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Lífsleikni

Markmið vetrarins voru að vinna með hugtök tengd kynvitund og kynlífi, jafnrétti, sjálfsmynd og siðferði. Kennsla fór fram með fyrirlestrum, samtölum, hópavinnu, skriflegum verkefnum og spurningatímum. Námsefni sem lagt var til grundvallar var bókin *Um stelpur og stráka* og nokkur verkefni upp úr námsefninu *Lífsgildi og ákvarðanir*. Einnig var stuðst við kynningarefni af neti og efni frá landlækni. Að stærstum hluta fór fram umræða um hin ýmsu mál sem brenna á nemendum. Umræður sköpuðust um þjóðfélagsmál og það sem var í fréttum varðandi málaflokkinn hverju sinni. Nafnlausar spurningar gefa nemendum færi á að spyrjast fyrir um það sem þeir vilja ekki segja upphátt og fá leiðbeiningar um hvert þeir geti leitað í framhaldinu. Ekki var gert formlegt námsmat í lífsleikni en vonandi nýtist kennslan nemendum til að rækta sjálfa sig áfram sem manneskjur. Vegna Covid ástandsins komst umræða um skaðsemi vímuefna ekki á dagskrá. Hefði viljað ræða um skaðleg efni eins og kannabis. Hjúkrunarfræðingur kemur venjulega að fræðslunni ásamt einstaka fyrirlestrum á vegum Rósenborgar. Vegna Covid ástandsins náðist ekki að klára allar þessar fræðslur en vonandi verður hægt að klára þetta í haust.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á lestrarþáttinn.

Í töluðu máli og hlustun fluttu nemendur undirbúnað ræður, fluttu bókakynningar og gerðu hlaðvarpsþætti svo nokkur dæmi séu nefnd.

Mikil áhersla var lögð á lestur og völdu nemendur kjörbækur með aðstoð kennara. Verkefni úr þeim voru ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur, ljóð og smásögur.

Nokkur áhersla var lögð á ritun og skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni t.d. heimildaritgerð, birtingarhæfar greinar, rökfærslugreinar, smásögur og ljóð. Skil á ritunarverkefnum fór fram í gegnum Google Classroom.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Skerpu 2 í öllum þáttum íslenskunnar ásamt kjörbókum, fornsögu, smásögum og handbókum.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom og jókst sá hluti þegar fjarkennsla og nám stóð yfir vegna COVID-19. Próf voru lögð fyrir í Google Forms eftir að fjarkennsla hófst.

Veturinn gekk mjög vel en vegna COVID-19 þurfti að breyta áætlunum. Eftir nokkra byrjunarörðugleika gekk vel að leggja próf fyrir í Google Forms og mun það verða gert áfram á næsta skólaári í hefðbundinni kennslu. Vel tókst að nýta Google Classroom umhverfið og mun sú þróun halda áfram næsta skólaár. Nokkuð álag var við yfirlestur ritunar- og bókmenntaverkefna. Einnig var töluvert álag við að endurskipuleggja og tileinka sér nýja tækni vegna fjarkennslu.

Íslenska-sérkennsla

Námsefni sem notað var í sérkennslu var t.d. Fallorð, Sagnorð, Málfræðibókin mín 1, Lestrarkassinn, Smellur 1, Engar ýkjur auk fjölmargra verkefna sem stuðla að auknum orðaforða, réttritun og skilningi.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimaðæmi á netinu og að vinna með töflureikni. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 3 og 4, Almenn stærðfræði II, Skali 2A og 2B. Einnig var notast við heimaðæmi í forritinu Moodle og töflureiknir notaður. Námsefni sem notað var í sérkennslu var aðallega Stærðfræði 8+ og Stærðfræði 9+ ásamt Almenn stærðfræði I og II. Enn léttara efni var notað fyrir einstaka nemendur sem fylgja einstaklingsnámsrá. Á meðan á heimakennslu stóð var mikið notast við Google classroom og zoom til að miðla og útskýra námsefni til nemenda. Einnig voru ýmis önnur forrit notuð til að útskýra dæmi og aðferðir.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, skil á heimadæmum, kaflapróf, hópverkefni að vori sem fólst í því að gera ítarlega áætlun um ferðalag einnar fjölskyldu um landið í tvær vikur.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Við kennarar erum nokkuð að flakka á milli í námsefni en það er gert til að nýta það besta úr hverjum bókaflökki fyrir sig.

Samfélagsgreinar

Markmið samfélagsfræðikennslunnar var að kenna nemendum það markverðasta í heimssögunni sem gerðist á 20. öldinni. Áhersla var á að kenna nemendum góð og vönduð vinnubrögð, meðferð heimilda og að vinna í hópi. Til að ná þessum markmiðum voru umræður, kynningar, hugtaka- og verkefnavinna. Hlustað eða lesið var á efnið í tímum. Hjálpargögn sem notuð voru; Bókin Styrjaldir og kreppa lesin, Blessað stríðið, Dagbók Önnu Frank og bókin Vesturhús. Horft var á brot úr myndinni Titanic og Strákurinn í röndóttu náttfötunum auk ýmissa styttri myndskreiða er hæfðu efninu. Námsmatið fór fram með sjálfsmati, mat á kynningum og þátttöku nemenda í hópavinnu og verkefnaskilum. Við erum ánægðar með hvernig til tókst með því að nota Google Classroom verkfærin og viljum gjarnan bæta við og þróa kennsluhætti næsta vetur með því að bæta við verkefnum unnum t.d. í Moddle.

Náttúrugreinar

Helstu markmið vetrarins voru að læra um starfsemi mannlíkamans, helstu sjúkdóma sem herjað geta á hann og hvernig heilbriggt lífni skiptis sköpum. Einnig var unnið með eðlisfræði hreyfingar og krafta. Nemendur unnu verkefni um mannlíkamann, sáu fræðslumyndir og unnu verklegar æfingar. Unnið var ýmisst einstaklingslega eða í hópum. Töluvert var um verklega þjálfun og tilraunir s.s. krufningu brjóstholslíffæra úr svínum, augna úr stórgripum auk tilrauna með hraða og ýmsa krafta. Í Covid ástandinu unnu nemendur verkefni um krafta og hreyfingu í Nearpod forritinu. Námsfnið sem lagt var til grundvallar voru bækurnar *Mannlíkaminn* og *Eðlisfræði 2*.

Símat var í gangi allan veturinn. Formlegt uppgjör fór fram eftir hvern kafla, ýmist í formi prófa, verkefna, skilgreininga á markmiðum, skilum á Nearpod verkefnum eða á annan einstaklingsmiðaðan hátt. Nemendur fengu áætlanir í hendur fyrir hverja lotu þar sem fram kom hverju þyrfti að ljúka til að klára lotuna og hvaða markmið lágu til grundvallar.

Sérstök áhersla var lögð á að nemendur héldu utanum verkefni sín og gætu nýtt þau þegar kæmi að prófi eða uppgjöri lotu. Veturinn gekk í heild vel.

Enska

Í ensku skiptast markmiðin í sex flokka: hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Fyrri hlutar vetrar var lögð áhersla á hlustun, samskipti, orðaforðavinnu og vinnubrögð. Á seinni hlutar vetrar var lögð áhersla á lesskilning og málfræði. Vegna Covid 19 var unnið minna með ritun og frásögn en til stóð.

Viðfangsefni sem m.a. var unnið út frá voru framhaldssögur, kvikmyndir og stuttmyndir til að æfa hlustun, orðaforða og færa rök fyrir máli sínu. Lesnar frjálslestrarbækur, fréttagreinar, smásögur, Spotlight 9 lesbók og ýmsar aðrar greinar til að auka lesskilning. Stuttmyndir, frjálslestrarbækur til að æfa ritun. Umræður til að æfa samskipti. Kynningar á verkefnum til að æfa frásögn. Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu.

Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópavinna. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 9 les- og vinnubók, smásögur, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, lyristraining.com, learnenglishteens.co.uk, efni af onestopenglish.com, nearpod.com, google classroom, google forms, samvinnunám, kahoot, ljósrituð verkefni frá kennara, google translate til að glósa og færa yfir í Quizlet.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum.

Classroom umhverfið var notað meira t.d. í stærri ritunarverkefnum og nýji matskvarðinn inn í Classroom kom vel út. Stefnt að því að nota þetta umhverfi meira. Google Forms var notað til að leggja fyrir síðasta prófið og það gekk vel og verður áframhald á. Lestrarátakið í janúar og febrúar gekk vel og verður gert aftur. Stefnt á að fara fyrir í málfræði á næsta skólaári. Töluvert álag var við að endurskipuleggja og tileinka sér nýja tækni vegna fjarkennslu.

Danska

Markmiðin í dönskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og áhorf, ritun/málfræði og menningarlausni. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Kennsluhættir einkenndust af einstaklings- og hópavinnu með námsefnið bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt. Nemendur unnu með námsefnið í forritunum Kahoot, Quizlet, Flipgrid og Padlet. Lestur, hlustun, áhorf, leikir og tjáning; munnleg og skrifleg.

Námsefnið sem var mest notað var: TAK - lesbók og vinnubók A og B. , Bordbombe, Rafrænar kennslu- og æfingavefir s.s. dr.dk/ligetil - herognu.dk - <http://fjern-uv.dk/>. Horft á myndina Hævnen, fylgst með fréttum á dr.dk , efni frá kennara s.s. smásögur, ljóð, dönsk tónlist af youtube.com, krossgátur, orðaleit o.fl.

Námsmat var einkum þannig að tekin voru 4 kaflapróf, kvikmyndaverkefni, danskt jólapema, lesin smásaga, auk símats á verkefnum, munnleg/skrifleg einstaklings- og hópaverkefni og próf.

Eitthvað sem var þróað í vetur og ánægja með: Nemendum fannst gaman að vinna með og þjálfa nýjan orðaforða í forritum sem buðu upp á margskonar þjálfun eins og Quizlet og Kahoot. Einnig að vinna munnleg verkefni og skila á Flipgrid. Það sem bvar byrjað á og áætlað er að halda áfram er að bæta Moddle vinnu við næsta vetur. Alltaf er þörf á breytingum og þróun, alltaf í öllu!

Upplýsingamennt - Bókasafn og tæknikennsla/notkun

Upplýsingamennt er kennd í gegnum námsgreinar í 9. bekk. Helst var unnið með Chroombook en einnig voru fartölvur, borðtölvur, ípadar og símar notaðir. Þá gerðu nemendur stuttmyndir sem voru sýndar á árshátíð. Stelpur í 9. bekk fengu boð um að sækja rafrænt námskeið undir heitinu: Stelpur og tækni í maí. Í 9. bekk unnu nemendur vorverkefni þar sem þeir gerðu heimasíðu.

Uppbyggingarstefnan - áherslur í vetur og hvernig unnið

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust og siðferði og í íslensku þar sem unnið var með dyggðir og gildi. Á þjóðlegum degi gegn einelti sýndum við þáttaröð sem nefnist *Myndin af mér*. Eftir myndina voru umræður.

Uppbrot - þemavinna

Á þemadögum var unnið að þemanu *Akureyri – bærinn okkar*. Þemadagar tókust vel. Nemendur höfðu val um viðfangsefni innan ákveðins ramma og einnig úrvinnslu verkefnis. Þetta mæltist vel fyrir og lang flestir voru vel virkir í vinnu.

Árshátíð og uppbrot tengt henni gekk vel í ár. Þeir sem ekki tóku þátt í árshátíðartriði á sviði gerðu stuttmyndir þar sem þemað var *lífið í fortíð, nútíð og framtíð*.

Vorhátíð tókst vel en það mætti skoða betur skipulag og dagskrá á vordögum.

Skólahreysti tókst mun betur en áður varðandi sætaskipan og með takmörkun yngri nemenda að Höllinni.

Vorverkefni (sjá upplýsinga og tæknimennt) tókst vel en hefði mátt vera umfangsminna.

Vettvangsferðir

Í upphafi skólaárs var 9.bekk boðið í Samkomuhúsið að sjá leikritið *FML* sem var afrakstur sumarvinnu ungmenna. 9.bekkur heimsótti VMA en aðrar áætlaðar skólaheimsóknir féllu niður vegna Covid 19. Í desember fórum við í bíóferð ásamt 8. og 10. Bekk. Útivistardagur var haldinn í haust þar sem boðið var upp á göngu- og hjólaferðir o.fl. Þessi dagur er að okkar mati allt of snemma á árinu og þarf að taka tillit til veðurs. Skíðadagur var í febrúar og var frekar mislukkaður vegna veðurs. Markmið með ánægjulegri útiveru náðist ekki og mætti huga aðeins betur að því að hafa skíðadag síðar á árinu og panta gott veður 😊. 9. og 10. bekkur fór á starfamestu í Háskólanum í febrúar en vinnustaðaheimsóknir sem áttu að vera í byrjun júní féllu niður vegna Covid.

Samvinna við aðra:

Þemavinna var unnin í samstarfi við 6. - 10. bekk og gekk sú samvinna vel. Fótboltamót fór fram í Boganum. Fyrirhuguð samvera með vinabekkjum féll niður vegna Covid. 9.bekkur fékk ýmsa fræðslu á vegum forvarnarfulltrúa. Mikil og góð samvinna var milli 9. og 10.bekkjara.

Foreldrasamstarf:

Var gott það sem var og sneri að því að foreldrar mættu vel í foreldraviðtöl 2x á vetrinum. Einnig var mikið um tölvupósta og símtöl en það náði hápunkti í Covid ástandinu.

10. bekkur

Teymi vetrarins samanstóð af þremur umsjónarkennurum, þremur sérgreinakennurum, einum sérkennara, einum kennaranema/stuðningsfulltrúa. Auk þess voru fimm listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, einn námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 60.

Námsumhverfi og skipulag

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-316.

Hluti kennslunnar á vorönn fór fram í fjarkennslu vegna Covid 19. Haldnir voru fjarfundir með nemendum ýmist á google meet eða zoom. Kennsluáætlanir, glósur og fyrirlestrar voru settar inn á google classroom. Einnig voru mikil samskipti í gengum tölvupóst.

Sérkennsla og stuðningur í 10. bekk

12 nemendur í 10. bekk fengu sérkennslu í vetur. Auk þess starfaði kennaranemi/stuðningsfulltrúi með bekknum. Fleiri nemendur en eiginlegir sérkennslunemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara eða stuðningsfulltrúa. Tímamagn sérkennslu var 12 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 4 tíma á viku. Auk þessa var 1 nemandi óreglulega í skóla og þá aðallega hjá sérkennara, allt að 12 tíma á viku. Aðal áhersla var á íslensku og stærðfræði og fór kennslan ýmist fram inni í bekk eða í námsveri eftir áherslum hverju sinni. Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Íslenska

Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á ritunarþáttinn.

Í töluðu máli og hlustun fluttu nemendur ræður, bæði óundirbúna og undirbúna, fluttu bókakynningar og gerðu hlaðvarpsþætti svo nokkur dæmi séu nefnd.

Töluverð áhersla var lögð á lestur og völdu nemendur kjörbækur með aðstoð kennara. Verkefni úr þeim voru ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur, ljóð og smásögur.

Mikil áhersla var lögð á ritun, í upphafi skólaárs var mikil áhersla lögð á skapandi og frjálsa ritun og stuðst við Ritunarbókina. Í framhaldi af þeirri vinnu skrifuðu nemendur verkefni af ýmsu tagi, t.d. heimildaritgerðir, birtingarhæfar greinar, rökfærslugreinar, smásögur og ljóð. Skil á ritunarverkefnum fór fram í gegnum Google Classroom.

Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Skerpu 3 í öllum þáttum íslenskunnar ásamt Ritunarbókinni, Ljóðum í tíunda, kjörbókum, smásögum og handbókum. Sérkennslunemendur fengu aðlagð málfræðihefti með grunnatriðum í málfræði.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom og jókst sá hluti þegar fjarkennsla og nám stóð yfir vegna COVID-19. Próf voru lögð fyrir í Google Forms eftir að fjarkennsla hófst.

Veturinn gekk mjög vel en vegna COVID-19 þurfti að breyta áætlunum t.d. féll niður kennsla í fornsögum en aðrir þættir fengu þá meira vægi í staðinn. Mjög vel gekk að leggja próf fyrir í Google Forms og mun það verða gert áfram á næsta skólaári í hefðbundinni kennslu. Mikið álag og yfirlestur er þegar svona mikil áhersla er á ritun en ritunin er mjög mikilvægur þáttur fyrir áframhaldandi nám nemenda og því erfitt að minnka það vægi. Einnig var töluvert álag við að endurskipuleggja og tileinka sér nýja tækni vegna fjarkennslu.

Enska

Í ensku skiptust markmiðin í sex flokka: hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Fyrri hlutar vetrar var lögð áhersla á rökfærslur í gegnum samskipti, lesskilning, hlustun, orðaforðavinnu og vinnubrögð. Á seinni hlutar vetrar var lögð áhersla á ritun og málfræði, Vegna Covid 19 var unnið minna með lesskilning og frásögn að vori en til stóð.

Viðfangsefnin sem m.a. var unnið út frá voru framhaldssögur, kvikmyndir og heimildapættir til að æfa hlustun, orðaforða og færa rök fyrir máli sínu. Lesnar frjálslestrarbækur, fréttagreinar, Spotlight 10 lesbók og ýmsar aðrar greinar til að auka lesskilning. Heimildamyndir, frjálslestrarbækur og ritgerðasmíð til að æfa ritun. Umræður til að æfa samskipti. Kynningar á verkefnum til að æfa frásögn. Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu.

Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópavinna. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 10 les- og vinnubók, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, ted-ed, write and improve, learnenglishteens.co.uk, efni af onestopenglish.com, flipgrid.com, google classroom, google forms, ljósrituð verkefni frá kennara, google translate til að glósa og færa yfir í Quizlet.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum.

Classroom umhverfið var notað meira t.d. í stærri ritunarverkefnum og nýji matskvarðinn inn í Classroom kom vel út. Þetta umhverfi var notað mikið vegna Covid 19. Google Forms notað til að leggja fyrir síðasta prófið og það gekk vel og verður áframhald á. Ágætlega tókst til með að nota vefinn write and improve til að fá nemendur til að vinna í og leiðréttu ritunarverkefni. Góður tími var tekinn í að kenna hvernig ætti að skrifa Argumentative essay og mun því vera haldið áfram en byrja á því fyrr á árinu. Töluvert álag var við að endurskipuleggja og tileinka sér nýja tækni vegna fjarkennslu.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimadæmi á netinu og að vinna með töflureikni. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 5 og 6. Einnig var notast við heimadæmi í forritinu Moodle og töflureiknir lítillaga notaður. Sérefni fyrir nokkra nemendur voru valdir kaflar úr Almenn stærðfræði I og II. Á meðan á heimakennslu stóð var mikið notast við Google classroom og zoom til að miðla og útskýra námsefni til nemenda. Einnig voru ýmis önnur forrit notuð til að útskýra dæmi og aðferðir.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, skil á heimadæmum, kaflapróf og vorpróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Nemendur sýndu jafnar og góðar framfarir og ættu flest að vera vel undirbúin undir nám á framhaldsskólastigi.

Danska

Markmiðin í dönskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og áhorf, ritun/málfræði og menningarlæsi. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Í töluðu máli og hlustun kynntu nemendur sér danska tónlistarmenn, íþróttamenn, fréttir o.fl. og fluttu kynningar eða lásu inn á Flipgrid. Horfðu á kvikmyndir og þætti. (The Rain, Hævnin)

Töluverð áhersla var lögð á *lestur* og lásu nemendur mest texta í námsbókinni Ekko, sem og ljóð, smásögur o.fl. og unnu verkefni úr þeim sem voru ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg.

Ritun var mest stunduð í tengslum við orðaforða hverrar lotu bæði í formi svara úr texta eða skapandi og frjáls ritun. Þá unnu nemendur stórt ritunarverkefni í vor sem var skilað á Classroom.

Málfræðikennsla fór fram í textavinnu, með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Grammatik og ýmsa málfræðivefi og verkefni á netinu, ásamt efni og verkefnum héðan og þaðan.

Menningarlæsi: Nemendur fylgdust með fréttum vikulega á dr.dk og unnu með eina frétt. Þeir skipulögðu ferð um DK, kynntu sér markverðustu staðina og kynntust dönskum jólasíðum og fengu að smakka æbleskiver.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom og jókst sá hluti þegar fjarkennsla og nám stóð yfir vegna covid-19. Próf voru lögð fyrir bæði með hefðbundnu sniði og einnig í Google Forms eftir að fjarkennsla hófst.

Veturinn gekk að mest vel en Covid kaflinn setti óneitanlega strik í reikninginn þar sem ég fékk engan tíma til að undirbúa nemendur fyrir fjarnám en gerði mitt besta í þeim efnum. Mikill tími fór í að læra á og tileinka mér ýmis forrit eins og google forms, google sheeds, zoom, Flipgrid, og Nearpod. Helstu vandkvæði voru að vinna í rafræna vinnubók sem mms mælti með en nemendum gekk miserfiðlega að vinna með. Atlantib netbækurnar komu sterkar inn í fjarkennslunni. Classroom umhverfið auðveldaði mikið vinnuna og vel gekk hjá nemendum að skila verkefnum þar í gegn. Næsta vetur ætla ég að læra að nota Moddle betur og brúka það meira í dönskukennslunni.

Samfélagsfræði

Markmið samfélagsfræðikennslunnar var að kenna nemendum hvað það merkir að vera þátttakandi í samfélaginu einnig var landafræði kennsla með áherslu á heimsálfurnar. Áhersla var á að kenna nemendum góð og vönduð vinnubrögð, meðferð heimilda og að vinna í hópi. Til að ná þessum markmiðum voru umræður, kynningar, hugtaka- og verkefnavinna. Hlustað eða lesið var á efnið í tímum. Hjálpargögn sem notuð voru; Á ferð um samfélagið og bókin Um víða veröld - heimsálfur. Horft var á ýmis styttri myndskreið er hæfðu efninu. Námsmatið fór fram með sjálfsmati, mat á kynningum og þátttöku nemenda í hópavinnu og verkefnaskilum. Við erum ánægðar með hvernig til tókst með því að nota Google Classroom verkfærin og viljum gjarnan bæta við og þróa kennsluhætti næsta vetur með því að bæta við verkefnum unnum t.d. í Moddle.

Náttúrufræði

Helstu markmið vetrarins tengdust viðfangsefnunum beint. Nemendur unnu verkefni um mengun, loftslagsmál, orkunotkun, erfðir og þróun mannsins, grunn efnafræði og himingeiminn. Unnið var ýmisst einstaklingslega eða í hópum. Þær námsbækur sem notaðar voru í grunninn voru *Maður og náttúra* og *Eðlisfræði 3*. Einnig voru ýmsar fræðslumyndir sýndar sem ýmist voru útgefnar eða á youtube. Vísindasíður á netinu voru nýttar ýmist sem heimildir í verkefnavinnu eða til almennrar fræðslu. Fordæmalausir Covid tímur gerðu það að verkum að hluti námsefnisins var unnin í Nearpod forritinu. Það reyndist ágætlega. Símat var í gangi allan veturinn. Formlegt uppgjör fór fram eftir hvern kafla, ýmisst í formi prófa, verkefna, skilgreininga á markmiðum eða á annan einstaklingsmiðaðan hátt. Nemendur fengu áætlanir í hendur fyrir hverja lotu þar sem fram kom hverju þyrfti að ljúka til að klára lotuna og hvaða markmið lágu til grundvallar. Veturinn gekk í heild vel.

Lífsleikni

Helstu markmið vetrarins voru að vinna með góð samskipti, sjálfstraust, heilbrigði, fjármálalæsi, réttindi og skyldur. Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi í lífsleiknitímum og reynt á ýmsa hæfni nemenda. Umræður, upplestur, hreyfing og heimsóknir frá sérfræðingum einkenndi þessa tíma. Nokkrir tímur voru notaðir til að ræða fjáröflun fyrir útskriftarferð. Tengdist það viðfangsefninu um fjármál. Grunn bækurnar voru *Kynlega klippt og skorið*, *Margt er um að velja*, *Fyrstu skref í fjármálum* og verkefni unnin upp úr bókinni *Huxarinn*. Einnig voru ýmiss blöð og verkefni fengin héðan og þaðan þegar tilefni var.

Ekki var gert formlegt námsmat í lífsleikni en vonandi nýtist kennslan nemendum til að rækta sjálfa sig áfram sem manneskjur. Það þarf að skoða betur hvort hægt sé að tengja betur heimsóknir sérfræðinga við námsefnið sem tekið. Þá væri hægt að vera búin að undirbúa nemendur aðeins. Mikilvægt er að kennarar viti hvenær slíkar heimsóknir eru fyrirhugaðar með góðum fyrirvara.

Upplýsingamennt - Bókasafn og tæknikennsla/notkun

Upplýsingamennt er kennd í gegnum námsgreinar í 10. bekk. Helst var unnið með Chroombook en einnig voru fartölvur, borðtölvur, ipadar og símar notaðir. Þá gerðu nemendur stuttmyndir sem voru sýndar á árshátíð.

Uppbyggingarstefnan - áherslur í vetur og hvernig unnið

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust og siðferði, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við kvikmyndina *Hip hip hora*. Eftir myndina voru umræður.

Uppbrot - þemavinna

Á þemadögum var unnið að þemanu *Akureyri – bærinn okkar*. Þemadagar tókust vel. Nemendur höfðu val um viðfangsefni innan ákveðins ramma og einnig úrvinnslu verkefnis. Þetta mæltist vel fyrir og lang flestir voru vel virkir í vinnu.

Árshátíð og uppbrot tengt henni gekk vel í ár. Þeir sem ekki tóku þátt í árshátíðartriði á sviði gerðu stuttmyndir þar sem þemað var *lífið í fortíð, nútíð og framtíð*.

Skólahreysti tókst mun betur en áður varðandi sætaskipan og með takmörkun yngri nemenda að Höllinni.

Vettvangsferðir

Í upphafi skólaárs var 10.bekk boðið í Samkomuhúsið að sjá leikritið *FML* sem var afrakstur sumarvinnu ungmenna. Einnig var 10.bekk boðið í Hof að sjá leikritið *Velkomin heim*. 10.bekkur heimsótti MA en aðrar áætlaðar skólaheimsóknir féllu niður vegna Covid 19. Í desember fórum við í bíóferð ásamt 8. og 9. bekk. Útivistardagur var haldinn í haust þar sem boðið var upp á göngu- og hjólaferðir o.fl. Þessi dagur er að okkar mati allt of snemma á árinu og þarf að taka tillit til veðurs. Skíðadagur var í febrúar og var frekar mislukkaður vegna veðurs. Markmið með ánægjulegri útiveru náðist ekki og mætti huga aðeins betur að því að hafa skíðadag síðar á árinu og þanta gott veður 😊. 9. og 10. bekkur fór á starfamesu í Háskólanum í febrúar.

Samvinna við aðra:

Þemavinna var unnin í samstarfi við 6. - 10. bekk og gekk sú samvinna vel. Fótbolttámót fór fram í Boganum. Fyrirhuguð samvera með vinabekkjum féll niður vegna Covid. 10.bekkur fékk ýmsa fræðslu á vegum forvarnarfulltrúa. Mikil og góð samvinna var milli 9. og 10.bekkjara.

Foreldrasamstarf:

Var gott það sem var og sneri að því að foreldrar mættu vel í foreldraviðtöl 2x á vetrinum. Einnig var mikið um tölvupósta og símtöl en það náði hápunkti í Covid ástandinu.

Íþróttakennsla

Námsumhverfi og skipulag

Í íþróttateymi eru Jóhannes Gunnar Bjarnason, Kári Ellertsson, Sigfríð Einarsdóttir og Arna Benný Harðardóttir (sund 1. bekkur). Eva Rós Eyjólfsdóttir var stuðningsfulltrúi í íþróttum.

Í íþróttum kom allur árgangurinn saman í Íþróttahöll og tóku 2 kennarar og stuðningsfulltrúi á móti þeim. Mánudag til miðvikudags höfðum við allan salinn til afnota og nýttist vel þar sem flestir hópar eru mjög stórir en á fimmtudögum var VMA með einn sal af þremur með örfáa nemendur á meðan við vorum í tveimur hlutum með hópa allt að 65 nemendum. Betra hefði verið að hafa 3 íþróttakennara í þeim hópum þar sem nemendafjöldi fer yfir 50.

Stærð sundhópa var hæfileg og kennsla fór fram í innilaug og í báðum útilaugum. Aðstaða til sundkennslu er góð.

Kennsluhættir

Íþróttir

1-5. bekkur var í stöðvapjálfun 1x í viku og hinn tímann var þeim skipt í 3 bil Íþróttahallar.

6.-8. bekk var skipt í 3 bil Íþróttahallar annan tímann en í hinum tímanum var unnið á stöðvum í tveimur bilum og var þá mjög þröngt á þingi. Kennarar tvisvar í viku 40 mín í senn.

9. og 10. bekkur var einu sinni í viku í 80 mínútur. Sameiginleg upphitun og svo skipt á mismunandi stöðvar. Nemendur fengu meira út úr því að koma tvisvar sinnum í viku í íþróttir.

Ákveðið þema var í hverri viku sem unnið var með.

Fyrstu 3 vikur skólaársins vorum við með útiþróttir því við viljum stuðla að aukinni útiveru nemenda. Íþróttir og sundkennsla féll niður hluta marsmánaðar og allan apríl vegna Covid 19 farsóttarinnar og eftir að skólahald fór aftur í eðlilegt horf þá byrjuðum við útiþróttir og vorum til skólaloka. Við höfum því miður ekki marga góða kennslustaði kringum skólann. Við höfum nýtt Hamarkotstún, sundlaugargarðinn og MA túnið.

Sund: Unnið var eftir kennsluáætlun sem gerð var í byrjun annar og ákveðið þema (sundgreinar) teknar markvisst fyrir. Við reynum að einstaklingsmiða kennsluna eins og hægt er því geta nemenda er mismunandi innan hvers hóps.

Námsgögn/búnaður

Íþróttir

Búnaður í Íþróttahöll er orðinn gamall og farinn að láta á sjá en í lok skólaársins var margt endurnýjað svo nú erum við nokkuð vel tækjum búin. Reynt er að endurnýja bolta og aðra smáhluti á hverju ári. Það munar miklu að hafa öll bilin í salnum til afnota fyrir Brekkuskóla þar sem rýmra er um nemendur og betri námsaðstaða hvað varðar hljóðvist. Búningsklefar eru ágætir en kannski svolítið litlir fyrir þessa stóru hópa og er því hávaði oft mikill. Nauðsynlegt er að starfsfólk Íþróttahallar séu inni í klefum með nemendum. Við höfum áhyggjur af þessari samnýtingu á húsinu með framhaldsskólunum og teljum það vera skref til baka hvað varðar aðstöðu fyrir okkar nemendur.

Sund

Búnaður er ágætur og reynt er að endurnýja froskalappir og annað eftir þörfum.

Innilaug er komin til ára sinna og margt sem mætti bæta þar. Loftgæði eru léleg og nýr stigi sem settur var í grynri enda laugarinnar tekur mikið pláss af kennslurými fyrir yngri nemendur því þau botna bara 1/3 hluta laugar. Vegna lélegra loftgæða eru dæmi þess að nemendur geti ekki stundað skólasund og fleiri sem hafa kvartað undan óþægindum í öndunarfærum vegna kennslu í innilaug.

Kennsluástaða er nokkuð góð en fjölmargir gestir laugarinnar nýta sömu laugar til sundiðkunar en flestir sýna skólasundi skilning. Þyrft kannski að vera skírt fyrir almenning þegar komið er í laug að 4 brautir séu alltaf uppteknar fyrir sundkennslu/sundæfingar.

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina/árið og merkt er á hæfnikort nemenda í Mentor.

Þörf á breytingum

Að okkar mati ættu að vera 3 íþróttakennarar með stóra árganga í skólanum. 2 kennarar með 60 nemendur er of mikið að okkar mati. Mikil ábyrgð er lögð á stuðningsfulltrúa í þessum aðstæðum þar sem hann þarf að hafa umsjón með 20 nemendum í einu bili Hallarinnar. Einnig hamla þessir stóru hópar ákveðnum þáttum t.d. í útiþróttum.

Útivistardagar

Útivistardagar skipa stóran sess í skólastarfinu og eru mjög mikilvægir.

Haut (sept.): Útivistardagur var í upphafi skólaársins sem var skipulagður af stjórnendum.

Við leggjum til að festa ákveðnar ferðir/leiðir á árganga svo það verði ekki undir umsjónarkennurum komið hvort og hvert sé farið t.d. Hraunsvatn, Gamli, hjólaferð. Ein hugmynd er að festa t.d.

Hraunsvatn á 5 og 6 bekk og þau fái rútu það árið. Næsta ár væri hægt að fara með 7-10 bekk í rútu í lengri ferð. Þessar fjallgöngur/útivist er mikilvægur þáttur í umhverfisvitund og grenndarkennslu.

Okkar hugmynd er að annað hvert ár verði val um viðfangsefni á unglingsstigi og hitt árið verði góð fjallganga sem allir fara í t.d. Þingmannaleið eða Súlur.

Hlíðarfjall

Við fengum úthlutuðum degi í fjallinu um miðjan febrúar og vorum óheppin með veður. Betra hefði verið að fresta ferðinni því veturinn allur var framundan.

Við erum með flott skíðasvæði alveg við bæinn og best væri ef einn árgangur fengi skíðakennslu áður en útivistardagurinn er. Söknum skíðakennslunnar sem var einu sinni þegar nemendur fengu skíðakennslu. Í dag eru alltaf einhverjir sem velja að fara ekki á skíði/bretti vegna þess að þau hafa aldrei prófað áður.

Brekkuskólaleikar

Engir leikar voru þetta árið vegna Covid 19.

Fótboltamót 8. – 10. bekkur

Fótboltamót fór fram í Boganum einn miðvikudag í október eins og undanfarin ár. Umsjónarkennarar fylgdu bekkjunum á staðinn en íþróttakennarar sáu um að velja í liðin.

Frjálsíþróttamót

Frjálsíþróttamótið fór fram þriðjudag – föstudag eina viku í maí.

4. bekkur á þriðjudegi, 5. bekkur á miðvikudegi, 6. bekkur á fimmtudegi og 7. bekkur á föstudegi. Umsjónarkennarar fóru með árgangana og sáu um þau á frjálsíþróttamótinu. Skólarnir og UFA sáu um skipulagningu og mönnun mótsins.

Eva stuðningsfulltrúi var okkar fulltrúi sem starfsmaður mótsins.

Vorgrill

Samkvæmt hefðinni var Vorgrillsdagur með leikjastöðvum. Hefð hefur skapast um þennan leikjadag og fer hver hópur á 12 stöðvar, 5 mínútur á hverri stöð.

Dagurinn gekk vel í alla staði en veðrið hefði mátt vera betra.

Samstarf

Íþróttakennarafélag grunnskóla Akureyrar. Gott samstarf er milli íþróttakennara í grunnskólunum á Akureyri og fundum við reglulega og deilum hugmyndum og þekkingu okkar á milli.

UFA frjálsíþróttamótið

KA knattspyrnu- og handboltadeildin komu og voru með kynningu fyrir 1. – 4. bekk og var vel heppnað.

Skákfélagið bauð nemendum upp á skákkennslu.

SA (Skautafélag Akureyrar) bauð 1. – 3. bekk fría skautakennslu.

Nauðsynlegt er að halda góðu samstarfi við íþrótt- og tómsundafélög í nærumhverfinu því flestir nemenda okkar hafa tengsl við félögin utan skólatíma.

Samantekt

Í heild hefur veturinn gengið vel fyrir sig þrátt fyrir langt hlé á vorönninni frá íþrótt og sundkennslunni vegna Covid 19 farsóttarinnar. Nemendur voru yfirleitt glaðir og virkir í tímum og ágætlega hefur tekist að halda aga á hópunum þótt stórir séu. Gott skipulag hefur verið á kennslunni og hefur gefist vel að vera með stöðvar á mánudögum þar sem nemendur vinna í litlum hópum.

Fastir útivistadagar og aðrir íþróttadagar gengu vel fyrir sig og ekki annað að sjá en nemendur njóti þessara daga.

Mikilvægt er að við höfum allan íþróttasalinn til afnota fyrir íþróttatímana hjá öllum okkar árgöngum og að nemendur fái góða þjónustu frá starfsfólki Íþróttahallarinnar t.d. í búningsklefum. Leysa þarf húsnæðisskort framhaldsskólanna því íþróttir í framhaldsskólum eru mjög mikilvægar en það má ekki verða á kostnað grunnskólanemenda.

List- og verkgreinar

Heimilisfræði

Kennari : Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Starfshlutfall : 76.93%

Nemendahópar : 5.6.7.9. og 10. Bekkur. Valhópar blandað úr 8.9. og 10.bekk.

Hópastærðir u.þ.b. 10 – 14 nemendur.

Öll kennsla fer fram í heimilisfræðistofu. Hún er stór, björt og vel tækjum búin. Aðstaða öll mjög góð.

Skrifstofa, fyrir kennara og gott búr fyrir hráefni og annað tengt kennslunni. Flatskjár er í stofunni.

5.bekkur

Nemendur eru í heimilisfræði 2 kennslustundir í senn, tvisvar sinnum í viku og fengu ca 12 skipti.

Þetta nýja fyrirkomulag er mjög gott. Fjöldi nemenda er hæfilegur u.þ.b. 12 í hóp.

Þau vinna í blönduðum hópum 2-3 saman. Áhersla er á verklega hlutann, bakstur og eldamennsku, en fræðsla sem tengist verkefnum hverju sinni er að sjálfsögðu líka. Skrifleg verkefni eru unnin í verkefnabækur þar sem mest er unnið með hollustu og heilbrigði, hreinlæti, matarmenningu og síðast en ekki síst umhverfismál.

Notast er við námsmarkmiðin í kennslunni og nemendur metnir jafnt og þétt í formi símats.

Þetta gildir einnig um 6. bekk og 7. bekk nema hvað 7.bekkurinn kemur 2 kennslustundir í senn einu sinni í viku í eina önn.

9. og 10. bekkur.

Þessir árgangar koma í lotur, þ.e. 2 kennslustundir í senn í u.þ.b. 6-7 skipti. Nemendur eru 2-3 saman í blönduðum hópum. Þetta eru verklegir tímar þar sem er bakað og matbúinir léttir og fljótlegir réttir.

Unnið er eftir kennsluáætlunum og markmiðum. Lögð er áhersla á mikilvægi hreinlætis, fjölbreytni og hollustu í matargerð og flokkun og umhverfisvernd almennt. Tekið er mið af vinnusemi, jákvæðni og samvinnu þegar metið er jafnt og þétt samkvæmt símati.

8. 9. og 10. bekkur - val. Bakstur og matur og bakstur.

Í valinu er blandaður hópur úr þremur elstu árgöngunum. Nemendur eru eina önn og koma 3 kennslustundir í senn í stað 2ja og hætta því fyrir á hvorri önn. Þetta gefur möguleika á að gera flóknari og tímafrekari viðfangsefni.

Kennslustundir eru nánast eingöngu verklegar en ýmsu fræðilegu efni s.s. næringar og matvælafræði, góðum umgengnisvenjum, hreinlæti, umhverfisvernd o.fl. er blandað inni.

Auk þess viðhöldum við þeim gamla sið að gera laufabrauð frá grunni þ.e. gera deig, fletja út, skera úti og steikja. Þetta gera þó eingöngu haustannarhópar. Kleinur eru gerðar og þau læra mismunandi bakstursaðferðir, bæði nýjar og gamla. Farið er í hafðbundna eldamennsku og gerðir einfaldir og flóknari réttir. Við tökum líkar fyrir nýjungar, strauma og stefnur bæði í bakstri og matargerð.

Á haustönn sjá allir valhópar um að baka umtalsvert magn af kökum og brauði fyrir árshátíð skólans.

Þar sem að við erum með 3 kennslustundir gefst stundum góður tími til að sitja og njóta afrakstursins og nýttast þeir tímar alltaf mjög vel í gott spjall bæði ýmislegt gagnlegt og fróðlegt tengt því sem að við vorum að gera og svo eru þetta líka mjög góðar stundir félagslega fyrir alla.

Nemendur vinna 2 – 3 saman. Við vinnu á símati er horft til kennsluáætlana og markmiða auk ástundunar, vinnubragða, áhuga, frumkvæðis og virkni.

Textílmenn.

Kennari Ágústa Karlsdóttir

Starfshlutfall 100%

Nemendur í 2.3.4.5.6.7.8. og 10. bekk.

Hópastærðir 10-14 nemendur.

Kennsla fór fram í textílstofu nema hjá 2. bekk. Textílstofan er stór og vel búin stofa með stórum borðum og góðu aðgengi að saumavélum. Þar eru tvö sníðaborð, flatskjár, tafla og góðar hirslur bæði fyrir nemendur og kennara. Geymsla er inn af stofu með vöskum og þvottavél sem býður upp á fjölbreyttari verkefni. Loftgæði stofunnar hafa lagast mikið frá fyrri árum en hún var tekin í gegn haustið 2019 þ.e.a.s. þrífir vel og ýmsum hlutum hent sem hugsanlega gætu haft áhrif á loftgæði stofunnar. Loftið hefur lagast við þetta þó það sé ennþá of þurr.

Nemendahóparnir voru flestir hæfilega stórir eða 11-14 nemendur nema 2. bekkur þar sem nemendur voru 20 og 22.

2. bekkur.

Nemendum var kennt í þeirra umsjónarstofum og fengu þau 40 mín. á tveggja vikna fresti allann veturinn. Það er allt of stuttur tími fyrir svo stóran hóp til að starta verkefni og hópurinn allt of stór fyrir flest verkefni. Þessir tímar buðu ekki upp á að hægt væri að framfylgja námsskrá á nokkurn hátt. Verkefnin voru nokkur, bæði hönnun og einfalt handverk og reyndi ég að láta þau velja liti og jafnvel form á eigin verk. Nemendur unnu mest einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn en það reyndist fremur erfitt að ná utan um það með svo margum nemendum á stuttum tíma.

3. bekkur.

Nemendur fengu 2 klst. á viku og voru hóparnir aðeins 3 og mjög viðráðanlegir að stærð, eða 12 nemendur í hóp. Unnin voru fjölbreytt verkefni eins og vef og mismunandi spor í handsaumi þar sem börnin völdu sinn stíl og liti á eigin hluti en þó eftir ákveðnum forskriftum. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

4. bekkur.

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku aðra önnina og voru hóparnir hæfilega stórir eða 11-12 í hóp. Nemendur lærðu að þrjúna garðaprjón, lærðu að þekkja ýmis tól og tæki og að sauma í saumavél. Þau saumuðu bangsa eftir ákveðnu sníði og hönnuðu á hann fót sem þeim þótti mjög skemmtilegt. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

5. bekkur.

Nemendur fengu upp. 12 skipti hver hópur og voru þau 2 kennslustundir í senn. Hóparnir voru hæfilegir að stærð eða upp. 12 í hóp. Nemendur gerðu krosssaumsverkefni eftir eigin teikningu og

litavali. Einnig bættu þau við sig þekkingu í þrjóni og lærðu að fitja upp á þrjón og náðu sum þeirra að læra að fella af. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

6. bekkur.

Nemendur fengu um 11-12 skipti og voru þau tvær kennslustundir í senn. Nemendahóparnir voru nokkuð viðráðanlegir eða um 13 í hóp. Nemendur rifjuðu upp vélsaum og saumuðu bæði handsaum og vélsaum á púða sem var þeirra eigin hönnun. Einnig lærðu nemendur grunninn í hekli og náðu mislangt í því. Sumir náðu að bæta við meiri kunnáttu í hekli og náðu sum þeirra að búa til lítinn hlut í lokin. Nokkrir náðu einnig að rifja upp þrjónakunnáttu sína. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

7. bekkur.

Nemendur voru tvær kennslustundir í senn hálfan veturinn. Hóparnir eru 10 og 11 manna og því mjög viðráðanlegir. Nemendur sniðu og saumuðu sér einfalda flík, þ.e. fengu að velja milli þess að gera stuttbuxur eða náttbuxur. Einnig var þrjónakunnáttan rifjuð upp og bjuggu þau til einfaldan hlut eins og eyrnaband. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

8. bekkur.

Nemendur fengu 6-7 skipti tvær kennslustundir í senn og voru hóparnir viðráðanlegir eða 12 í hóp. Nemendur fengu val um að gera svuntu eða tösku. Ef tími vannst til fengu nemendur að velja um að þrjóna, hekla eða sauma út og náðu þau mislangt með þau verkefni. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

10. bekkur.

Nemendur fengu 6-7 skipti yfir veturinn og voru 2 kennslustundir í senn. Hóparnir voru viðráðanlegir eða 12 manns í hóp. Nemendur lærðu fatalitun þar sem þau lærðu tvær ólíkar aðferðir v Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram yfir veturinn.

Val 8.-10. bekkur /fatahönnun.

Nemendur voru 12 í fatahönnun og má það ekki vera meira svo nemendur fái einhverja þjónustu í tímunum. Þau voru 3 kennslustundir á viku og hætta því fyrr á önninni sem því nemur. Á þennan hátt nýtast tímarnir mun betur en ef 2 kennslustundir eru á viku. Í svona blönduðum aldurshópi eru nemendur mjög mismunandi staddir í fatahönnun þar sem sumir hafa verið áður en aðrir ekki. Skólinn skaffar efni upp að vissu marki en þá hefur nemandi val um að kaupa dýrara efni og borga mismuninn sjálfur. Nemendur vinna allt frá því að breyta flíkum og laga upp í að taka upp snið og sauma sér flík. Efnin eru ýmist ný eða notuð en áhersla er lögð á endurnýtingu efna. Nemendur unnu einstaklingsverkefni og fór símat fram jafnóðum yfir veturinn.

Í öllum hópunum legg ég áherslu á sameiginlega ábyrgð okkar á tólum og tækjum og að ganga vel um stofuna. Einnig er sérstök áhersla á að endurvinna efni, pappír, plast og annað sem til fellur eins og mögulegt er. Allir hópar fóru í gegn um stutta kynningu á flokkun í stofunni sem og annarsstaðar í skólanum.

Myndmennt

Kennari: Dagrún Matthíasdóttir

Starfshlutfall: 100%

4. bekkur

Námsefni: Litafræði, formræði og teikning og nálgun á viðfangsefni með ólíkum miðlum listarinnar s.s. vatnslitir, pastel, þurrpastel, acryl/tempura, leir, túss og trélitir.

Markmiðið er að nemendur læri að þekkja grunnliti og andstæðuliti og muninn á heitum og köldum litum. Farið er í grunnblöndun litafræðinnar, nota grunnliti til að búa til fleiri litatóna, kalda og heita, vinna með andstæðuliti og þekkja hugtökin lárétt, lóðrétt og á ská .

Nemendur læra að þekkja form og línur; lóðrétt, lárétt og grunnform formfræðinnar ásamt því að þjálfra og þroska teiknikunnáttu, meðferð lita og málningu og grunn að mótun. Myndlistamennirnir Míró og Mondrian eru gott dæmi um form, litafræði og línur. Nemendur gerðu teikningar og málverk með hliðsjón af þeirra verkum, hver með sínu nefi. Snjódíramyndir, sumardýramyndir, árstíðirnar og landslag voru gerðar þegar kom að litablöndun og tjáningu með andstæðuliti og heita og kalda liti, með notkun litahrings.

Kennsla gengur vel og það ríkir almenn vinnugleði í hópunum. Hópunum var skipt í fernt, fyrir og eftir áramót/annarskipti og það skilaði sér vel. Spuning hvort kynjaskipting eigi betur við þennan aldur.

Námsmat: Símat og verkefni unnin eftir markmiðum námsmats 4. bekkjar.

8. bekkur

Námsefni: Kynnig á listamönnum íslenskum og erlendum, súrrealisma, collage / klippimyndir, teikniaðferðum, yfirfæra myndefni í geometríu, málverk og dúkristur. Akryl málning, olíupastel, vatnslitir, túss og trélitir og fleira.

Námsmat: Símat, verkefni skoðuð með tilliti til vandvirkni, hæfni og vinnuframlags. Markmið:

Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.

Skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga.

Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir.

Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.

Beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt

Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði

Tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi. Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi.

Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.

Kennsla gekk vel og eru nemendur að jafnaði að skila verkefnum á vandvirkan hátt hver með sinni getu. Kynntir eru listamenn og verk unnið í þeirra anda. Luisa Matthíasdóttir og Jean Paul Basquiat kynnt og nálgun þeirra í listinni. Annarsvegar hefðbundið íslenskt málverk og verk sem unnin eru á mörkum abstrakt og veggjalistar með afrískum áhrifum. Klippimyndir eru gerðar á súrrealískan hátt þ.e. að setja saman hluti eða figúrur á óhefðbundin hátt og taka veruleikann örlítið úr samhengi þar sem hugmyndaauðgi nemenda ræður för. Unnið er að dúkristu og pressað/þrykkt og um leið rætt um uppruna prentlistar.

Myndmennt var kennd í stofu 308 sem er á efstu hæð skólans og er sú sama stofa aðsetur fyrir sérkennslu nemenda á efsta stigi og þar aðeins ein hillueining fyrir kennslugögn vegna myndmenntakennslu og nett handlaug. Það virkar ekki vel að hafa myndmenntakennslu í stofu sem einnig er ætluð er undir almenna kennslu. Bæði vegna þrifa og frágangs málunaráhalda og prentun dúkrista og að myndmenntastofa skólans 206 sem er einstaklega vel útbúin öllum kennslugögnum og áhöldum er á annarri hæð þegar þörf er á frekari áhöldum til sköpunar sem nemendur vilja nota í vinnu sína.

9. bekkur

Námsefni: Kynningar á íslenskum listamönnum. Heimsókn á listasafn (ef tíð leyfir), ljósmyndað á síma, verk gerð í anda listamanns að eigin vali. Læra að vinna með ólíka miðla og geta valið milli akrýl, olíupastels, vatnslita, tússlita og trélitir og fleiri aðferðum sem henta viðfangsefninu.

Námsmat: Símat, verkefni skoðuð með tilliti til vandvirkni, hæfni og vinnuframlags.

Markmið: getur skilgreint mismunandi aðferðir, verkfæri og efni, getur skilgreint mismunandi aðferðir, verkfæri og efn getur nefnt helstu listamenn í myndlistasögu Íslands

þekkir listasöfn og tilgang þeirra í menningu okkar getur útfært og unnið hugmynd sína frá grunni getur málað með akrýl og bleki

Nemendur vinna vel í tímum heilt yfir, eru áhugasöm og skila sínu eftir getu.

Myndmennt var kennd í stofu 308 sem er á efstu hæð skólans og er sú sama stofa aðsetur fyrir sérkennslu nemenda á efsta stigi og þar aðeins ein hillueining fyrir kennslugögn vegna myndmenntakennslu og nett handlaug. Það virkar ekki vel að hafa myndmenntakennslu í stofu sem einnig er ætluð er undir almenna kennslu. Bæði vegna þrifa og frágangs málunaráhalda og prentun dúkrista og að myndmenntastofa skólans 206 sem er einstaklega vel útbúin öllum kennslugögnum og áhöldum er á annarri hæð þegar þörf er á frekari áhöldum til sköpunar sem nemendur vilja nota í vinnu sína.

10. bekkur

Námsefni: Kynningar á íslenskum listamönnum og þar með frumkvöðlum í íslenskri abstrakt list. Heimsókn á listasafn (ef tíð leyfir), ljósmyndað á síma, verk gerð í anda listamanns að eigin vali. Skila skriflegu verkefni um íslenskan listamann að eigin vali ásamt því að flytja kynningu fyri hópinn. Vinna að hugmynd að útilistaverkefni í stíl veggjalistar og tengja nútímasamfélagi á einn eða annan hátt. Vinna með akrýl málningu, olíupastel, vatnsliti, túss og trélitir og fleirir miðla myndlistar á sjálfbæran hátt frá hugmynd til lokaverks.

Markmið:

Getur valið á milli mismunandi aðferða við skoðun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla

Getur skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta

Getur greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat

Getur skilgreint mismunandi aðferðir, verkfæri og efni

Getur málað með akríl og bleki

Getur tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið

Getur notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og færð rök fyrir þeim út frá eigin gildismati

Getur nefnt helstu listamenn í myndlistasögu Íslands

Getur skilgreint hugtökin hlutbundið og óhlutbundið

Getur sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal

Getur gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og þi (i) samvinnu

Getur unnið í grafík t.d. dúkristu og mónóbrykk Getur útfært og unnið hugmyndsína frá grunni

Nemendur gera sitt besta og virðast njóta þess að láta hugann reika við skapandi starfi. Þau eru vandvirk og áhugasöm, og vinnur hver og einn eftir sinni getu. Það er gefandi að finna hvað þau hafa byggt á getu sína í myndmennt eftir að hafa fengið að fylgja þeim eftir í myndmenntakennslu síðustu ár.

3. bekkur

Námsefni: Mótun, teikning, málun og sköpun tengd námsefni og oftast en ekki samfélagsgreinum. Sérverkefni var listaverk fyrir Sköpun bernskunnar sem er listsýning barna og útvaldra listamanna Listasafnsins á Akureyri.

Námsmat er í höndum umsjónakennara, þar sem öll sköpun og önnur bekkjarkennsla tengist námsefni m.v. stundaskrá .

Markmið Sköpun bernskunnar:

Markmiðið að sýningarþema frá Listasafninu á Akureyri er að skapa samfélag tengt norðurslóð eftir þemanu skjól/skýli/hús.

Geta skapað skjól eða aðsetur í ímynduðum heimi.

Geta gefið aðsetrinu nafn. Geta unnið saman að skapandi verkefni og byggt upp verkefni út frá sameiginlegum hugmyndum.

Geta sagt frá samfélaginu og tengt það umhverfisvænum þáttum.

Þekking og læra um umhverfisvæn samfélög með samtalsaðferð og skapandi vinnu í ólíka miðla á listrænan hátt.

Nemendur fengu að móta hluti og dýr í leir, skapa hver sína eigin figúrur í papamassa, mála skýlin og gefa þeim nafn og hlutverk og að aka þátt í líflegum umræðum og vangaveltum um listaverkið sitt sem hópur. Þessi vinna leiddi af sér góðan lærdóm um nýtingu jarðar, loftslag og hlýnun jarðar, umhverfisvæna hugsun, endurnýtingu og hvernig er hægt að komast af í litlu rými í sátt og samlyndi við náttúruna:

Fjallaþorp við jökulinn - 3.bekkur Brekkuskóla

„Við byggðum okkur skjól í fjalli undir jökli á norðurslóðum. Við hugsum um umhverfið og endurnýttum pappa, dagblöð, mdf plötur og notum leir í listaverkið okkar. Það sem okkur fannst mikilvægast var að hafa alla vinina í þorpinu okkar, nægan mat, hlýju fötin okkar og gæludýrin.

Svo þegar við erum þar hugsum við alltaf vel um náttúruna og erum væn og græn. Við flokkum rusl, búum til brúna mold úr matarafgöngum, ræktum í fjallinu og tínum ber af lynginu. Við getum líka náð í hrossaskít og borið á gróðurinn. Við fáum rafmagn úr svona

hjóli sem við setjum í ár og fossa og gerum okkur svo klósett. Við tengjum þau svo við gott kerfi og pössum að spilla ekki neinu í náttúrunni"

(Samtal á listafundi 3.bekkjara um listaverkið Fjallaþorp við jökulinn).

Samstarf og listkennsla í 3.bekk gekk mjög vel. Þau voru ánægð, skapandi, frumleg, tjáningarík og allir lögðu sitt að mörkunum til að leysa verkefnið með sem bestum árangri. Bæði nemendur og kennarar 3.bekkjara.

Dans

Kennari: Urður Steinunn Önnudóttir Sahr

Starfshlutfall: 70%

Bekkir: 4., 5., 6., 8., 9. og 10. bekkur

Námsumhverfi: Tónmenntastofa – rýmið er stórt og gott og ágætis aðstaða. Góðir hátalarar til að spila tónlist en mikill hávaði þegar matmálistími er í mötuneytinu fyrir utan.

Á skólaárinu 2019 – 2020 í Brekkuskóla fór fram fjölbreytileg kennsla í danstímum og fengu nemendur að kynnast mörgum hliðum dansveraldarinnar. Vegna þess að 4. – 6. bekkir fengu fleiri tíma í heildina heldur en elsta stig og þar sem yngri börn eru oftast aðeins lengur að skilja námsefni en þau eldri, dreifðust tímarnir þannig að hægt var að komast í gegnum mikið af sama efni fyrir alla árganga. Auðvitað var farið misdjúpt í efnið eftir aldri og mismunandi áherslur voru lagðar á sum verkefni eftir því hvernig hópurnir voru og hver markmiðin voru fyrir hann, en þetta hentaði vel þar sem þetta var fyrsti veturinn í langan tíma sem að dans hefur verið kenndur í Brekkuskóla. Það er því hægt að líta á þennan vetur sem eins konar „kynningu“ á dansgreininni fyrir nemendur. Ef haldið yrði áfram að kenna dans í Brekkuskóla væri hægt að dýpka námsefnið með tímanum og gera það sérhæfara fyrir hvern aldurshóp. Nemendur myndu venjast því að þurfa að koma í danstíma og hugsanlega ekki vera jafn smeyk við það og þau voru í vetur, en margir hópar, og alltaf einhverjir einstaklingar, byrjuðu sýnilega óöruggir í danstímum.

Þegar hóparnir komu fyrst var unnið með nafna- og spunaleiki til að kennari gæti lært nöfn nemenda en þó aðallega til að losa um spennu, og jafnvel hjá sumum einstaklingum hræðslu, við að hreyfa sig fyrir framan samnemendur sína. Þetta gerði það einnig að verkum að meiri félagsandi fékkst í

hópin. Í næstu tímum var unnið með mismunandi spunaleiki og skapandi vinnu þar sem börnin lærðu að vinna saman og leggja fram eigin hugmyndir. Spunaleikir og skapandi vinna hélt síðan áfram að vera þema í öllum tímum og fléttaðist sú vinna inn í önnur verkefni út allt tímabilið sem að hóparnir voru í dansi.

Nemendur voru kynntir fyrir tvenns konar rýmum sem þau unnu með í tímum. Það er rýmið sem er í kringum mann: kennslustofan, hlutir í stofunni, nemendur og sambandið þeirra á milli. Svo þeirra eigið rými sem á við um stærð, lögun og átt hreyfinga. Þau voru látin prófa sig áfram með mismunandi leiðir til þess að setja saman dansverk. Við lékum okkur með uppsetningu verkanna og hvernig mismunandi þættir eins og tónlist, framkoma og tjáning spila inn í það hvernig við skynjum dansinn. Í flestum árgöngum, en þó aðallega á yngsta stigi, urðu nokkrir árekstrar í samvinnunni en oftast var hægt að leysa úr þeim frekar auðveldlega.

Í öllum árgöngum var uppbyggileg gagnrýni tekin fyrir sem umræðuefni og var rætt ítarlega hvað það hugtak felur og felur ekki í sér. Börnin unnu dansverkin í hópum og sýndu svo hvort öðru þegar verkin voru tilbúin. Þau voru alltaf beðin um að horfa á dansverk hvors annars með gagnrýnum augum. Í fjórða bekk voru þau þjálfuð í því að ræða dansinn út frá sínum skoðunum og reynslu með því að benda á eitthvað eitt jákvætt um verkin á meðan börn frá fimmta bekk og upp voru æfð í að veita og taka á móti uppbyggilegri gagnrýni. Þetta var alltaf gert með áherslu á að vanda sig við að orða hlutina vel og passa að segja eingöngu eitthvað sem telst uppbyggilegt, aldrei niðurrifandi.

Hjá hverjum hópi var ein kennslustund tekin í að horfa á ýmis dansmyndbönd og dansverk og svo var umræða tekin eftir á um hvað þau höfðu verið að horfa á. Börnin fengu að segja sínar skoðanir og gagnrýn hugsun þeirra var virkjuð með spurningum frá kennara auk verkefna sem þau voru beðin um að fylla út á meðan þau horfðu á myndböndin.

Ein kennslustund var tekin hjá hverjum hópi í að ræða hvað þeim finnst dans vera; hvaða hreyfingar þeim finnst teljast dans, hvenær er maður að dansa í hversdagslífi og hvenær ekki? Hver er skilgreiningin á dansi og er kannski allt dans? Þar komumst við oftast að þeirri niðurstöðu að við sjáum öll dans á mismunandi hátt en þó gátum við skilgreint hann á einhvern hátt. Í sömu kennslustund ræddum við stráka sem æfa dans; hvers vegna eru þeir svona fáir? Eru fordómar gegn þeim? Afhverju finnst samfélaginu okkar svona furðulegt þegar strákar vilja dansa, og hvað gerir það að verkum að samfélagið hefur orðið þannig? Það var auðvitað kafað misdjúpt í öll þessi efni eftir aldri og þroska nemenda en þetta var þó skoðað og rætt í öllum hópum. Kennari útskýrði einnig fyrir nemendum hvað dansflokkar eru, hvernig þeir virka og hver tilgangur þeirra er.

Börnin fengu smá kynningu á tæknilegri þjálfun í dansi. Þau lærðu mikilvægi þess að teygja og í hvaða ástandi er best að vera þegar maður teygir. Auk þess lærðu þau tæknileg dansatriði svo sem chaines hringi, grunnatriði í vinnu á gólfi (floor work) og fleira. Það var ótrúlegt að sjá hvernig sumir nemendur sem áttu oft erfiðast með einbeitingu urðu hinir einbeittustu við það að reyna að ná ákveðnum sporum, taka við leiðréttingum og nýta sér þær í tæknilegum æfingum.

COVID-19 faraldurinn tók sinn toll af list- og verkgreinakennurum, en við misstum úr töluvert magn af kennslustundum og þess vegna endaði það þannig að hóparnir fengu ekki jafna kennslu í öllum list- og verkgreinafögum. Allir lögðu, hins vegar, sitt af mörkum til að nemendur kæmu vel út úr þeim aðstæðum, en það var átakanlegt og erfitt að geta ekki kennt öllum það sem var á dagskrá.

Danskennslan á þessu skólaári var mjög krefjandi. Nemendur áttu oft erfitt með að hemja sig og ég spyr mig hvort börn vanti virðingu fyrir list- og verkgreinum. Það er mjög erfitt að kenna nemendum sem virða ekki reglur í kennslurými og halda að þau séu komin bara í einhvern „leikjatóma“.

Umsjónakennarar mættu einnig taka sig á varðandi samskipti við list- og verkgreinakennara. Það er

mikilvægt að tilkynna þeim mikilvægar upplýsingar um nemendur eða þegar eitthvað kemur upp á hjá barni og ekki er hægt að ætlast til þess að list- og verkgreinakennarar geti beygt sig og sveigt eftir þörfum umsjónakennara. Fyrirspurnir þurfa að koma með fyrirvara og með það í huga að list- og verkgreinakennarar hafa skipulagt alla sína tíma fyrirfram.

Dansinn er einnig eitthvað sem hefði mátt flétta meira inn í öðruvísi vinnu hjá börnunum, en það var enginn kennari sem nýtti sér mína viðveru hér í vetur. Það hefði verið gaman, bæði fyrir nemendur og kennara, að fá að koma inn í verkefni og tengja dansinn þannig öðrum greinum í umsjónarkennslu. Svo er árshátíðin og annars konar þemavinna auðvitað tilvalið tækifæri til að nýta sér danskennara, en það var enginn sem nýtti sér það.

Fjórði bekkur

Markmiðin sem unnið var að með fjórða bekk voru að börnin virtu samskiptareglur sem gilda í danstímum og tækju tillit jafningja í samstarfi, að þau lærðu að taka þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara auk þess að geta lagt fram eigin hugmyndir í ferlinu. Nemendur áttu að geta rætt dans út frá eigin skoðunum og reynslu og læra að hreyfa sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.

Hóparnir í fjórða bekk voru fáir og fengu hálfra önn í hverju list- og verkgreinafagi, eitt skipti í viku. Það gafst því mikill tími til að kynna nemendunum sem reyndist vel. Hér voru verkefnin einfölduð og áhersla á að nemendur kynntust hreyfigetu sinni og líkama. Kennari reyndi að leggja áherslu á virðingu í stofunni og mikilvægi þess að hlusta á leiðbeiningar og fylgja þeim. Það gekk að sjálfsögðu misvel, en flestir nemendur sýndu reglunum virðingu.

Fimmti og sjötti bekkur

Í fimmta og sjötta bekk voru markmiðin sú að börnin virtu samskiptareglur sem gilda í danstímum og tækju tillit jafningja í samstarfi, að þau lærðu að setja saman einfalt dansverk, gætu sýnt það og að þau gætu lagt fram eigin hugmyndir í skapandi dansferli. Nemendur áttu að geta rætt dans á gagnrýninn hátt og bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi og loks að þau gætu beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu.

Fimmtu bekkjar hóparnir voru mjög miserfiðir. Hér var mikið reynt á samskiptareglur sem þeim voru settar og mörg börn áttu erfitt með að hemja sig í stofunni. Nokkur börn áttu virkilega erfitt með að hlusta á kennara og fylgja reglum. Það var mjög krefjandi þar sem að miklum tíma var eytt í að reyna að ná einbeitingu í hópinn og þar af leiðandi minni tíma eytt í að framkvæma verkefni dagsins. Þetta bitnar svo alltaf á sömu nemendunum; þeim sem eru stilltir og hafa áhuga á að vinna í tímanum. Það er spurning um að endurhugsa niðurröðun í hópa hér, passa að það séu ekki margir nemendur í sama hópi sem eiga erfitt með einbeitingu.

Almennt gekk allt frekar smurt fyrir sig með sjötta bekk. Hópunum var kynjaskipt og það virkaði mjög vel. Þetta gerði það að verkum að nemendur þorðu að vera opnari og taka þátt í fleiri verkefnum, með meiri áhuga. Þau tvístigu minna, fóru meira út fyrir þægindarammann og prófuðu sig meira áfram. Athygli kennarans dreifðist betur á alla nemendur og minni tíma var eytt í að ræða hegðun í stofunni.

Kennari hafði einnig tækifæri til að breyta áherslum verkefna til þess að ná til fleiri nemenda. Strákahópar fengu meiri tíma til að ræða stráka í dans og kennari eyddi meiri tíma í að reyna að vekja áhuga strákanna á dansheiminum með því að sýna þeim færa karlkyns dansara, kenna þeim stór og kraftmikil dansspor og hjálpa þeim að finna hvernig þeirra líkamar ættu heima í dansheiminum. Í

stelpuhópunum var áhuginn á dansi almennt meira lifandi svo minni tíma var eytt í að vekja áhuga þeirra og meiri tíma eytt í að vekja sköpunargáfu þeirra og kveikja á forvitni varðandi þeirra hreyfigetu og sköpun.

Áttundi, níundi og tíundi bekkur

Markmið áttunda, níunda og tíunda bekkjar voru að nemendur virtu samskiptareglur sem gilda í danstímum og tækju tillit jafningja í samstarfi, að þau lærðu að taka þátt í skapandi vinnuferli í dansi, gætu sett saman einfalt dansverk og jafnframt prófað sig áfram í ferlinu og lagt fram eigin hugmyndir. Þau áttu að læra að ræða dans á gagnrýnn hátt, að veita og taka á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýta sér hana í dansi og loks að geta beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu.

Stærð hópa var góð, en fjöldi tíma var mjög takmarkaður. Kennara fannst það leiðinlegt þar sem flestir voru rétt komnir af stað og rétt byrjaðir að venjast danstímunum þegar voru hópaskipti. Kennari hefði viljað fá fleiri tíma með hverjum hóp, en skilur jafnframt að það var ekki hægt. Þátttakan var almennt góð, nemendur lögðu flestir á sig og voru flestir tilbúnir til að stíga út fyrir þægindarammann. Verkefni fyrir þessa árganga kröfðust ögn meiri einbeitingar en hjá yngri nemendum og meiri áhersla var lögð á bóklega fræðslu. Þessir árgangar kynntust sögu dansins og áhrifavöldum í leikhúsdansheiminum (e. concert dance) og nýttu sér kenningar þeirra til að skapa hreyfingar. Þessir hópar fengu einnig að prófa að vera dansarar í ferli þar sem kennari var danshöfundur og fengu nasabefinn af því hvernig er að taka þátt í að setja upp dansverk. Þar lærðu þau mikilvægi þess að telja tónlistina, hlusta á hópinn þegar þau dansa og vera vakandi fyrir smáatriðum.

Smíðakennsla

<p>Rúnar Már Þráinsson Starfshlutfall: 100% Nemendur í 3.-10. bekk</p>

Húsnæði og aðbúnaður

Kennsla í hönnun og smíði fór fram í smíðastofu Brekkuskóla. Stofan er búin þeim kostum að vera þægilega stór og björt. Í henni eru góðir skápar, skrifstofa, efnisgeymsla og tækjagerbergi. Í tækjagerberginu er góð fjölnota trésmíðavél af gerðinni SCM Lab 300n. Í henni er borðsög, afréttari, þykktarhefill og yfirfræsari. Einnig er þar góð bandsög og gamall trérennibekkur. Í stofunni sjálfri er ein nothæf tifsög og tvær ónothæfar. Þar eru einnig tvær súluborvélar sem þarfnast viðgerðar og góð pússivél. Ein góð handborvél af gerðinni Bosch er í stofunni.

Í upphafi árs var tilfinnanlegur skortur á nothæfum handverkfærum til trésmíði. Ég keypti því nokkrar handsagir, bakkasagir, úrval af sandpappír, blöð í laufsagirnar, 14 nýjar þvingur og nokkra hamra í barnastærð.

Í stofunni var mikið af ósóttum nemendaverkefnum, ónýtum verkfærum, rusli og ýmsu öðru sem gerði það illmögulegt að ganga um hana og að bjóða upp á kennslu í henni. Ég gerði það sem ég gat áður en kennsla hófst en tiltekt og skipulag stofunnar reyndist vera verkefni sem tók allan veturinn.

Stofan var ekki skipulögð þannig að hægt væri að koma algengustu handverkfærum og tólum fyrir þannig að aðgengi nemenda af þeim væri greitt. Til þess að það sé þurfa þau að vera sjáanleg, í réttri hæð og laus við hindranir. Mest af geymsluplássinu í stofunni var í skápum sem liggja með fram tveimur veggjum og einum færanlegum skúffurekka. Sá var að liðast í sundur undan þunga þeirra verkfæra sem hafði verið hlaðið í hann ásamt því að langt borð, sem nemendur unnu stundum, við hindraði aðgengi að honum. Til að ráða bót á þessu nýtti ég tímann sem ég fékk vegna COVID skipulagsins og útbjó færanlegan verkfærandstand fyrir sagir, vinkla, hamra, þvingur, málbönd, lím og önnur lítil verkfæri.

Sogið, sem safnar saman sagi og ryki frá trésmíðavélunum í poka, var í ólagi í upphafi ársins. Það gerði það að verkum að Lab 300n vélin fylltist af sagi við notkun. Það hægði gríðarlega á allri vinnu þar sem regluglega þurfti að blása saginu úr vélinni og sópa því upp. Þar að auki fer það illa með vélina og eykur líkur á eldsvoða. Á meðan á undirbúningi fyrir árshátíð stóð komu blikksmiðir og létu okkur Jón vita að uppsetning sogkerfisins hefði í upphafi verið ábótavant og því hafi það stíflast auðveldlega. Það var lagað í kjölfarið og hefur virkað vel síðan.

Sagarblaðið í borðsöginni var virkilega illa farið. Tennurnar voru farnar að brotna úr því sem er gríðarlega hættulegt. Mitt fyrsta verk var að skipta um blaðið.

Efniviður

Ég vildi bjóða nemendum upp á að vinna með gegnheilt timbur. Ég vildi helst að nemendur kynntust öllum þáttum ferlisins frá hugmynd að fullunnu verki. Þó að MDF og krossviður sé að mörgu leyti þægilegur efniviður býður hann aðallega upp á að saga hann út eða setja saman úr einingum sem kennari hefur efnað niður í borðsög. Ég var svo heppinn að fá mikið magn af furuborðum frá RARIK. Ég rétti þau af og hefлаði í rétta stærð og þá voru nemendur komnir með gegnheilt timbur til að vinna með. Þetta efni var mjög mikið notað í öllum árgöngum. Það hafði líka þann kost að vera endurunnið.

Kennsluhættir

Skipulag kennslustundar.

Kennt var í 2x40 mín tímum í öllum árgangum nema í 3. bekk. Þá var kennt í 2x60 mín tímum með hádegshléi á milli. Í öllum árgöngum var uppsetning kennslustundar keimlík. Í upphafi settust allir nemendur við langa borðið, ég tók mætingu og fór yfir verkefni dagsins. Þegar ný verkefni lágu fyrir fór ég yfir það lið fyrir lið með sýnikennslu á verkfærin. Þar næst hófu nemendur vinnu og ég fylgdist með og aðstoðaði þar sem þurfti. Þegar ég lagði eitthvað fyrir sem nemendur þurftu sérstaklega mikla aðstoð við (t.d. saga út með laufsög), skipti ég hópnum upp og hluti hans fékk auðveldara verkefni á meðan ég aðstoðaði hinn hlutann. Þetta átti aðallega við í 3. og 4. bekk. Þegar um það bil 10 mínútur voru eftir af kennslustundinni hættu allir vinnu og hjálpuðust að við að ganga frá í stofunni. Þá settust allir niður og ég tók stöðuna hjá þeim til að auðvelda undirbúning fyrir næsta tíma.

Kennsla út frá markmiðum

Rauði þráðurinn í smíðakennslunni var að búa til umhverfi þar sem nemendur gætu annars vegar, lært og tileinkað sér aðferðir til að gera hugmyndir sínar að veruleika og hins vegar fengið tækifæri til að nýta sköpunargáfu sína.

Í upphafi skyldi endinn skoða. Skipulagning skólaársins var miðuð við aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Eins og segir á blaðsíðu 152 er menntagildi verkgreina þrjúþætt. Það á að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir daglegt líf og búa þá undir frekara nám á sviði verkgreina. Þessi þrjú atriði voru alltaf höfð til hliðsjónar.

Til þess að stuðla að alhliða þroska nemenda var lögð áhersla á góða umgengni, snyrtilegt umhverfi og kennslu í þrífum og frágangi. Í hverjum hópi var tekin umræða um létt gott andrúmsloft og tillit til samnemenda. Ég gaf jákvæð endurgjöf þegar nemandi hafði unnið fyrir hrósi eða þurfti á hughreystingu. Ég talaði um mín eigin mistök, hvernig ég tók á þeim og lét nemendur vita að svo lengi sem þeir raunverulega legðu sig fram hefðu þeir tækifæri til að prófa sig áfram og læra þannig af reynslu og mistökum. Framfarir væru mikilvægari en núverandi hæfni. Þannig lagði ég áherslu á það ferli að þegar nemandi byrjar að læra á nýtt verkfæri eða nýja aðferð býr hann ekki yfir mikilli leikni en með reynslunni kemur leiknin. Ég lagði áherslu á dugnað en um leið að finna tempó í vinnu sem hægt er að viðhalda án þess að ofgera sér. Ég vildi að nemendur yrðu þannig læsari á eigin andlega og líkamlega styrk.

Til þess að búa nemendur undir daglegt líf lagði ég áherslu á kennslu á helstu verkfæri sem finnast á heimilinu og aðferðir sem tryggja góða niðurstöðu. Til dæmis kenndi ég hvernig á að nota málband og blýant á réttan hátt í merkingum og teikningum, hvernig á að beita handsög, hvernig á að nota borvél og hvernig á að undirbúa efni undir lakk.

Til þess að búa nemendur undir frekara verknám fóru fleiri þættir að bætast inn í námið á efsta stigi sem gott er að kunna á grunndeild byggingargreina í verknámi. Þar má nefna nákvæmari niðurefnun með sög, hvernig á að nota vinkil, hvernig á að meðhöndla bæs og lakk, hvernig á að lesa teikningar og hvernig á að beita trélími í flóknari samsetningum. Þetta átti sérstaklega við nemendur í valhópnum sem kynntust því hvernig á að búa til límtrésplötur með handverkfærum, hefla þær og þússa og smíða einföld húsgögn frá grunni.

Við val á verkefnum, efnivið og kennsluaðferðum voru hæfniviðmið aðalnámskrár, eins og þau birtast í hæfnikortum, höfð að leiðarljósi. Þau eru í þremur flokkum: Handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Út frá þessum hæfniviðmiðum höfðum hæfnikort verið búin til. Sum viðmiðin voru mjög víð, svo sem að geta valið aðferð, efni og verkfæri við hæfi á meðan önnur voru þröng, svo sem að kunna að nota borvél og geta skipt um bor. Þetta gaf mér tækifæri til að útbúa fjölbreytt verkefni sem innihéldu þá ákveðna verkþætti en ég útbjóg nokkurn vegin öll verkefni í öllum árgöngum nema 7. frá grunni. Fyllt var út í hæfnikort út frá frammistöðu í tímum og skilaverkefnum.

Á yngsta stigi voru nemendur kynntir fyrir flestum einföldum verkfærum og teiknaðferðum. Nemendur fengu þjálfun í að saga út í krossvið og MDF, efna með handsög, líma með trélími, nota vatnsmálningu á ábyrgan hátt og negla nagla. Þeir æfðust í að teikna grunnmynd, draga upp form með kalkíappír og mæla einfaldar stærðir í niðurefnun.

Á miðstigi bættist við meiri teikning og sjálfstæð hönnun. Hér bættist við meiri tenging við stærðfræði. Nemendur lærðu að finna miðju á efni og búa til 45° horn með vinkli, hliðsetja línu til að gera ramma, nota málband og vinkil til að gera nákvæma skurði með handsög og saga línur á ská. Nemendur fengu frjálsari hendur til að hanna meira sín eigin verkefni. Til dæmis bjó 5. bekkur til módel af bæ eftir eigin höfði, nemendur í 6. bekk hönnuðu sinn eigin bát og í 7. bekk hönnuðu nemendur hús og teiknuðu það upp áður en vinna hófst. Ásamt því að fá flóknari verkefni með

einfaldari verkfærum kynntust nemendur nýjum verkfærum og fengu að nota tifsög, pússivél og borvél undir handleiðslu.

Á efsta stigi héldu nemendur áfram að teikna upp verkefnin sín. Símastandar, myndarammar og hillur urðu til í ýmsum stærðum. Einnig fengu nemendur verkefni þar sem þeir þurftu lesa teikningar til að ljúka verkefninu á réttan máta. Meiri áhersla var sett á nákvæm og vönduð vinnubrögð og reynt var að bjóða upp á verkefni sem nýttust á heimilinu. Nemendur kynntust flóknari samsetningum sem eru mikið notaðar í smíðavinnu eins og geirungsskurði. Einnig kynntust nemendur flóknari efnismeðferðum svo sem bæsi og lakki.

Samstarf

Ég kom að nokkrum samstarfsverkefnum á skólaárinu. Helst ber að nefna árshátíðina en þá komu ýmsir nemendur og kennarar með beiðnir um aðstoð og efni sem ég gerði mitt besta til að uppfylla. Stundum hitti það illa á hefðbundna smíðakennslu og þarna tel ég að þurfi að endurbæta skipulag til að allt gangi vel.

Í COVID skipulaginu hannaði ég smíðaverkefni sem hægt var að bjóða upp á inn í umsjónarstofum og kynnti það fyrir öllum kennurum í 3. – 7. bekk og bauðst til að efna niður í það og leggja það fyrir. Ég vildi að nemendur fengu tækifæri til að fá einhverja kennslu í verkgreinum þegar öll hefðbundin verkgreinakennsla hafði verið felld niður. Ég lagði að lokum verkefnið aðeins fyrir í 3. bekk og það gekk vel.

Ég fékk beiðni frá eldhúsinu að útbúa pall fyrir yngstu nemendur til að stíga upp á svo þeir nái í salatbarinn. Pallurinn var smíðaður af valhópnum.

Smíðastofan útvegaði efni í skylti fyrir keppnina um náttúrufræðing Brekkuskóla.

Skólastjóri bað um litríkt skylti sem stafaði FRAMFARIR, eitt af einkennisorðum Brekkuskóla og fjórði bekkur fékk það verkefni og leysti vel.

Einnig voru gerðar ýmsar lagfæringar og breytingar á húsgögnum og aðstöðu skólans.

Ég var í samstarfi við eftirtalda aðila um smíðaefni. Trésmiðjan Ölur ehf. gaf spón. Byggingardeild VMA gaf ýmsa afganga af burðarvið. Rarik ohf. gaf tvö bretti af borðum úr rafmagnskeflum sem voru rifin.

Sérkennsla

Sérkennsla á miðstigi: 4., 5. og 6.bekkur.

Sérkennarar á miðstigi í vetur voru Helga Sigurðardóttir og Ragnheiður Ólafsdóttir. Helga var í 49% starfshlutfalli til 1. desember og 12 tíma vinnu á viku eftir það. Ragnheiður var í 75% starfi allan veturinn. Kennslan fór fram í námsveri í stofu 201 sem rúmar 8 - 10 nemendur og í Turni sem rúmar 6 - 8 nemendur. Í öllum tilfellum var samvinna milli sérkennara og umsjónarkennara góð og gagnkvæmt traust var ríkjandi.

Sérkennarar funduðu vikulega með hverju árgangateymi þar sem farið var yfir dagskipulag og vinnuna framundan. Sameiginlega leituðum við leiða hvernig best væri að leggja upp viðfangsefni bekkjanna þannig að nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda næðu markmiðum sínum.

Betur tókst til en áður að takmarka fjölda nemenda í námsveri við þá sem eru með skilgreinda námsörðugleika og skilaði það markvissari og betri vinnu. Eins komu í námsverið einstaka nemendur eða litlir breytilegir hópar sem þurftu á sérstakri hjálp að halda, sem gat verið að þjálfva einstaka námsatriði, laga vinnubrögð, hvíld frá áreiti í bekk eða viðbótarumhyggja vegna vanlíðunar. Oft hér um að ræða börn með skertan mál og tilfinningaþroska.

Sérkennarar fundu fyrir aukinni ásókn nemenda að komast í námver. Námsumhverfið þar virðist höfða til þeirra, þar sem er meiri ró og færri nemendur.

Nemendur sem lesa sér ekki til gagns, eða eru haldnir prófkvíða leystu Orðarún og ýmis önnur próf í litlum hópum í námsveri.

Þegar óskað var eftir aðstoð í námsveri voru kennarar beðnir um að lýsa vanda nemandans, segja hvað hefur verið gert til þess að mæta vandanum, hvaða einstaklingsþjónustu viðkomandi nemandi hefur fengið og hverskonar aðstoð er verið að leita eftir. Í sumum tilfellum náðu bekkjarkennarar að leysa vanda nemenda inni í bekkjum með aðstoð frá námsveri, til dæmis með val á námsefni og hvernig best væri að haga náminu. Sérkennarar sátu fundi og viðtöl með foreldrum, nemendum og bekkjarkennurum þeirra þegar þess var óskað. Sérkennarar gerðu einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar þarfir. Þær voru bornar undir foreldra og umsjónarkennara til samþykkis.

Þegar barn er í greiningarferli eða endurmati aðstoðuðu sérkennarar við að útfylla umbeðna pappíra og sátu skilafundi. Sérkennarar voru ekki með fasta viðtals tíma en foreldrar gátu hringt eða komið þegar þeir vildu. Á viðtalsdögum voru sérkennarar á staðnum og sátu foreldraviðtöl þegar þess var óskað. Almennt var foreldrassamstarf mjög gott.

Sérkennarar lögðu Talnalykil fyrir nokkra nemendur í vetur. Afrit af þeim gögnum eru í spjaldskrár viðkomandi nemenda.

Stafsetningarhluti Aston Index var lagður fyrir alla nemendur í 4.-6. bekk og sérkennarar héldu utan um skráningu á þeim gögnum og öllum skimunum sem nemendur fóru í, auk niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk.

Sérkennarar gerðu umsagnir um námslega framvindu allra nemenda sem komu í námsver í vetur. Umsagnirnar eru inni í námsmökkum nemenda í Mentor.

Í vetur voru svokallaðir opnir tímar í námsveri fyri nemendur í 4.-6. bekk. Þeir voru kl. 9.40 – 10.20 þrjá daga vikunnar, strax að loknum frímínútum og þannig hugsaðir að nemendur í tilfinningavanda gætu leitað í frið, öruggt skjól og rólegheit. Sérkennari var á staðnum með opinn faðm tilbúinn til þess að hugga, spila, spjalla eða veita ráðgjöf allt eftir því hverju leitað var eftir. Athvarfið var ekki sérlega mikið nýtt en þeir sem komu fannst það notalegt og gott.

Sennilega vissu nemendur ekki nægilega vel af þessum möguleika og umsjónarkennarar gleymdu að benda nemendum á úrræðið. Næsta haust verður þetta áfram í boði en þá betur kynnt, farið verður inn í bekk til að tala við nemendurnar sjálfa og kennara í leiðinni í stað þess að láta umsjónarkennara segja frá.

4.bekkur:

Kennslustundir á viku voru 11. Alls sóttu 19 nemendur sér eða stuðningskennslu. Mest áhersla var lögð á lestur, málfræði og stærðfræði.

Reynt var að hafa í forgang nemendur með skilgreinda námsörðugleika og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nemendur voru glaðir að koma í námsver og sýndu góðar farmfarir.

Talnalykill var lagður fyrir nokkra nemendur og niðurstöður úr honum nýttar til áframhaldandi vinnu.

Góð samvinna var við umsjónarkennara beggja hópanna.

5.bekkur:

Kennslustundir á viku voru 12. Alls sóttu námsverið 22 nemendur, mis mikið. Sumir allan veturinn, aðrir tímabundið. Sett voru markmið fyrir nemendur og þegar þeim var náð gátu þeir útskrifast.

Mikil áhersla var lögð á lestrarþjálfun sem skilaði góðum árangri. Unnið var með lesskilning, málfræði og stærðfræði.

Talnalykill var lagður fyrir nokkra nemendur. Um var að ræða afburða nemendur sem komnir eru með stærðfræði efri bekkja. Markmiðið var að kortleggja stöðu þeirra og niðurstöðurnar nýttar til að skipuleggja áframhaldandi vinnu.

Vikulegir samráðsfundir voru með umsjónarkennurum. Þeir voru bæði skilvirkir og góðir.

6.bekkur:

Kennslustundir á viku voru 8 og alls komu 21 nemandi í námsver einhvern tíma á vetrinum. Flestir þeirra eru með einhverja námsörðugleika, svo sem dyslexíu, málþroskaröskun, lága meðalgreind eða ADHD.

Nokkrir nemendur fengu fast 6-7 tíma á viku, það er að segja þeir sem eru með einstaklingsnámskrár.

Megináhersla var lögð á lestur, aukinn orðaforða, lesskilning, grunnþætti í málfræði og stafsetningu auk stærðfræði. Til þess að þjálfar enn betur lesskilning var nemendum hjálpað við lestur samfélagsgreina og kennt að leita svara í texta. Nemendur voru þjálfaðir í því að nota hljóðbækur bæði af vef Menntamálastofnunar og frá Hljóðbókasafni Íslands.

Almennt nýttu nemendur í námsveri tímanna sinn vel, voru jákvæðir og lögðu sig fram um að hafa góðan vinnufrið og vönduð vinnubrögð.

Fundað var vikulega með umsjónarkennurum þar sem metin var námsleg og félagsleg staða nemenda þannig að hægt væri að bregðast við ef einhver stefndi í vandræði.

Þegar á heildina er litið erum við ánægðar með veturinn. Samstarf okkar var gott og við höfum fengið þakklæti frá nemendum, foreldrum og samstarfskennurum fyrir okkar vinnu.

Sérkennsla í 9. og 10. bekk

Kennari G. Íris Valsdóttir

Starfshlutfall: 100%

Árið 2019-2020 fengu 17 nemendur í 9. bekk og 12 nemendur í 10. bekk sérkennslu. Um mismikla kennslu var að ræða – frá 1 til 6 tíma á viku. Mest var áherslan á íslensku og stærðfræði. Kennnt var í Námsveri í stofu 316. Samtals stuðningur í 9. bekk 52 tímar og í 10. bekk 22 tímar. Inni í þessari tölu eru ekki 3 nemendur sem voru stopult í skólanum í vetur en voru mikið í námsveri, væru þeir mættir.

Að auki voru 3 tímar á viku í 10. bekk (einn á bekk) þar sem sérkennari fór inn í íslenskutíma eða fékk til sín nemendur úr íslensku sem voru í námsefni bekkjarins (eða sérefni) en þurftu auka stuðning af og til. Nemendur valdir í samvinnu íslenskukennara og sérkennara. Þannig fengu í raun fleiri stuðning heldur en er eyrnamerktur stuðningur.

Auk sérkennara í fullu starfi eru í 9. og 10. bekk stuðningsfulltrúi sem sinnir stuðningi í 9. bekk og annar stuðningsfulltrúi að hluta (er kennaranemi líka) sem sinnir stuðningi í 10. bekk þegar hann er ekki í kennslu.

Tveir aðal stuðnings-námshópar voru búnir til í 9. bekk. Kallaðir H1 og H2. Þannig var H1 sá hópur sem meiri aðlögun þurfti í íslensku og stærðfræði og H2 þurfti aðlögun þess námsefnis sem jafnan var kennt í bekk.

Nemendur í aðlöguðu efni í stærðfræði í 10. bekk komu nokkuð oft í sérkennslu. Nemendur í 10. bekk í íslensku voru meira inni í bekknum og nutu þá stuðnings stuðningfulltrúa/kennaranema.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fengu 3 tíma í viku í íslensku og 1 í stærðfræði hjá sérkennara.

GRP14h var lagt fyrir allan 9. bekkinn í haust og þeir sem fengu slaka niðurstöðu þar fóru í Logos lestrarskimun/greiningu á vordögum. Vinna þarf að því næsta vetur að skima þá sem slakir koma út úr Lesferli strax á haustönn.

Samvinna og samstarf

Heilt yfir var samvinna um öflun og framsetningu námsefnis í góðri samvinnu milli sérkennara og greinakennara. Sérkennari hittir kennsluteymið vikulega á fundi og oftast greina- eða umsjónarkennara nokkurra nemenda ef tilefni er til.

Samvinna sérkennara og stuðningfulltrúa var líka góð. Skerpa þarf aðeins á hlutverki hvors um sig næsta vetur og eins því að stuðningsfulltrúar þurfa að afla sér upplýsinga hjá greinakennurum um hvað er á döfinni næstu daga. Undirbúningur stuðningsfulltrúa þarf að nýtast í að hann kynni sér námsefni sem fara á í.

Után um þá nemendur sem koma oft í námsver (fyrir utan nýbúana) hefur verið stofnað teymi þar sem í sitja umsjónarkennari, foreldrar, sérkennari, deildarstjóri unglíngastígs og sérfræðingar eftir þörfum hvers og eins nemanda. Teymin funda nokkrum sinnum yfir veturinn. Að auki mætir sérkennari í foreldraviðtöl með umsjónarkennara ef hægt er.

Í vetur þróaðist það vinnulag sem við viljum sjá áfram næsta vetur – að sérkennari sé með aðgang að Classroom bekkjanna og búi til aðlagað Classroom fyrir sína nemendur sem greinakennarar hafi aðgang að.

Einnig að kennarar nemenda með aðlagað námsmat meti eftir því.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir tvo nemendur í 9. bekk en verða að vera fleiri á næsta ári. Flestir nemendur í sérkennslu fengu aðlagað námsefni og námsmat en ekki einstaklingsnámskrá.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir 3 nemendur í 10. bekk. Flestir nemendur í sérkennslu fengu aðlagað námsefni og námsmat en ekki einstaklingsnámskrá.

Vinnan er enn heilt yfir frekar bókamiðuð og markvisst stefnt að því að hafa fleiri verkefni í tölvum á næsta ári. Einnig er það von mín að kennsla í lestri og lesskilningi geti fengið meira vægi en málfræðivinna.

Aðgangur að Cromebókum var þökkalegur þó að það vanti mikið upp á að hver nemandi geti gengið að tölvu vísri í sínu námi. Að auki fékk unglíngastig á vordögum afnot af tveimur Ipöðum sem eru vel geymdir í Námsveri.

Samstarf, verkefnaskipting og ábyrgð á námi nemenda er að skýrast eftir því sem unglíngastigsteymið vinnur lengur saman. En lengi getur gott batnað ☺